



SKOÐUN Páll Magnússon skrifar um spillingu ráðherra og afsögn. **25**



MENNING Útvíkkun Meðgönguljóða hefst með smásögu á Vísi í dag. **38**



LÍFID Pabba-kroppurinn er kominn í tísku og þykir flottari en þvottabrettið. **48**



SPORT Fékk magakveisu fyrir fyrsta leik en spilaði samt og skoraði. **52**



NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SNILLD Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
7. maí 2015
106. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Kynjamisrétti í læknastétt
Lægri laun ljósmæðra stafa að hluta af kynjamisrétti í læknastéttinni segir formaður Ljósmæðrafélags Íslands. **6**

28 þúsund ótækt Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir ótækt að bjóða verkafólki 28 þúsund króna launahækkun þegar formaður Samtaka atvinnurekenda semji við hluta síns starfsfólks um 310 þúsund. **4**



Bretar kjósa í dag Hvorki íhaldsflokkurinn né Verkamannaflokkurinn fær meirihluta í þingkosningum í Bretlandi í dag ef marka má skoðanakannanir. **16**

Skýrði málin Seðlabankastjóri segir að erlendis gæti misskilnings varðandi framkvæmd neyðarlaganna. Íslendingar hafi ekki látið bankana hrynja og ekki þjóðnýtt þá. **22**



2 SÉRBLÖÐ

Útivist | Fólk



PRÖNG Á PINGI Eins og sést á þessari mynd frá í gær er bekkurinn orðinn ísýggilega þétt setinn í svínabúum landsins þar sem engum skepnum er slátrað í verkfalli dýralækna innan BHM.

Neyðarástand á svínabúum

Svínabú landsins eru orðin yfirfull og þurfa nauðsynlega að losa grísi til slátrunar. Dýralæknar samþykkja ekki að leyfa slátrun beint til vinnslu. Svínabændur saka dýralækna MAST um að hundska lög um velferð dýra.

VINNUMARKAÐUR Neyðarástand er á allflestum svínabúum. Eftirlitsdýralæknar sögðu undanþágufnefnd 30. apríl að slátra þyrfti um 2.700 grísum á sex búum þar sem þéttleiki á búunum bryti í bága við lög um velferð dýra. Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélagssins, segir stöðuna grafalvarlega. „Nú erum við á þriðju viku verkfalls og það hefur engu verið slátrað frá okkur svínabændum allan þennan tíma. Nú er orðið allt of

þröngt um gripina á búunum,“ segir Hörður. Charlotta Oddsdóttir, talsmaður Dýralæknafélags Íslands, harmar þá stöðu sem upp er komin á búunum. „Þær undanþágur sem sótt hefur verið um fram að þessu hafa allar byggt á því að slátra til að setja kjöt á markað. Við getum ekki sætt okkur við það,“ segir Charlotta. Samninganefndir BHM og ríkisins hittust á mánudaginn en út úr

þeim fundi kom ekkert. Charlotta segir stefna í lengra verkfall. „Við erum ekki í þessu til að vera andstyggileg við bændur, einungis að sýna hvað við gerum í ríkisins þágu. Það er ávallt einhver þriðji aðili á milli í svona kjaradeilum. Það er hins vegar ekkert að gerast í átt að samkomulagi. BHM lagði fram tillögur á síðasta fundi sem voru varla ræddar og ríkið virðist ætla að halda áfram að hlusta ekki á tillögur til sátta,“ segir Charlotta. - sa / sjá síðu 10



Við erum ekki í þessu til að vera andstyggileg við bændur, einungis að sýna hvað við gerum í ríkisins þágu.

Charlotta Oddsdóttir, talsmaður Dýralæknafélags Íslands.

Peim fjölgar sem nefna andlega vanlíðan sem ástæðu brotthvarfs úr skóla: Einn skóli býður sálfræðihjálp

MENNTAMÁL Þeim framhaldsskólanemum fjölgar sem hætta námi vegna andlegra veikinda. Á sama tíma er sálfræðihjónusta aðeins í boði í einum af 31 framhaldsskóla á landinu sem rannsókn Námsmatsstofnunar á ástæðum brotthvarfs úr framhaldsskólum nær til. Krístrún Birgisdóttir, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, annast rannsóknina. Að sögn Krístrúnar er nauðsynlegt að bregðast strax við þeirri staðreynd að þeim nemendum fjölgar sem gefa andleg veikindi upp sem ástæðu brotthvarfs úr skóla – og spyr hversu vel skólarnir séu tilbúnir til að takast á við þennan vanda.

Um nokkurt skeið hefur Krístrún hvatt til samvinnu á milli mennta-, heilbrigðis-, og velferðarkerfisins til að takast á við að minnka brotthvarf frá námi og segir hún að styðja þurfi fjárhagslega við bakið á þeim skólum sem taka við nemum í hvað mestri brotthvarfshættu. Krístrún bendir á að nemendum sem ekki skiluðu sér í próf fækkaði á milli anna. Sökum þess að skráning nær ekki yfir þá nemendur sem hættu á milli anna sé hins vegar varhugavert að álykta af þeim niðurstöðum einum að brotthvarf úr framhaldsskólum sé að minnka.



KRÍSTRÚN BIRGISDÓTTIR Skólar þurfa að taka á vandanum.

97 nemendur hættu á haustönn 2014 vegna andlegra veikinda.

KRÓNAN
ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ
ef keypt eru 10 stk.
- annars 50 kr. stk.


Kringlan

7.-11. MAÍ

KRINGLU KAST

NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

20% TIL 50%



Í dag er útlit fyrir mjög svipað veður og var í dag. Þeir sem ætla að njóta sólarinnar sunnan- og vestanlands þurfa að finna sér gott skjól sunnan undir vegg, því norðanáttin verður áfram köld. Búast má við næturfrosti um allt land.

SJÁ SÍÐU 36

Íbúi í Hafnarfirði kærði vegna fjölda hunda hjá nágrönnum en heilbrigðisnefnd synjaði takmörkunum: Segir nágranna ganga of langt með kæru

DÝR „Ég get ekki fullyrt að hundarnir hafi aldrei valdið ónáði og ég hef beðist velvirðingar á því í svari til heilbrigðisnefndarinnar. En núna finnst mér þetta gengið of langt,“ segir Elma Cates um kvartanir undan hundum sem hún á.

Íbúi við Fífuvelli í Hafnarfirði er ósáttur við hundahald nágranna sinna en hann segir að mikið ónáði skapist í hverfinu vegna þessa. Maðurinn telur að nágrannarnir stundi hundarækt án tilskilinnar leyfa.

Maðurinn kvartaði í september í fyrra yfir hundahaldi nágranna sinna við Fufuvelli til heilbrigðiseftirlitsins sem hafnaði þeirri beiðni að takmarka hundahald nágrannanna og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála staðfesti síðar þá afgreiðslu.

Kærandinn benti á að í reglugerðum um hundahald segði að ef aðili gerist uppvis á því að stunda starfsleyfisskylda starfsemi án leyfa beri að stöðva hana. Vegna

fjölda hunda á heimili nágrannans væri í raun um starfsskylda starfsemi að ræða.

„Það er bara ekki rétt,“ segir Elma Cates. „Ég hef leyfi fyrir fjóra hunda og á fjóra hunda,“ segir hún.

Þó segir Elma að stundum passi hún hunda dætra sinna og þá séu þeir fleiri á heimilinu.

„Hingað komu fulltrúar frá eftirlitinu og skoðuðu aðstöðuna og sögðu að hér væri allt til fyrirmyndar.“



HJÓLAD MEÐ HUNDANA Elma með hunda sína og dætra sinna.



MYNDR FORFEÐRANNA Göngufólkið bar spjöld með ljósmyndum af ættingjum sínum, sem tóku þátt í seinni heimsstyrjöldinni.

Rússar minnst þess að sjöttíu ár eru liðin frá seinna stríði:

Hinna ódauðlegu minnst

RÚSSLAND Þúsundir manna komu saman í stærstu borgum Rússlands í gær til þess að minnst þess að sjöttíu áru eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Farið var í göngur til að minnst „ó dæuðlegu herdeildarinnar“, sem svo er nefnd, þeirra sem féllu í Föðurlandsstríðinu mikla, eins og Rússar kalla heimsstyrjöldina síðari.

Sigurdagurinn sjálfur er þó ekki haldinn í Rússlandi fyrr en á laugardaginn, 9. maí. Ekki fékkst hins vegar leyfi stjórnvalda til þess að halda þessar göngur þann dag.

Lítill von í veðurkortunum:

Kuldatíðin ekki á undanhaldi

VEÐUR „Það er ekki útlit fyrir miklar breytingar á næstunni,“ sagði Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Á tíu daga spá Veðurstofunnar er ekkert sem gefur til kynna að hlýna taki á næstunni.

„Það verður að öllum líkindum svipað hitastig næstu daga og núna ef ekkert óvænt kemur upp á,“ segir hún. „Það gæti hugsanlega eitthvað breyst seinni part næstu viku.“

Veður næstu daga verður enn við frostmark norðan og austanlands og töluvert verður um næturfrost sunnan- og vestanlands.

Viðræður komnar í strand:

Fleiri aðilar boða verkföll

KJARAMÁL Nokkur stéttarfélag slitu kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins í gær.

Í tilkynningu frá nokkrum stéttarfélögum kemur fram að viðræður við SA hafi verið árangurslitlar og mikið sé um ágreining.

Félögin munu beina því til félagsmanna sinna að samþykkja heimildir til að hrinda af stað verkfallsaðgerðum.

Félögin sem um ræðir eru Rafiðnaðarsamband Íslands, Matvís, Samiðn, Grafís stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, Félag hársnyrtisveina og Félag vélstjóra og máltækninga.

Nýtt nafn fyrir betri möguleika á atvinnu

Patrycja Wittstock Einarsdóttir skipti um eftirnafn til þess að eiga meiri möguleika í atvinnulífinu. Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna segir hulda fordóma vera í samfélaginu gagnvart fólki með erlend nöfn og það fái síður tækifæri.

SAMFÉLAGSMÁL „Ég hélt þetta skipti engu máli en svo fóru fleiri að segja mér frá því að erlenda eftirnafnið gæti haft áhrif á það hvort ég fengi vinnu,“ segir Patrycja Wittstock Einarsdóttir, sem breytti föðurnafni sínu til þess að eiga auðveldara með að fá vinnu.

Patrycja skrifaði pistil inn á síðuna vertunaes.is sem hefur vakið mikla athygli. Þar sagði hún frá því hvernig hún hafði sótt um yfir fjörutíu sumarvinnur en aðeins fengið eitt svar. Hún hafi svo í komist í atvinnuviðtal í fyrirtæki þar sem amma hennar þekkti til.

Í viðtalinu sá Patrycja að umsókn hennar var í bunka með umsóknum merktum erlendum nöfnum. Hún fékk starfið en ákvað eftir það að skipta um eftirnafn.

„Þetta kom mér á óvart því ég hef aldrei upplifað fordóma áður,“ segir Patrycja, sem flutti til Íslands frá Póllandi ásamt móður sinni þegar hún var fimm ára.

Mæðgurnar fluttu til fósturföður hennar á Ísafirði þar sem hún bjó þar til hún hafði klárað menntaskóla.

„Á Ísafirði þekktu allir alla og nöfnin skipta ekki máli,“ segir hún. Þegar hún hins vegar fór að sækja um sumarstörf í Reykjavík horfði málið öðruvísi við. „Maður fékk á tilfinninguna að það væri ekki einu sinni kíkt á umsóknina út af nafninu,“ segir Patrycja.

Eftir að Patrycja fór að segja frá þessu, meðal annars í erindi á Jafnréttisdögum, hefur hún fengið mikil viðbrögð. „Það hafa margir sagt vera að lenda í því sama.“

Ania Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna,



SKIPTI UM NAFN Patrycja ákvað að breyta eftirnafni sínu til þess að eiga meiri möguleika á því að komast í atvinnuviðtal.



Ania Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

“Fólk er kannski ekki að tala illa um innflytjendur en þeir hafa ekki sömu tækifæri.”

segist hafa heyrt mörg dæmi um að fólk telji erlent nafn hindra að það hljóti sömu tækifæri og þeir sem eru með íslenskt nafn.

„Margir standa undir öllum kröfum í umsóknum en fá ekki einu sinni svar. Við könnumst við margar sögur frá fólki sem hefur lent í þessu og velt fyrir sér hvort

þetta sé ástæðan en auðvitað er ekkert hægt að fullyrða um það,“ segir Ania. „Ég held það sé mikið af huldu fordómum hér, fólk er kannski ekki að tala illa um innflytjendur en þeir hafa ekki sömu tækifæri.“

Ania segist hafa heyrt dæmi þess að fólk sendi inn atvinnuumsóknir með íslensku eftirnafni til þess að eiga meiri möguleika á að komast í viðtal. Ania bendir á að þetta einskorðist ekki við atvinnu- markaðinn þó það sé líklega mest þar.

„Þetta á líka við um leigu- markaðinn. Stundum meira segja er tekið fram í auglýsingum að útlendingum verði ekki leigt,“ segir Ania Wozniczka.

viktoria@frettabladid.is

20% AFSLÁTTUR
Í DAG

Í tilefni af 2 ára afmæli okkar verða allar vörur með 20% afslætti í verslun INDISKA í dag.

Velkomin!

INDISKA
Kringlan | 588 2300

Háskólanemar í nýsköpun þróa nýja vefsíðu fyrir gæludýraeigendur:

Gæludýr í pössun gegn um netið

NÝSKÖPUN „Okkur fannst vanta þjónustu sem sameinar úrræði fyrir gæludýraeigendur þegar kemur að pössun í lengri eða skemmri tíma,“ segir Axel Ingi Kristinsson. Ásamt fimm samnemendum sínum í nýsköpunar-áfanga í Háskólanum í Reykjavík hefur Axel unnið að því að þróa heimasíðu sem ber nafnið PetMe.

„Þetta byggir á því að gæludýraeigendur sem eru til dæmis að fara í frí geta nýtt sér síðuna og fundið þar fólk sem er tilbúið til þess að taka að sér dýrin á meðan. Það yrði einnig í boði að fólk gæti komið heim til annarra og gefið kettinum til dæmis að borða eða fara í göngutúra með hunda reglulega,“ segir Axel.

Hugmyndin er í anda vefsíðna á borð við AirBnb og Uber nema það snýr að gæludýrum. Fólk ákveður sjálft gjaldið sem það tekur fyrir þjónustuna.

Axel segir viðbrögðin við hugmyndinni góð, bæði frá gæludýraeigendum og dýraunnendum, sem myndu vilja taka að sér dýr. Þau telji markað fyrir slíkt úrræði, bæði hérlendis og erlendis.

„Við gerðum markaðsúttekt þar sem við ræddum við fleiri hundruð manns. Þetta er líka persónulegri þjónusta en er í boði fyrir dýr núna á dýrahótelum.“

Til þess að tryggja gæði þjónustunnar þá yrði síðan



HÓPURINN Andrea Gunnarsdóttir, Davíð Karl Wíium, Berglind Dúna Sigurðardóttir, Aníta Arnþórsdóttir, Elfa Björnsdóttir, Axel Ingi Kristinsson og hundurinn Askur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI byggð upp á þann hátt að notendur myndu gefa einkunnir.

„Eigendur og veitendur þjónustunnar gefa hver öðrum einkunn eftir að viðskiptum lýkur og umsögn sem eykur hvatann til þess að standa sig vel,“ segir Axel.

Hópurinn vonast til að fá fjárfesta með sér svo verkefnið geti orðið að veruleika.

viktoria@frettabladid.is

7.-11. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

KRINGLU KAST

NÝJAR VÖRUR
Á AFSLÆTTI

20%
TIL
50%

OPIÐ TIL **21** Í KVÖLD

Kringlan



NOKKRAR STÆRÐIR TENGDAR VERKFALLSAÐGERÐUM OG KJARABARÁTTU

18 DAGAR

Dýralæknafélag Íslands hefur verið í verkfalli í átján daga, verkfall dýralækna hefur stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Á þessum tíma hefur fjögur þúsund svínnum ekki verið slátrað.



16

ADILDARFÉLÖG

Önnur verkfallslosta 16 aðildarfélaga SGS hófst á miðnætti og stndur yfir til miðnættis í kvöld.

201.317 kr.

er lægsti grunntaxti launa innan SGS og upphafsreitur launatöflu á almenna vinnumarkaðnum. Flestir hópar eru með laun frá 207.814 til 222.030 kr.

300.000 kr.

Krafa SGS er að lægstu taxtar verði komnir í 300.000 kr. innan þriggja ára.

10.000

félagsmenn SGS

á landsbyggðinni lögðu niður störf á miðnætti 6. maí og snertir verkfallið rúmlega 1.500 fyrirtæki.



NÚMER 3.000

Í gær var karlmanni í krabbameinsmeðferð á Landspítala tjáð að hann væri sá þrjúþúsundasti í bið eftir myndatöku til að fá úr því skorðið hvort hann ætti að halda áfram krabbameinsmeðferð eða ekki.

VERKFALLSAÐGERÐIR SEM ERU Í GANGI

Í dag er seinni lota tveggja daga allsherjarvinnustöðvunar aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins. Félögin sem þar eru undir eru:

- AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Verkalýðsfélag Þórshafnar.
- Aðgerðir félaganna hafa mestanpart áhrif utan höfuðborgarsvæðisins, en ná til bróðurparts landsins og hafa áhrif á fjölda vinnustaða. Meðal annars verður röskun á pósthjónustu, Domino's er lokað á Selfossi, Akranesi og á Akureyri, fiskvinnslur eru stopp, skólaakstur liggur niðri og margvíslegt annað.

Pá stendur enn ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga Bandalags háskólanna (BHM). Í dag er 31. dagur í verkfalli fimm þeirra:

- Félag geislafræðinga – verkfall þeirra hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans í þá veru að ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
- Félag lífeindafræðinga – verkfall þeirra hefur sömuleiðis áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum, en lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaförum, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala – náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu koma meðal annars að hlutum sem snerta frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfraði og kerfislíffræði.
- Ljósmeðrafélag Íslands á Landspítala (pri., mið. og fim.) – verkfall ljósmeðra raskar starfsemi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
- Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu – verkfallið veður því að ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.
- Pann 9. apríl hófst ótímabundið verkfall félaga í Ljósmeðrafélagi Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er verkfall á mánudögum og fimmtudögum og eru þær aðgerðir því á 29. degi.

Pá hefur verkfall í dag staðið í 18 daga hjá eftirtöldum félögum, en það hófst 20. síðasta mánaðar:

- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun – verkfallið hefur áhrif á margvíslega starfsemi stofnunarinnar, svo sem vegna eftirlits með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
 - Stéttarfélag háskólanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun – verkfall háskólanna raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum sem unnar eru hjá MAST.
 - Dýralæknafélag Íslands – verkfallið hefur stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu því uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við hvers konar slátrun og einnig vegna innflutnings dýraafræða. Þá raskast eftirlit sem haft er með heilbrigði og velferð dýra.
 - Að auki stendur svo yfir verkfall Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslu ríkisins. Þær aðgerðir hófust 20. apríl og standa til 8. þessa mánaðar. Í byrjun verkfalls var veitt undanþága til þess að hægt yrði að greiða út barnabætur, en óvíst með frekari undanþágur. Náist ekki samningar hefst ótímabundið verkfall 11. maí.



Stór hluti atvinnulífs lamaður úti á landi

Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir ótækt að bjóða verkafólki 28 þúsund króna launahækkun á þremur árum þegar formaður SA semji við hluta síns starfsfólks um 310 þúsund á tveimur árum. Segir hræsni einkenna málflutning SA.

Misræmi er í kröfu sem Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA), setti fram á ársfundi samtakanna um að verkalýðshreyfingin sýni ábyrgð og samningum sem hann gerði sjálfur við flugmenn sína sem forstjóri Icelandair Group. Þetta segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, sem í gær birti á vef samtakanna samningana sem Icelandair gerði við flugmenn sína.

„Við stöndum frammi fyrir kröfum um 30 til 50 prósentu launahækkunar á sama tíma og efnahagslegt svigrúm er fyrir einn tíunda af kröfunum,“ sagði Björgólfur á fundinum. „Það fylgjast allir með og sérstök launahækkun eins hóps leiðir óhjákvæmilega til aukinna krafna annarra.“

Vilhjálmur segir rétt að halda til haga að samningurinn við flugmenn Icelandair sé gerður á undan lækna-samningunum.

„Hverjir voru það sem ruddu brautina þarna?“ spyr Vilhjálmur. Í þessu ljósi sé undarlegt að Björgólfur hafi leyft sér að „hundskamma“ verkalýðshreyfinguna á ársfundi SA fyrir að sýna ekki ábyrgð. „Vitandi hvaða samning hann var búinn að gera við hluta af sínum starfsmönnum þar sem hækkunar voru allt að 310 þúsund krónum.“

Vilhjálmur segist hins vegar ekki gagnrýna flugmenn og flugstjóra fyrir að landa góðum samningi. „Ég er bara að benda á hræsni, sem riður ekki við einteyming hjá Samtökum atvinnulífsins,“ segir hann.

Næsti fundur í kjaradeilu Starfsgreinasambandsins er á morgun, en í dag er seinni hluti tveggja daga verkfalls sem lamar ýmsa starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

En af því að áhrifin eru úti á landi telur Vilhjálmur ef til vill að síður sé brugðist við í borginni við samningaborðið.

„Menn virðast hafa af því mest-



FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP
Björgólfur Jóhannsson er, auk þess að vera forstjóri Icelandair Group, formaður Samtaka atvinnulífsins. Icelandair gekk um áramót frá tveggja ára kjarasamningi við flugmenn sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Launahækkun flugmanna og flugstjóra

Flugmenn lægsta þrep (1)	Grunnlaun	Vaktaálag	Föst laun
Fyrir samning	426.687 kr.	140.807 kr.	567.493 kr.
1. okt. 2016	512.780 kr.	169.217 kr.	681.998 kr.
Mismunur	86.093 kr.	28.410 kr.	114.505 kr.
Hlutfallshækkun	20,18%	20,18%	20,18%

Flugmenn hæsta þrep (25)	Grunnlaun	Vaktaálag	Föst laun
Fyrir samning	789.456 kr.	260.520 kr.	1.049.976 kr.
1. okt. 2016	948.746 kr.	313.086 kr.	1.261.832 kr.
Mismunur	159.290 kr.	52.566 kr.	211.856 kr.
Hlutfallshækkun	20,18%	20,18%	20,18%

Flugstjórar lægsta þrep (1)	Grunnlaun	Vaktaálag	Föst laun
Fyrir samning	533.358 kr.	176.008 kr.	709.366 kr.
1. okt. 2016	659.447 kr.	217.618 kr.	877.065 kr.
Mismunur	126.089 kr.	41.610 kr.	167.699 kr.
Hlutfallshækkun	23,64%	23,64%	23,64%

Flugstjórar hæsta þrep (25)	Grunnlaun	Vaktaálag	Föst laun
Fyrir samning	986.819 kr.	325.650 kr.	1.312.470 kr.
1. okt. 2016	1.220.110 kr.	402.636 kr.	1.622.746 kr.
Mismunur	233.291 kr.	76.986 kr.	310.276 kr.
Hlutfallshækkun	23,64%	23,64%	23,64%

Prep hækkana flugmanna og flugstjóra	1. okt. '14	1. jan. '15	1. okt. '15	1. okt. '16	Alls
Flugmenn	3,5%	2,7%	6,3%	6,3%	20,18%
Flugstjórar	3,5%	3,6%	7,3%	7,3%	23,64%

ar áhyggjur að ekki fáist hamborgarar í Reykjavík meðan stór hluti atvinnulífsins er lamaður úti á landsbyggðinni,“ segir Vilhjálmur og bendir á að víða sé engin fiskvinnsla í gangi, ferðaþjónusta liggir

niðri og á Akranesi verði leikskólar lokaðir á morgun vegna þess að þeir hafi þá ekki verið þrífir tvo daga í röð. „En menn vakna kannski þegar höfuðborgarsvæðið hikstar.“

olikk@frettabladid.is

Reynslusögur af áhrifum yfirstandandi verkfallsaðgerða:

Engin krabbameinsskoðun gerð

María Davíðsdóttir greindist með krabbamein fyrir fimm árum. Hún fékk af því bata en vegna veikindanna þarf hún að fara í skoðun á hálfis árs fresti til að skima fyrir krabbameini. Nokkuð er um að veikindi af því tagi sem hrjáðu hana taki sig upp aftur og hver skoðun vekur því skiljanlega með henni kvíða. Nú kemst hún hins vegar ekki í þessa skoðun vegna verkfallsaðgerða BHM. „Það er útilokað að ég komist í sneiðmyndatöku vegna verkfallsaðgerðanna. Það vekur kvíða og spennu en nógur er kvíðinn fyrir hverja skoðun, tveimur vikum áður en ég þarf að mæta í skoðun er

ég vanalega kvíðin en nú má segja að ég sé í öngum mínum.“

Hún segir enda miklu máli skipta að brugðist sé skjótt við ef krabbameinið tekur sig upp aftur. „Ég greindist með skætt krabbamein, hver mánuður gæti skipt máli upp á greiningu og meðferð og ég veit það eru margir í mínum sporum þessa dagana. Við fáum ekki góða úrlausn mála fyrr en verkfallið leysist. Enn meira er líklega



MARÍA DAVÍÐSDÓTTIR

andlegt álag sem nýgreindir finna fyrir, fólk sem veikist af krabbameini vill ekki bíða eftir meðferð eða að tafir verði á henni,“ bætir hún við. María er hjúkrunarfræðingur og gæti sjálf verið á leiðinni í verkfall. „Ástandið er skelfilegt og er að verða ólíðandi. Við erum hugsanlega að fara í verkfall nú í lok maí, ég má eiginlega ekki til þess hugsa.“ - kbg

Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á ritstjorn@frettabladid.is.



DANSANI®

Uniq 4202

Glæsilega hannaður og vandaður sturtuklefi. Auveldur í uppsetningu



Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

TEMPERED GLASS EN14428

FRÁBÆR
GÆÐI /
GOTT VERÐ

Til hamingju með 50 ár af grænni orku!

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, einni dýrmætustu auðlind Íslendinga. Norðurál notar rafmagnið til að framleiða ál, umhverfisvænan málm sem endurvinna má nánast endalaust.

Á þeim 18 árum sem við höfum starfað höfum við flutt út um þrjár milljónir tonna af áli. Það eru verðmæti upp á 900 milljarða á markaðsverði dagsins í dag, atvinna fyrir um 600 starfsmenn og rúmlega 1.000 til viðbótar, sem hafa atvinnu af fjölbreyttri þjónustu við fyrirtækið.

Við þökkum Landsvirkjun farsælt samstarf og óskum fyrirtækinu til hamingju með árangur og vöxt í hálfu öld.

SPURNING DAGSINS



Erlingur, mun nýja myndin heita „Boyhood part 2“?

Nei, ég held að við munum halda í upprunalega nafnið.

Erlingur Jack Guðmundsson vinnur að bandarískri endurgerð á Benjamín dúfu. Cathleen Sunderland vinnur einnig að myndinni en hún framleiddi kvikmyndina Boyhood.

Tilkynningurm vegna heimilisofbeldis fjölga og á næstu mánuðum kemur í ljós hvort ákærum fjölgi:

Býst við fleiri heimilisofbeldisákærum

LÖGREGLUMÁL Þrátt fyrir að tilkynningum um heimilisofbeldismál hafi fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu fyrstu mánuði ársins þá er ekki enn ljóst hvort ákærum í slíkum málum fjölgi.

Í síðustu viku sagði Fréttablaðið frá því að á tímabilinu 12. janúar til 11. mars á þessu ári hefðu komið 104 mál tengd heimilisofbeldi á borð lögreglu og er fjölgunin rakinn til átaks gegn heimilisofbeldi sem sett var í gang í janúar.

Að sögn Öldu Hrannar Jóhannesdóttur aðstoðarlögreglustjóra er ekki ljóst að svo stöddu hvort fjölgun tilkynninga um heim-

ilisofbeldi skili sér í fleiri ákærum í þessum málaflokki.

„Það tekur nokkurn tíma að sjá ákæruhlutfallið, ég myndi halda að lágmarki 6 mánuði en allt að einu ári,“ segir Alda Hrönn.

Það sé þó líklegt að ákærum muni fjölga, þar spili inn í breytt verklag lögreglu sem kemur inn í málin af auknum krafti í upphafi þeirra. Það hafi líka sýnt sig á Suðurnesjum eftir að sett var í gang þar átak gegn heimilisofbeldi að það hafi skilað sér í fjölgun sakfellinga hjá Héraðsdómi í heimilisofbeldismálum.



MIKIL FJÖLGUN 104 heimilisofbeldismál komu á borð lögreglu á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt uppsjávarskip tekur fullfermi í kælilestir:

Nýr Bjarni Ólafsson



BJARNI ÓLAFSSON AK Til landsins í gær en fer til kolmunnaveiða í dag. MYND/HÁKON ERNUSON

skipstjóri á Bjarna Ólafssyni AK, í frétt á heimasíðu Síldarvinnslunnar.

SJÁVARÚTVEGUR Nýr Bjarni Ólafsson AK kom til Neskaupstaðar á mánudag.

Nýja skipið leysir af hólmi eldra skip með sama nafni. Það er smíðað 1999 og er keypt frá Noregi. Burðargetan er 1.980 tonn. Unnt er að kæla allan aflann í lestum skipsins.

„Þetta skip er betra togskip, burðarmeira og allur aðbúnaður og tækjabúnaður er betri en í gamla skipinu,“ segir Gísli Runólfsson.

- shá



Aðalfundur Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins

19. maí 2015 - Borgum, Safnaðarheimili Kópavogskirkju.

Dagskrá:

15:00 Skráning og afhending gagna.

Almenn aðalfundarstörf

Aðalfundur samkvæmt lögum FSH

*Skýrsla stjórnar.

*Reikningar lagðir fram til samþykktar.

*Kosning stjórnar.

*Kosning tveggja skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda.

*Fjárhæð árgjalda ákveðin fyrir næsta starfsár.

*Fjárhags- og starfsáætlun lögð fram til samþykktar.

*Önnur mál.

16:00 - 18:00 Hátiðardagskrá verður auglýst síðar

Ljósmaður segja launin kynjamisrétti

Áslaug Valsdóttir, formaður Ljósmaðrafélags Íslands, segir að laun ljósmaðra ættu að vera á pari við laun lækna með svipaða lengd sérnáms að baki. Hún telur lægri laun ljósmaðra að hluta stafa af kynjamisrétti sem ríki í lækna-stéttinni.

KJARAMÁL „Það er mikið að gera á kvennadeildinni þessa dagana, ástandið er erfitt,“ segir Áslaug Íris Valsdóttir, formaður Ljósmaðrafélags Íslands, en ljósmaður hafa ákveðið að herða verkfallsaðgerðir sínar eins og mögulegt er.

„Við skoðum allar undanþágur mjög vel, auðvitað samþykkjum við þær undanþágur sem þörf er á, en ekki aðrar. Börnin fæðast, við stöðvum það ekki en þetta eru óþægindi fyrir barnshafandi konur sem koma í sónar og þurfa á rannsóknum og eftirfylgni að halda.“

Áslaug segir að laun ljósmaðra og lækna ættu í mörgum tilvikum að vera jöfn. Menntun þeirra og ábyrgð sé hægt að meta jafnt til verðleika.

„Við viljum að okkar menntun sé metin til launa. Við viljum grunnlaunahækkun sem er í samræmi við laun lækna. Þeir eru í sama starfs- umhverfi og í mörgum tilvikum með jafnlangt sérfræðináms að baki. Við vinnum með þessari stétt og getum í mörgum tilfellum metið okkur jafnt til verðleika. Þar að auki eru ljósmaður sjálfbærar í starfi og bera mikla ábyrgð sem endurspeglast ekki í launum,“ segir Áslaug.

Að sögn Áslaugar grunar hana að lægri laun ljósmaðra stafi af kynjamisrétti, bæði því er ríkir í lækna- stétt í launum og því er kemur við sögu ljósmaðrastéttar.

„Ljósmaður áttu að sinna starfi sínu af góðvild, við erum enn að stríða við þetta viðhorf til stéttarinnar nú áratugum seinna. Það eru tuttugu ár síðan nám ljósmaðra var fært á háskólastig og margir eru enn fastir í gömlum viðhorfum.“

Landsspítalinn birti nýlega upplýs-



ingar er vörðuð launamun kynjanna á spítalanum og sýndu mikinn mun á milli karl- og kvenlækna. Áslaug vitnar í þá könnun.

„Kvenlæknar eru með 80% af grunnlaunum karla og eingöngu 60% af yfirvinnulaunum, þetta launamisrétti endurspeglast í okkar launum,“ segir Áslaug og vísar til þess að ljósmaður eru kvennastétt.

Árið 2008 sóttu ljósmaður kjara- bót með því loforði að það væri upphafið að leiðréttingu á kjörum þeirra að sögn Áslaugar.

„Við fengum ákveðna leiðréttingu 2008, á þeim tíma var talað um að þetta væri byrjunin. En svo hefur ekkert gerst og aðrar stéttir hafa nálgast okkur í launum. Hjúkrunarfræðingar eru mjög nálægt okkur í kjörum með tveimur árum skemmra nám að baki. Við ætlum að halda þetta út í þetta sinn.“

„Ljósmaður áttu að sinna starfi sínu af góðvild, við erum enn að stríða við þetta viðhorf til stéttarinnar.“

Áslaug Íris Valsdóttir, formaður Ljósmaðrafélags Íslands.

Enn hafa ljósmaður ekki fengið greidd full laun vegna vinnu í apríl- mánuði en Fjársýsla ríkisins hélt mestum hluta launa þeirra eftir vegna verkfalls þeirra í apríl. Sumar þeirra sem fengu ekki greitt lögðu aðeins niður vinnu í einn dag.

„Við höfum ekki einu sinni fengið að vita hvernig og hvenær við getum sótt laun okkar,“ segir Áslaug frá og segir skaðann mikinn fyrir fjárhag heimilis þeirra.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Framkvæmdanefnd mun ekki ljúka störfum sínum fyrr en í lok sumars:

Enn vankantar á Ferðabjónustu

SAMGÖNGUR Enn eru hnókrar á þjónustu Ferðabjónustu fatlaðra. Framkvæmdaráð hefur starfað frá því í mars við að koma framkvæmdum neyðarstjórnar Strætó í gagni.

Mikið hefur verið fjallað um ferðabjónustu fatlaðra frá því breytingar voru gerðar á þjónustunni um áramót. Fjöldi atvika kom upp þar sem meðal annars öryggi farþega var stefnt í hættu auk þess sem bílar komu seint, komu ekki eða margir bílar komu á sama stað að sækja einn farþega.

Að sögn Þorkels Sigurlaugssonar, formanns framkvæmdanefndarinnar, hefur þessum atvikum farið fækkandi þó að ekki hafi tekist í öllum tilvikum að koma í veg fyrir þau.

„Það er alveg rétt að þjónustan er ekki enn komin í það form sem við erum sátt við,“ segir Þorkell. Auglýst hefur verið eftir sviðsstjóra sem mun bera ábyrgð á þjónustunni. „Það vantar samræmingar- og samhæfingaraðila sem tekur að sér að tryggja það að þessi þjónusta verði betri, liprari og öruggari,“ segir Þorkell.

Smári Ólafsson, sem var sviðsstjóri akstursþjónustu, hefur sagt upp störfum. Þorkell segir stöðu þess sviðsstjóra sem ráðinn verði í staðinn verða sérhæfðari.



ÞORKELL SIGURLAUGSSON Þjónustan enn ekki nógu örugg segir formaður framkvæmdanefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Störfum framkvæmdanefndarinnar lýkur ekki fyrr en í lok sumars.

„Okkar störfum lýkur ekki fyrr en í ágúst, byrjun september, þegar við teljum okkur vera búin að koma þessu til framkvæmdar,“ segir Þorkell.

Þegar nefndin hefur skilað sínu þá mun Samband sveitarfélaga koma með tillögur um það hvernig þjónustunni verði háttáð til framtíðar.

-vh

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju



Dropi

Náttúrulegt kaldunnið þorskalýsi

Dropi er nýtt íslenskt þorskalýsi, ríkt af omega-3 fitusýrum og 100% náttúrulegum A og D vitaminum. Fyrsta flokks íslensk náttúruafurð.

L'EAU

ORKUGEFANDI ILMUR
LAIT CORPOREL

NÝTT



BIOThERM

BIOThERM BOMBA

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM,
SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 7. – 13. MAÍ.

Dekraðu við húðina með Skin Best kremum, mýkjandi og nærandi body lotion og gefðu húðinni langþráðan sólarlysstan lit með sjálfbrúnandi vörum.



Glæsilegur kaupauki* þegar keypt er fyrir 6.900 kr. eða meira.

VARA Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI:

- SKIN BEST krem og nýja LIQUID GLOW olían.
- SJÁLFBRÚNANDI krem, olía og serum.
- 400 ml body lotion með pumpu.
- NÝ LAIT CORPOREL BB body mjólk.

**+ HAGKAUPS
TAX FREE
7. – 11. MAÍ.**



Með Skin Best LIQUID GLOW þurru olíunni stjórnar þú ljómanum: berðu dropa á húðina þar sem óskað er, notaðu hana eins og maska eða næturkrem eða blandaðu henni einfaldlega við SKIN BEST kremið þitt fyrir aukinn ljóma. Bylting í olíum fyrir andlit með Astaxanthin, einu öflugasta andoxandi efni náttúrunnar. Húðin verður strax mýkri og ljómandi. **HENTAR VIÐKVÆMRI HÚÐ – ÁN PARABENA.**

*Meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARID?



1. Hvar leggur kjötafurdastöð Kaupfélags Skagfirðinga mesta áherslu á markaðssetningu?
2. Hver var gjaldfærð leiga Fríhafnarinnar í fyrra?
3. Hjá hvaða liði verður Helena Sverrisdóttir aðstoðarþjálfari næsta vetur?

SVÖR:
Hlunkur
1. Í Rússlandi. 2. 2,9 milljarðar. 3. Hjá

Benjamín Netanjahú myndar nýja ríkisstjórn, sex vikum eftir kosningar:

Hangir á naumum meirihluta

ÍSRAEL Benjamín Netanjahú tókst að ljúka við stjórnarmyndun í gær, rétt áður en fresturinn sem hann hafði til þess rann út. Þingmeirihluti nýju stjórnarinnar er þó afar naumur: stjórnarflokkarnir eru með 61 þingmann af 120.

Likudflokkur Netanjahús hlaut 30 þingsæti í kosningunum 18. mars. Netanjahú hafði tekist að fá í lið með sér tvo flokka strangtrúargyðinga, UTJ og Shas, sem samtals hafa þrett-



BENJAMÍN NETANJAHÚ

án þingmenn. Einnig hafði nýr flokkur, Kulana, gengið til liðs við stjórnina með tíu þingmenn.

Í gær samdist svo um það að flokkur Naftalí Benets, Heimkynni gyðinga, kæmi til liðs við nýju stjórnina með sína

átta þingmenn, þannig að samtals verður stjórnin með eins nauman meirihluta og hægt er að komast af með.

Ísraelskir fjölmiðlar segja þó að Netanjahú hefði heldur kosið að hafa Sionistabandalagið með í stjórninni, frekar en Heimkynni gyðinga. Sionistabandalagið er flokkabandalag Verkamanna-flokksins og flokks Tzipi Livni. Netanjahú er sagður halda þeim möguleika opnum að skipta á þeim síðar.

Funda um stöðu smáríkja: Sigmundur á smáþjóðafundi

UTANRÍKISMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sótti ráðstefnu um málefni norðurslóða og stöðu smáríkja í Liechtenstein og Sviss í gær.

Hann tekur þátt í umræðum sem bera yfirskriftina „Small and proud“ ásamt forsætisráðherra Möltu, utanríkisráðherra Gana og ríkisstjóra Delaware um stöðu smáríkja. Þá mun hann eiga fund með varaforsetisráðherra Sviss og forsætisráðherra Liechtenstein um málefni EFTA.

STÓRTÓNLEIKAR

60 ára afmæli Kópavogs

í Körnum 10. maí kl. 16. Ókeypis aðgangur – taktu daginn frá!



#kopavogur60



Dagskrá tónleikanna og aðrir afmælisviðburðir eru á kopavogur.is og á Facebook-síðu Kópavogsbæjar



GUÐ BLESSI ÍSLAND Geir Haarde forsætisráðherra boðaði landsmönnum vágleg tölendi í október 2008.

Már útskýrði endurreisnina fyrir Írum

Seðlabankastjóri segir að erlendis gæti misskilnings varðandi framkvæmd neyðarlaganna. Hann segir Íslendinga ekki hafa látið bankana hrynja. Þá segir hann einnig að bankarnir hafi ekki verið þjónnýttir.

EFNAHAGSMÁL Misskilnings hefur gætt varðandi framkvæmdina á neyðarlögunum, sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri í ræðu sinni sem hann hélt á ráðstefnu Írskrar stofnunar um alþjóðleg og evrópsk mál.

Á ráðstefnunni á Írlandi ræddi Már um fjármálakreppuna og eftirleik hennar hér á landi, einnig um það hvaða lærdóm mætti draga af reynslu Íslendinga.

„Það hefur verið fullýrt að Íslendingar hafi látið bankakerfið hrynja, með að því er virðist ágætri niðurstöðu, og að önnur ríki hefðu átt að gera það sama. Staðreyndin er hins vegar sú að Íslendingar héldu innlenda hluta bankakerfisins gangandi og það með töluverðum tilkostnaði; að öðrum kosti hefði niðurstaðan verið skelfileg.“

Sumir hafa fullýrt að bankarnir hafi verið þjónnýttir. Það voru þeir ekki. Hinir föllnu einkabankar eru enn einkafyrirtæki í slitameðferð og lúta lögum þar um. Ríkissjóður fjármagnaði að fullu einn af nýju bönkunum. Hinir tveir nýju bankarnir eru einkabankar sem eru að



Staðreyndin er hins vegar sú að Íslendingar héldu innlenda hluta bankakerfisins gangandi og það með töluverðum tilkostnaði; að öðrum kosti hefði niðurstaðan verið skelfileg.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

mestu í eigu gömlu bankanna. Því hefur líka verið haldið fram að Ísland hafi farið í greiðsluþrot og komist upp með það. Þvert á móti var greiðslugeta ríkisins varin og allar kröfur hafa verið greiddar á réttum tíma,“ segir Már.

Þá hafi lánshæfismatsfyrirtækin Moody's og S&P haldið ríkissjóði í fjárfestingarflokki í lánshæfismati sínu. Íslenska ríkið hafi því getað sótt fjármagn á alþjóðamarkaði tvisvar eftir að kreppan skall á.

jonhakon@frettabladid.is

Telja sig hafa fundið rústir Þykkvabæjarklausturs:

Fundu miklar rústir

VÍSINDI Talið er að fornleifafræðingar hafi fundið rústir Þykkvabæjarklausturs í gær.

Rústirnar, sem eru við Álftaver, fundust með hjálp jarðsjár.

Þar fundu fornleifafræðingar rústir stórrar byggingar sem þeir telja vera klaustrið.

Tíu manna hópur íslenskra og breskra vísindamanna hefur leit-

að klaustursins síðan á mánudag.

Menn höfðu áður talið að klaustrið hefði staðið þar sem Þykkvabæjarklausturkirkja stendur nú en þar fundust engin ummerki um rústir.

Klaustrið var starfandi frá árinu 1168 til síðskipta 1550 og var munkaklaustur Ágústínusarreglunnar.

- kmu / srs

BØREALIS BAND

Norðurljósabráðingur 8. maí

Tónlistarstjóri: Samúel Jón Samúelsson
Norðurljósasal Hörpu | Kl. 21:00 | Miðasala á harpa.is og í 528 5050



HARPA



DREGIÐ 12. MAÍ!

Viltu vinna íbúð?

**6 íbúðavinningar á happdrættisárinu
að verðmæti 30 milljónir hver!**

- **Nýtt happdrættisár framundan með
enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**
 - Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða
eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða
og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.**



Fylgstu með okkur á Facebook

DAS-húsið 1971 - Aðalvinningur Reynilundi í Garðabæ



DREGIÐ Í HVERRI VIKU



PRÖNGT UM Gríðarlega þröngt er orðið um gripi á sex af átta svínabúum sem dýralæknar heimsóttu til að kanna þéttleika hjá grísunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Grafalvarlegt ástand á svínabúum

Alvarleg staða er komin upp hjá svínabændum. Dýralæknar á vegum Matvælastofnunar hafa verið í verkfalli í átján daga. Lög um velferð dýra eru brotin á hverjum degi þar sem ekki fæst heimild til að slátra til vinnslu. Bændur sætta sig ekki við að slátra til að geyma í frysti.

VINNUMARKAÐUR Neyðarástand er á allflestum svínabúum. Eftirlitsdýralæknar lögðu til við undanþágunefnd þann 30. apríl síðastliðinn að slátra þyrfti um 2.700 grísum á sex búum þar sem þéttleiki á búunum væri orðinn of mikill og bryti í bága við lög um velferð dýra.

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélagssins, segir stöðuna grafalvarlega.

„Nú erum við á þriðju viku verkfalls og það hefur engu verið slátrað frá okkur svínabændum allan þennan tíma. Nú er orðið allt of þröngt um gripina á búunum og þurfum við nauðsynlega að koma þeim frá okkur í slátrun. Þetta ástand er með öllu ótækt og ég biðla til samningsaðila að ná sáttum því við svínabændur erum þeir einu sem líða fyrir þetta,“ segir Hörður.

Að sögn Harðar vilja dýralæknar veita undanþágu með því skilyrði að allt kjöt verði lagt í frost. Við það sætti bændur sig ekki.

„Dýralæknar heilbrigðisvotta

gripi fyrir slátrun og þar með er þeirra lögsögu lokið. Þeir hafa ekki getað bent okkur svínabændum á hvaða lagaheimild þeir hafa til að krefjast þessa,“ segir Hörður.

Charlotta Oddsdóttir, talsmaður Dýralæknafélags Íslands, harmar stöðuna á búunum.

„Þær undanþágur sem sótt hefur verið um fram að þessu hafa allar byggt á því að slátra til að setja kjöt á markað. Við getum ekki sætt okkur við það og bent á það samkomulag við alifuglabændur að frysta kjöt þar til verkfalli lýkur. Það var ekki eining um þetta meðal svínabænda og því er staðan þessi,“ segir Charlotta.“

Þann 30. apríl fóru eftirlitsdýralæknar á átta svínabú til að kanna ástandið. Í skýrslum dýralæknanna, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er lýst grafalvarlegu ástandi á sex búum af þessum átta. Lögðu dýralæknar til að leyfð yrði slátrun af þessum bæjum einungis vegna velferðar dýranna.

Samkvæmt lögum bera bænd-



CHARLOTTA ODDSDÓTTIR

Hins vegar er það alveg ljóst að verkfall dýralækna býr til þetta vandamál inni á búunum og því er ekki við okkur að sakast. Dýralæknar verða að sjá sóma sinn í að huga að velferð dýra þó þeir séu í kjarabaráttu,“ segir Hörður.

Á Brautarholti var niðurstaða eftirlitsins að þéttleiki væri orðinn alltof mikill og ástandið færi versnandi. Brýnt væri að tæma þrjár deildir og slátra 600 grísum til að grísa í stíum. Sama niðurstaða var á svínabúinu að Minni-Vatnsleysu þar sem þéttleiki væri of mikill og þyrfti að slátra um 220 grísum frá búinu.

Hjá Stjörnugrís að Melum í Hvalfjarðarsveit voru 2.900

ur ábyrgð á velferð dýra sinna. Hörður bendir á að það séu ekki þeir sem búi til vandann.

„Það er vissulega rétt að bændur bera ábyrgð á velferð dýranna.

→ Fagræð um velferð dýra lýsir þungum áhyggjum um af velferð dýra í verkfallinu

Fagræð um velferð dýra fundaði í gær um þá stöðu sem upp er komin vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun. Fagræðið lýsir yfir þungum áhyggjum og hvetur Matvælastofnun til að hafa náði eftirlit með velferð eldisdýra þó dýralæknar séu í verkfalli. Þéttleiki slátrudýra sé yfir leyfilegum mörkum og bregðast þurfi við því án tafar með slátrun.

„Við þær mjög erfiðu aðstæður sem verkfall dýralækna hjá Matvælastofnun veldur hefur stofnunin reynt að tryggja svo sem kostur er að dýr þurfi sem minnst að líða og hefur í því skyni sent fjölmargar beiðnir til undanþágunefndar, um leyfi til að kalla starfsfólk stofnunarinnar út til að sinna eftirliti á slátruhúsum, kanna ástand á búum og bregðast við ábendingum um brýn mál er varða dýravelferð. Undanþágur hafa verið veittar í mörgum tilvikum en þar til í morgun hafa engar undanþágur verið samþykktar vegna slátrunar á svínum,“ segir í tilkynningu frá Matvælastofnun.

gripir í of litlu rými og þyrfti því að slátra um 815 grísum til þess að þéttleikinn yrði í samræmi við reglugerð um velferð dýra.

Á Norðurlandi var ástandið á Hraukbæ í Eyjafirði á þá leið að þéttleiki væri allt að 50 yfir leyfilegum mörkum samkvæmt reglugerð um velferð svína og lagði yfirdýralæknir til að leyfa slátrun á 700 grísum til að létta á búinu.

sveinn@frettabladid.is



„Nú er orðið allt of þröngt um gripina á búunum og þurfum við nauðsynlega að koma þeim frá okkur í slátrun.“

Hörður Harðarson, formaður svínabænda

Voltaren Gel

Nú í enn STÆRRI pakka og á betra verði!

Verkjastillandi og bólgueyðandi!



* miðað við verð pr. gramm

Voltaren Gel

Inniheldur 11,6 mg af dikkófenakvívíamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgueyðandi. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aurt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetýlsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakiða eða bráða nefsilímubólgu af völdum asetýlsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/öfnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útblot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á alþækm aukaverkunum, t.d. á niuru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

DEBENHAMS

Sumarsprengja

25%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

NEMA 20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT MÁNUDAG

OFURTILBOÐ*

BARA Í DAG

FIMMTUDAGINN 7. MAÍ

40%

AF

OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD



40% afsláttur af völdum
dömu yfirhöfnum.



40% afsláttur af úrvali
af dömu náttfötum.



40% afsláttur af dömu-
skóm frá Red Herring.



40% afsláttur af úrvali
af brjóstahöldurum.
2 í pakka - Stærðir 32AA-40F.



40% afsláttur af úrvali
af barna náttfötum.



40% afsláttur af
barna stuttbuxum.



40% afsláttur af öllum
herra náttfötum.



40% afsláttur af öllum
herrasokkum frá
Debenhams.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Áhrif styttingar á brottfall ekki ljós

Rennt er blint í sjóinn með hvaða áhrif stytting framhaldsskólans hefur á brottfall nemenda. Þeim fjölga sem klára ekki skólann vegna andlegra veikinda. Einn skóli af 31 býður sálfræðipjónustu innan skólans. Námsráðgjafar undir gríðarlegu álagi vegna veikinda nema.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Með öllu er óvíst hvernig og hvort stytting framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú kemur til með að hafa áhrif á brottfall nemenda þaðan. Niðurstaðan byggir á því hvernig hverjum og einum skóla tekst að spila úr þeim breytingum sem styttingu skólans óumflýjanlega fylgir. Þetta segir Magnús Þorkelsson, skólameistari í Flensborgarskóla í Hafnarfirði, um skýrslu Námsmatsstofnunar um ástæður brottfalls framhaldsskólanna á haustönn 2014, en Magnús vinnur að doktorsritgerð um efnið.

673 ekki í próf

Ný skýrsla Námsmatsstofnunar um ástæður brottfalls úr framhaldsskólum á haustönn 2014 sýnir að samkvæmt upplýsingum frá 31 skóla voru 673 nemendur sem hófu nám á haustönn 2014 hættir í skólunum áður en til lokaprófa kom. Ein meginniðurstaða er að þeim fjölga sem segjast hafa hætt vegna andlegra og líkamlegra veikinda.

Meira álag

Magnús bendir á að í gamla kerfinu gat nemandi stytting sé leið með tilförlulega auðveldum hætti, og lokið námi á styttri tíma en fjórum árum. En í nýja kerfinu verði meira álag á nemendur. Stór áhrifaþáttur um hvort brottfall aukist eða ekki verði t.d. hvernig tekst að spila saman 10. bekk og upphafi framhaldsskólagöngunnar.

Spurður hvort meira álag sé einmitt ekki til þess fallið að auka brottfall, þar sem margir þeirra sem flosna upp úr námi eigi við persónulega erfiðleika að stríða, svarar Magnús að enginn geti svarað því fyrirfram. „Ég myndi ekki vilja spá því beinlínis ef stoðkerfi skólanna gera ráð fyrir þessu. Það sem gildir fyrir einn skóla gerir það ekki fyrir þann næsta. Skólarnir eru að taka inn svo ólíka hópa, t.d. þröngan hóp byggir á góðum ein-kunnum þegar annar skóli tekur inn alla breiddina. Þeir skólar eru með stoðkerfi sem fyrirnefndu skólarnir þurfa ekki á að halda á sama hátt. Vel má vera að það dragi úr brottfalli vegna þess að nemendur sjá ekki fyrir sér eins langa skólagöngu og þeir gera nú,“ segir Magnús.

Skólarnir vanbúnir?

Kristrún Birgisdóttir, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, skrifar í úttekt sinni að á sama tíma og þeim fjölga sem gefa upp andleg veikindi sem ástæðu megi velta því fyrir sér hversu vel framhaldsskólarnir séu í stakk búnir til að takast á við þann vanda. Kristrún segir að samkvæmt samtölum við náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna snúist störf þeirra í auknum mæli um að veita nemendum, með erfið persónuleg vandamál, þjónustu sem betur ætti heima á sviði velferðarþjónustu. Þetta hefur eðlilega þau áhrif að minni tími gefst til að sinna náms- og starfsfræðslu en markviss náms- og starfsfræðsla



Í SKÓLA Á haustönn 2014 tóku á sjöunda hundrad nemendur framhaldsskóla þá ákvörðun að hætta í skóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Andleg veikindi oft ástæða brottfalls

673 nemendur sem hófu nám á haustönn 2014 voru hættir í skólunum áður en til lokaprófa kom.

• Á framhaldsskólastigi stunduðu 26.964 nemendur nám á haustönn 2013 og má gera ráð fyrir að svipaður fjöldi hafi stundað nám á haustönn 2014.

• Niðurstöður sýna að nemendum sem ekki skiluðu sér í próf fækkaði á milli anna. Hins vegar kemur skýrt fram í skýrslunni að sökum þess að skráning nær ekki yfir þá nemendur sem hættu á milli anna sé varhugavert að álykta af þeim niðurstöðum einum að brottfall úr framhaldsskólum sé að minnka.

• Ein meginniðurstaða er að þeim fjölga sem segjast hafa hætt vegna andlegra og líkamlegra veikinda.

er eitt af því sem talið er að dragi úr brottfalli.

„Nemendur sem glíma við alvarleg andleg veikindi þurfa á sálfræðipjónustu að halda en slík þjónusta er ekki til staðar í nema einum framhaldsskóla. Niðurstöður skráninga síðustu anna hafa ítrekað sýnt að brottfall vegna andlegra veikinda er minna í þeim skóla þar sem nemendum býðst sálfræðiaðstoð innan skólans. Í framhaldinu má velja því fyrir sér hvort ekki væri til bóta að framhaldsskólum yrði gert kleift að bjóða þeim nemendum sem þurfa sálfræðipjónustu þjónustuna innan

skólanna, í stað þess að vísa þeim á úrræði utan skólans en til þess að það verði mögulegt þarf að koma til aukið fjármagn. Með því að efla sálfræðipjónustu innan skólanna eykst svigrúm fyrir náms- og starfsráðgjafa til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað,“ segir Kristrún í skýrslunni.

Þjónusta innan skólans

Magnús tekur eindregið undir að tilraun þessa skóla – Verkmenntaskólans á Akureyri – hafi skilað góðum árangri. Flensborgarskóli er í samstarfi við Félagsþjónustu Hafnar-

fjarðar en er með til athugunar hvort bjóða eigi sálfræðipjónustu innan skólans.

Varðandi hvernig tíma náms- og starfsráðgjafa er varið segir Magnús: „Ég held að fáir geri sér grein fyrir því hvað keyrslan á ráðgjafakerfi framhaldsskólanna er búin að vera ofboðsleg núna seinni árin. Það virðist ekkert vera að léttast þó að almennt sé rætt um það í samfélaginu að kreppan sé yfirstaðin og allt sé að færast til betri vegar. Óskir um aðstoð vegna andlegra veikinda eru ekkert að minnka,“ segir Magnús.



Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytum díeselvélum. Volkswagen Crafter er í boði með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Littu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftþúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth simkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjarandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá **4.596.774 kr. án vsk**

Fyrir erfiðustu verkin



FRÍHAFNARDAGAR



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 7.-11. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

AFMÆLISTILBOÐ Í ELKO SKEIFUNNI!

FJÖLDI GLÆSILEGRA AFMÆLISTILBOÐA DAGANA 7.-10. MAÍ
TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU Í VERSLUN ELKO Í SKEIFUNNI
OG BARA 1 STK. Á MANN.



40 stk.
Verð áður: 129.995
99.995
eða 9.015 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortlán,
alls 108.175 kr. - ÁHK 10,2%

A++ | 8 | B
Orkuflokkur | Kg | Þétting

SAMSUNG
PURRKARI
DV80F5E5HGW



33% afsláttur
30 stk.
Verð áður: 14.816
9.995

Canon
FJÖLNOTATÆKI-PIXMA MG 4250
MG4250



100 stk.
Verð áður: 18.995
12.995
800W | 20 L

KENWOOD
ÖRBYLGJUOFN
K20MSS10E

32% afsláttur

23% afsláttur



40"
50 stk.
JVC
LED SJÓNVARP
LT40E71

33% afsláttur

59.995
eða 5.565 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortlán,
alls 66.715 kr. - ÁHK 22,8%

Bluetooth™

37% afsláttur

Vatnsvarinn
Hleðslurafflaða
Frábær í ferðalagið

80 stk.
Jensen
SCANDINAVIA
PRÁÐLAUS FERÐAHÁTALARI
BUDDYBL/BUDDYBU/BUDDYPI/BUDDYWH

9.995

Yfir 100 titlar
í boði!



Verð frá:

100

Yfir 100 titlar á 100 kr.



14.000 kr. afsláttur

Verð áður: 78.995

64.995

eða 5.996 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 71.950 kr. - ÁHK 21,6%

100 stk.

PS4

PLAYSTATION 4

PS4500GBWHITE



26% afsláttur

30 stk.

THOMSON

LED SJÓNVARP

48FZ3234

48"



69.995

eða 6.427 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 77.125 kr. - ÁHK 20,5%

100 stk.

Verð áður: 14.995

9.995

Bollar fylgja ekki

PHILIPS

SENSEO

HD781760



200 stk.

4 litir

Hljóðnemi og svarhnappur

3.995

27% afsláttur



HEYRNARTÓL

G40EEB14/ G40EFU14/ G40EOR14/ G40EBK14

20% afsláttur

50 stk.

4G

Full HD

32GB minni

NOKIA

SPJALDTÖLVA-LUMIA 2520 10,1"

10,1"



Verð áður: 59.995

47.995

eða 4.530 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 54.355 kr. - ÁHK 27,1%



30 stk.

i5-5200U örygjörvi

HD Graphics 5500

Allt að 10 kst. í rafhlöðuendingu

Verð áður: 99.995

79.995

eða 7.290 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 87.475 kr. - ÁHK 18,7%

Verð áður: 1.495

8 GB 745

Verð áður: 2.495

16 GB 1.245

50% afsláttur

Kingston

MINNISLYKILL

DTSE9H8GB/ DTSE9H16GB



100 stk.

Verð áður: 12.995

7.995

38% afsláttur

Sandström

BLANDARI

- Fluttur 1250W blandari í stáli
- Stafraent viðmót og 10 hraðar
- 1,5 l glerkanna, öflugur hnifur
- Stilling fyrir ísmola og „smoothie“

S15BL14E

100 stk.

Jamie Oliver

STEIKARPANNA

O6770672

33% afsláttur

28 cm

26% afsláttur

40 stk.

Verð áður: 74.995

55.555

eða 5.182 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 62.179 kr. - ÁHK 24,2%

A++ 7 1400
Orkuflokkur Kg Snúninga

SAMSUNG

ÞVOTTAVÉL

WF70F5E0Z4W

11 ÁRA

HELKO

SKEIFAN



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

FÖSTUDAGINN 8. MAÍ KL. 13.30-15.30 Í ÖSKJU 132

Á þessum fundi verður staða EES-samningsins skoðuð og spurt hverjar framtíðarhorfur hans eru. Er vægi samningsins að minnka hjá Evrópusambandinu? Þjónar hann að fullu hagsmunum almennings?

Frummælendur:

Stefán Haukur Jóhannesson, ráðuneyttisgjafi utanríkisráðuneytisins
Ingvild Næss Stub, aðstoðarutanríkisráðherra Noregs
Gianluca Grippa, deildarstjóri hjá utanríkisþjónustu Evrópusambandsins

Eftir erindin verða pallborðsumræður með **Ingvild Næss Stub** og **Gianluca Grippa** ásamt eftirfarandi þátttakendum:

Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins
Gylfi Arnþórsson, forseti Alþýðusambands Íslands
Pétur Reimarsson, forstöðumaður, Samtökum atvinnulífsins
Svana Helen Björnsdóttir, starfandi stjórnarformaður og stofnandi Stika ehf.

Fundarstjóri: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild HÍ

Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum

www.ams.hi.is og www.evroputofa.is



AÐ MÖRGU AÐ HYGGA Borgarstarfsmaður í London gerði í gær hreint fyrir dyrum forsætisráðherra-bústaðarins að Downingstræti 10, daginn fyrir þingkosningar.
NORDICPHOTOS/AFP

Bretar kjósa til þings

Fylgið virðist ætla að skiptast hnífjafnt milli Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins í þingkosningum í Bretlandi, sem haldnar verða í dag. Hvorugum flokknum er spáð hreinum þingmeirihluta, ef marka má skoðanakannanir.

BRETAND Allt stefnir í óvenju flókna stöðu í breskum stjórnmálum þegar búið verður að telja úr kjörkössunum, sem kjósendur stinga seðlum sínum í nú í dag.

Verkamannaflokkur Eds Miliband hefur ekki tekist nýta sér fimm ár í stjórnarandstöðu til að tryggja sér sigur. Honum er ekki spáð nema rúmlega þriðjungu atkvæða, eða álíka miklu og Íhaldsflokkur Davids Cameron, sem hefur skapað sér óvinsældir með ströngum sparnaðaraðgerðum sem ekkert lát er sjáanlegt á.

Samstarfsflokkurinn í samsteypustjórn Camerons, Frjálslyndi flokkurinn, hefur farið illa út úr stjórnsamstarfinu og virðist ekki ætla að fá nema níu prósent atkvæða, eða þar um bil.

Nick Clegg, leiðtogi frjálslyndra, getur því varla einu sinni boðið Cameron eða Miliband upp á samstarf í samsteypustjórn, því

tveggja flokka stjórn með frjálslyndum nær varla þingmeirihluta.

Þá kemur væntanlega til kasta Skoska þjóðarflokksins, sem hefur samkvæmt skoðanakönnunum því líka yfirburðastöðu í Skotlandi að Nicola Sturgeon, leiðtogi flokksins, getur ráðið úrslitum um það hvort næsta stjórn verður starfhæf. Og hún hefur heitið því að koma Íhaldsflokknum frá völdum.

Nýtt þing kemur saman 18. maí næstkomandi. Hafi Cameron þá ekki tekist að mynda stjórn er ætlast til þess að hann segi af sér.

Ný stjórn þarf svo að vera tilbúin með lista yfir frumvörp, sem lögð verði fram á þingi næsta árið, fyrir 27. maí. Að minnsta kosti er fastlega reiknað með því að Elísabet drottning lesi þennan dag upp þennan lista í hinni árlegu ræðu sinni á þinginu, sem jafnframt er stefnuræða stjórnarinnar.

Kosningakerfið í Bretlandi

hefur oftast tryggt annaðhvort Íhaldsflokknum eða Verkamannaflokknum hreinan þingmeirihluta. Þetta virðist þó vera að bregðast annað skiptið í röð.

Í síðustu kosningum, árið 2010, náði hvorugur flokkurinn meirihluta, þannig að Íhaldsflokkurinn átti ekki annars kost en að mynda samsteypustjórn með Frjálslynda flokknum. Þetta virðist sum sé ætla að endurtaka sig í dag.

Frá því nokkru fyrir seinna stríð er aðeins eitt annað dæmi um að þingkosningar í Bretlandi hafi ekki skilað hreinum þingmeirihluta neins flokks, en það var árið 1974.

Kjörstöðum verður lokað klukkan nú í kvöld að staðartíma, eða klukkan átta að íslenskum tíma. Búist er við fyrstu tölum fljótlegra eftir það en að lokaniðurstöðum verði ljósar síðdegis á morgun.

gudsteinn@frettabladid.is

Áfangastaðurinn Ísland



Þriðjudagur 12. maí | 14.30-16.00 | Harpa, Norðurljós

Markaðssetning, viðhorf og samstarf

Íslandsstofa boðar til upplýsingafundar um markaðssetningu áfangastaðarins Íslands.

Á fundinum verður farið yfir markaðsstarfið á árinu og nýr áfangi Íslands – allt árið kynntur.

Fjallað verður um niðurstöður nýrrar viðhorfs- og vitundarrannsóknar um Ísland og rætt um mikilvægi samstarfs í ferðaþjónustu.

DAGSKRÁ

Markaðssetning áfangastaðarins Íslands á árinu 2015

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu

Viðhorfs- og vitundarrannsókn á erlendum mörkuðum

Ólafur Þór Gylfason, framkvæmdastjóri MMR

Aukum slagkraftinn

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Fundarstjóri

Þórey Vilhjálmssdóttir, formaður Ferðamálaráðs

Vinsamlegast skráið þátttöku hjá Íslandsstofu á netfangið islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000



ANDREAS LUBITZ Aðstoðarflugmaðurinn var harðákveðinn í að láta vélina hrapa.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rannsókn staðfestir að flugvélinni var grandað: Flugmaðurinn hafði æft sig fyrir hrapið

ÞÝSKALAND Rannsókn á flugslysinu í frönsku Ölpunum í mars, þegar Airbus-farþegaþota hrpaði með 150 manns innanborðs, hefur leitt í ljós að aðstoðarflugmaðurinn Andreas Lubitz hafði æft sig fyrir um daginn á því að láta vélina hrapa.

Þetta gerðist á flugleiðinni frá Düsseldorf til Barcelona á Spáni. Þegar flugstjóri vélarinnar skrapp út úr flugstjórnarklefanum, klukkan 7.20, tók Lubitz til við að prófa hæðarstillingar vélarinnar, án þess þó að nokkur um borð yrði þess var.

Þannig stillti Lubitz flughæð-

ina nokkrum sinnum alveg niður í lágmark, sem er 100 fet, þær tæpu fimm mínútur sem flugstjórinn var utan klefans. Enginn tók eftir þessu vegna þess að þetta gerðist rétt eftir að vélin var byrjuð að lækka flugið til lendarar.

Rúmlega tveimur klukkustundum síðar, á bakleiðinni frá Barcelona til Düsseldorf, gerði Lubitz svo alvöru úr áformum sínum og brotlenti vélinni í frönsku Ölpunum. Allir fórust.

Allt þetta kemur fram í bráðabirgðaniðurstöðum rannsóknar á flugrita vélarinnar, sem birtar voru í gær.

-gb

Ný MacBook Air fjölskylda

Komin í verðslanir Epli.



MacBook Air 11"

Verð frá: 189.990

Dual-core Intel Core i5
128GB flash / 4GB vinnsluminni

UPPSELD
Væntanleg í maí.

MacBook Air 13"

Verð frá: 199.990

Dual-core Intel Core i5
128GB flash / 4GB vinnsluminni



Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir til 13. maí, eða meðan birgðir endast.



Silver Edition
GoPro Hero4
Upptaka í 1080p upplausn
og 12mp ljósmyndir
Tilboð: 59.990.-*
Fullt verð: 74.990.-

GoPro
HERO4



Black Edition
GoPro Hero4
Upptaka í 4k upplausn í 30 römmum
á sekúndu og 12mp ljósmyndir
Tilboð: 79.990.-*
Fullt verð: 89.990.-



iPhone 6 Plus
16GB
Tilboð: 124.990.-*
Fullt verð: 139.990.-

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mánuði
í 12 mánuði fylgir
iPhone 6 og
6 Plus!
Frá NOVA



Þráðlaus heyrnartól
Frá Soul Republic
Tilboð: 25.990.-*
Fullt verð: 34.990.-
□ ■ ■ ■

Verðslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is



Ísland þriðja best fyrir mæður

Það er gott að vera mamma á Íslandi en best í Noregi af þeim 179 löndum þar sem Barnaheill – Save the Children skoðuðu ástandið. Ísland er í þriðja sæti á eftir Noregi og Finnlandi. Staðan í Bandaríkjunum kemur á óvart. Barnaheill segja ástandið þar verst á Vesturlöndum.

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is

Ísland er í þriðja sæti af þeim löndum þar sem best er að vera móðir í heiminum samkvæmt nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children. Að sögn Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla á Íslandi, voru viðmiðunarþættirnir fimm, það er mæðra- og barnavernd, vergar þjódartekjur á mann, líklegt menntunarstig og stjórnmaláttataka kvenna. Noregur er í fyrsta sæti, Finnland í öðru sæti, Danmörk í fjórða og Svíþjóð í fimmta. Ísland var í fjórða sæti í fyrra.

Sómalía er í neðsta sæti af þeim 179 löndum þar sem staða mæðra var rannsökuð. Afríkulönd eru í níu af ellefu neðstu sætum. Niðurstöður skýrslunnar þykja sýna glögg að barna- og mæðravernd skiptir sköpum þegar kemur að lífslíkum barna að fimm ára aldri og mæðra í tengslum við meðgöngu.

Í ár var staða mæðra í borgarsamfélögum til sérstakrar skoðunar. Fram kemur alvarlegt misræmi milli heilsu ríkra og fátækra í helstu borgum heimsins. Á stöðum þar sem efnadasta og heilbrigðasta fólkið býr, búa einnig sumar fátækustu fjölskyldurnar í heiminum.

Á Vesturlöndum kemur staða Bandaríkjanna mest á óvart, að því er Barnaheill greina frá. Bandaríkin hafa fallið niður listann síðustu ár og eru nú í 33. sæti af þeim 179 löndum sem tekin eru fyrir í skýrslunni. Ein af hverjum 1.800 mæðrum í Bandaríkjunum á á hættu að deyja vegna vandamála á meðgöngu eða við fæðingu. Hvergi á Vesturlöndum er staðan verri. Þetta þýðir að kona í Bandaríkjunum er meira en tíu sinnum líklegri til að deyja við þessar aðstæður en pólsk eða austurrísk móðir – og barn í Bandaríkjunum er jafn líklegt til að deyja fyrir fimm ára aldur og barn í Serbíu eða Slóvakíu.

Mestur munur á milli ríkra og fátækra borgarbarna er í borgum Rúanda, Kambódíu, Keníu, Víet-



Í ÞRIÐJA SÆTI Skýrsla Barnaheilla var kynnt í gömlu Heilsarverndarstöðinni við Barónsstíg þar sem barna- og mæðravernd fór fram í Reykjavík áratugum saman. Á myndinni eru nýbakaðar mæður, þær Anna Margét Einarsdóttir, Líney Úlfarsdóttir, Lilja Hrönn Gunnarsdóttir og Guðrún Eva Bjarkadóttir, auk Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur sem kynnti skýrsluna.

MYND/BARNAHEILL

Í löndunum 11 þar sem ástandið er verst

1 AF HVERJUM 8 BÖRNUM
DEYR FYRIR FIMM ÁRA ALDUR

1 AF HVERJUM 30 KONUM ER LÍKLEG TIL AÐ
DEYJA VEGNA VANDAMÁLA Á MEÐGÖNGU

nams, Perú, Indlands, Madagaskar, Gana, Banglades og Nígeríu. Bilið á milli heilsu hinna ríkustu og fátækustu í stórborgum sumra auðugustu þjóðanna er alveg jafn

mikið, samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar. Séu lífsmöguleikar barna skoðaðir í 25 höfuðborgum ríkustu landa heims, kemur í ljós að Washingtonborg er í neðsta

sæti, rétt á undan Vínarborg, Bern, Varsjá og Apenu.

„Lífslíkur borgarbarna ættu ekki að vera forréttindi hinna ríku, heldur sjálfsagður réttur allra barna. Ef við ætlum að ná því markmiði að binda enda á barnadauða af viðráðanlegum orsökum, verðum við að huga að heilsugæslu í borgarsamfélögum án tillits til efnahagslegrar stöðu foreldra,“ segir Erna.

Hún bendir á að í fyrsta sinn í mannkynssögunni búi nú yfir helm-ingur jarðarbúa í borgum. Vonin um betra líf og aukna atvinnumöguleika laði fólk til borgarsamfélaga. „Margar borganna ná ekki að halda utan um þennan aukna fjölda. Afleiðingarnar eru þær að hundr-

uð milljóna mæðra og barna búa án nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu í borgum þar sem aðgengi að hreinu vatni er oft ábótavant.“

Skýrslan leiðir einnig í ljós jákvæðar niðurstöður. Bent er á fjölda borga þar sem árangur hefur náðst í að auka lífslíkur mæðra og barna, jafnvel á meðal hinna fátækustu. Þar er unnið að því að efla heilbrigðiskerfi, auka vitund um heilbrigði mæðra og barna og að gera heilbrigðiskerfið aðgengilegra og ódýrara fyrir fátækustu borgarfjölskyldurnar. Meðal þessara borga eru Kampala í Úganda, Addis Ababa í Eþíópíu, Kaíró í Egyptalandi, Gvatemalaborg, Manilla á Filippseyjum og Phnom Penh í Kambódíu.

Foreldrar mega ekki vera of ákafir við kennsluna:

4 ráð til að kenna barni að hjóla

Áður en barn lærir að hjóla þarf það að læra að bremsa, stöðva og setja fótinn niður. Þetta eru ráð norsku landssamtakanna Trygg Trafikk eða Öruggerferð. Talsmaður samtakanna segir í viðtali við Aftenposten að foreldrar fari alls ekki alltaf eftir þessu. Þeir verði of ákafir og vilji að hlutirnir gangi hratt.

Talsmaðurinn, Carina Henske, segir mikilvægt að upplifun barnsins af því að læra að hjóla verði ekki neikvæð. Barnið þurfi að hafa löngun til þess. Það sé afar mikilvægt. Hér á eftir fara nokkur ráð samtakanna til foreldra um hvernig kenna á börnum á tvíhjól:

1. Haltu í hjólið að aftan um leið og þú gengur hratt. Segðu barninu að bremsa, stöðva og setja fótinn niður. Endurtaktu þetta þar til þér finnst barnið kunna þetta og að það geti gert það nokkurn veginn sjálf.
2. Segðu barninu að þú ætlir að láta hjólið fara hraðar. Barnið á ekki að snúa pedöllum. Auktu hraðann á hjólinu og slepptu því. Biddu barnið að stöðva eftir nokkra metra.
3. Endurtaktu þetta en biddu barnið um að snúa pedöllum tvisvar áður en það stöðvar.



Á HJÓLI Upplifun barns af því að læra að hjóla má ekki vera neikvæð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Láttu það fjölga snúningunum smátt og smátt.
4. Nú á barnið sjálf að auka hraðann. Kenndu því að hafa annan fótinn á pedala í stöðunni 5 mínútur yfir 12 og snúa pedalanum niður um leið og það spyrnir með hinum fætinum frá jörðu. Þá er auðvelt að hjóla af stað.

Resorb Sport

Þegar þú stundar úthaldsíþróttir eins og hjólreiðar, fjallgöngur, hlaup o.fl.



- Bætir upp vökvatap
- Minnkar líkur á vöðvacrömpum
- Flýtir endurheimt (recovery)
- Bragðgóður og handhægur
- Inniheldur m.a. magnesíum

Fæst í fjölmörgum apótekum



Veit á vandaða lausn

Fastus ehf., - Velkomin í verslun okkar. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

Sumarsmellur!

GILDIR AÐEINS Í DAG

20-30% AFSLÁTTUR

- ★ GARÐHÚSGÖGNUM OG VERMIREITUM
- ★ PLÖNTUM OG ÚTSÆÐI
- ★ POTTUM OG VERKFÆRUM
- ★ ÁBURÐI OG MOLD
- ★ FRÆ OG LAUKUM
- ★ GÆLUDÝRAVÖRUM OG FÓÐRI
- ★ GJAFI OG HEIMILISVÖRU

2 fyrir 1 af réttum dagsins

SPÍRAN
BORDUM VEL

VAL UM:


TANDOORI MARINERÐIR KJÚKLINGALEGGIR MEÐ HEIMALAGAÐRI LAUKSULTU
STEINBÍTUR MEÐ TANDOORI MARINERINU OG HEIMALAGAÐRI LAUKSULTU
GÚLLASSÚPA MEÐ NAUTAKJÖTI, KARTÖFLUM OG TÓMÖTUM

OPIÐ FRÁ
9:00 TIL 21:00



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



PINGSJÁ

Fanney Birna
Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Kolbeinn
Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is

Ráðamenn eru þjónar þjóðarinnar allrar

Ekki þarf að eyða mörgum orðum í það að ástandið á vinnumarkaðnum er grafalvarlegt. Það er alltaf þrautaráð hjá fólki að nýta verkfallsréttinn, en nú er svo komið að innan nokkurra vikna munu ríkja hér mestu verkföll í áratugi – ef ekki í gjörvallri sögunni. Á slíkum tímum er þörfin fyrir samhenta ríkisstjórn sem talar einum rómi til þjóðarinnar allrar, svo maður gerist nú háfleygur, meiri en nokkru sinni fyrr.

Óhætt er að segja að alvarlegur skortur á slíkri stjórn ríki nú um mundir. Ráðamenn virðast hafa vaknað upp við þann vonda draum að stór hluti launþega væri að

verða samningslaus og jafnvel hafa yppst öxlum yfir fyrsta kastið og litið á það sem mál sem aðilar vinnumarkaðarins myndu leysa sín á milli. Staðan er hins vegar mun alvarlegri en svo að hægt sé að sitja til hlés og horfa á æ fleiri geira samfélagsins lamast vegna þess að hinn heilagi verkfallsréttur er nýttur.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar töluðu út og suður í aðdraganda verkfallanna. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lét í veðri vaka að svigrúm væri til vænna hækkana, á meðan Bjarni Benediktsson var mun varkárari í sínu tali. Slíkt

gengur ekki við þessar aðstæður, hvað svo sem þeir vilja gera á öðrum tímum.

Kannanir sýna lítið traust á ráðamönnum, og raunar stjórnsmálsmönnum öllum, og að forystumenn ríkisstjórnarinnar þykir skorta ýmsa þá mannkosti sem oft eru tengdir við góða leiðtoga.

Í stað þess að fyrstast við því á Facebook eða skammast í stjórnarandstöðu í ræðustól Alþingis ættu oddvitarnir að stíga fram og gera það sem þeir eiga að vera að gera; þjóna þjóðinni allri.

Tíminn til að vísa frá sér ábyrgð vegna verkfalla er löngu liðinn.



→ Ósamstíga Alvarlegur skortur er á samhentri ríkisstjórn sem talar einum rómi til þjóðarinnar allrar.

AF PINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

GJALLARHORNID

Willum Þór
Þórsson

um líffskjör.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir allt er uppi ástand, það er órói, óánægja sem mikilvægt er að bera virðingu fyrir og greina. Við verðum til að mynda að setja þessa hluti í samhengi við fyrirliggjandi tekjustig og útgjaldamynstur ólíkra hópa. Hagtölur segja sannarlega sögu en ekki alla söguna. Kröfurnar um að lægstu laun miðist við að hægt sé að lifa af þeim eru sanngjarnar. Markmið um myndarlega hækkun lægstu launa á að geta samrýmt því markmiði að halda verðbólgunni í skefjum og verja stöðugleikann, en það er jafnframt óábyrgt að rýna ekki í hagtolur þegar kemur að stöðugleikanum.

Valgerður
Bjarnadóttir

um undirbúnar fyrirspurnir.

Ég hef nefnt áður í þessum ræðustól að það er stundum eins og hæstv. ráðherrar líti helst á það sem hlutverk sitt hér í fyrirspurnartímum að svara ekki spurningum eða snúa út úr spurningum þingmanna. Reyndar er það svo að ungt fólk sem var í hlutverkaleik sem stjórnsmálsmenn fékk þá leiðbeiningu frá kennara sínum að það ætti aldrei að svara spurningum sem það væri spurt heldur bara tala um það sem þau vildu. Þetta er nú það sem við höfum fyrir fólki. Í dagskrárlíðnum sem heitir undirbúnar fyrirspurnir lesa ráðherrar gjarnan upp texta sem skrifaður hefur verið fyrir þá. Sá texti lýsir oftast því ástandi sem ríkir í málaflokknum sem spurt er um en er sjaldnast svar við hinni eiginlegu spurningu. Nýjasta trikkið er svo að ljúka ekki við að svara spurningum þingmanna heldur bara fara fram og fá sér tertusneid.

Karp um kjörin á Alþingi skilar takmörkuðum árangri

Sérstök umræða um stöðuna á vinnumarkaði skilaði takmörkuðum árangri. Stjórn og stjórnarandstaða tókust á án niðurstöðu eða sjáanlegra lausna. Ríkisstjórnin var sökuð um úrræðaleysi en stjórnarandstaðan um popúlisma.

„Með aðgerðum sínum hyggst ríkisstjórnin einnig eyða þeirri pólitísku óvissu sem hefur verið of áberandi þáttur í íslensku þjóðlífi á undanförunum árum. Unnið verður að viðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins um þróun vinnumarkaðar og uppbyggingu til framtíðar,“ segir í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir fögur fyrirheit er staðan á vinnumarkaði vægast sagt dökk. Ríflega helmingur vinnandi handa hefur eða hyggst leggja niður störf á næstunni og ekkert útlit er fyrir lausn þeirra deilna sem uppi eru.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, stóð fyrir sérstakri umræðu um stöðuna á vinnumarkaði á mánudag. Þar spurði hún Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um afstöðu hans.

„Er ætlunin að ríkið skili auðu í þessari deilu þó að yfirstandi verkfallsaðgerðir svo umfangsmiklar að jafn miklar höfum við ekki séð áratugum saman sem munu bitna illa bæði á almenningu og atvinnulífinu,“ spurði Katrín. Í ræðum hennar nú og áður, og reyndar málflutningi stjórnarandstöðunnar allrar, hafa þó engar lausnir á fyrirséðum vanda, líkt og víxlverkunum launa og verðlags með tilheyrandi verðbólgu, hækkun lána, minnkandi fjárfestingu og atvinnuleysi, komið fram.

Sigmundur sagði að erfiðustu aðstæður sem menn hafi séð á vinnumarkaði í áratugi kæmu upp á sama tíma og hér fyrirfinnst mesta kaupmáttaraukning Vesturlanda. Hann sagði að þrátt fyrir að staðan væri erfið mætti ekki gleyma því að einnig væru til staðar gríðarleg tækifæri til að halda áfram að byggja á þeim árangri sem náðst hafi á landinu á undanförunum tveimur árum. „Launþegahreyfingin hefur reyndar ekki farið fram á neitt frá stjórnvöldum, þvert á móti hafa menn þar á bækkið fram að sú sé ekki raunin, hún snúi sér að atvinnurekendum.“

Katrín og aðrir stjórnarandstöðuliðar gagnrýndu úrræðaleysi forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar. „Það eina sem þessi ríkisstjórn getur gert snöf-



GENGID FYRIR BÆTTUM KJÖRUM Verkfallsaðgerðir sem eru í sjónmáli eru fáheyrðar í íslenski kjarabaráttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

mannlega og snögglega er að lækka álögur á þá sem hæstar hafa tekjurnar, lækka veiðigjöld og núna er það hennar helsta verkefni og mikilvægasta mál að afnema orkuskatta á stórfyrirtæki, álfyrirtæki,“ sagði Katrín sem kallaði eftir því að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar töluðu jafn örugglega fyrir kjarabótum og þeir gerðu fyrir lækkuðum álöfum á þá sem mest hafa.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagði ríkisstjórnina hafa sýnt forðæmalaust ábyrgðarleysi í aðdraganda þessarar kjarabaráttu. „Hefur ríkisstjórnin eitthvað gert til að koma í veg fyrir að þessi staða myndist á vinnumarkaði? Hefur hún einhvern tímann sýnt á einhver spil? Hefur hún einhvern tímann

látið í það skína að eitthvert samráð eigi sér stað á vinnumarkaði?“

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi stjórnarandstöðuna fyrir að hafa heimtað launahækkunir fyrir lækna og telja núna óróa á vinnumarkaði vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. „Orðum fylgja ábyrgð, líka hjá hæstvirktri stjórnarandstöðu.“ Hann bætti við að kjaramál yrðu ekki leyst í ræðustóli þjóðþinga. „Ég vonast til þess að við náum samstöðu um að bæta kjör þeirra sem minnst hafa, ég vona að við náum samstöðu um að hafa stöðugleika, ég vona að við náum samstöðu um að halda verðbólgunni lágri, en við gerum það ekki með því að taka umræðuna eins og hún hefur verið, hvorki hér í þessum sal né í þjóðfélaginu.“ fanney@frettabladid.is



„Ef atvinnurekendur og launþegar semja á þann hátt að það ógni ekki efnahagslífi þjóðarinnar, ýti undir verðbólgu og vegi að velferð í landinu þá mun ríkisstjórnin að sjálfsgöðu geta lagt ýmislegt þarft til málanna til að auka enn á ráðstöfunartekjur fólks.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skilaði tveimur skýrslum um meðferð trúnaðargagna í innanríkisráðuneytinu:

Líklegast síðasta umræðan um lekamálið

„Málinu er ekki lokið. Ég óttast að því ljúki aldrei. Ég óttast að þetta mál verði lausandi það sem eftir er af stjórnsmálsmönnum,“ sagði Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, undir umræðu um meðferð trúnaðargagna í innanríkisráðuneytinu í þinginu á þriðjudag.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin klofnaði í málinu og skilaði hvor hlutinn sinni niðurstöðunni.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, mælti fyrir skýrslu meirihluta nefndarinnar

og sagði Alþingi sett í sérkennilega stöðu. „Virðulegi forseti, ég finn þessari málsmeðferð hvergi stað í þingskaparlögum og er hún einsdæmi í sögu þingsins,“ sagði Vigdís og sagði málið sýna hve mikilvægt væri að setja á fót lagaskrifstofu við þingið sem hefði meðal annars það hlutverk að skera úr um hvort mál væru þingtæk. „Málinu er lokið,“ sagði Vigdís.

Ögmundur Jónasson,

formaður nefndarinnar, mælti fyrir minnihlutaskýrslunni þar sem alvarlega athugasemdir eru gerðar við yfirlýsingar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, fyrir Alþingi.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, velti því upp hvað málið hefði kostað ríkið.

„Þetta mál er í skásta falli fullkomið klúður frá upphafi til enda. Í versta falli einhver orð sem ég

ætla ekki að láta hafa eftir mér hér í pontu að svo stöddu. Við hvert fótmál mistök, við hvert fótmál grafið undan trúverðuleika þess kerfis sem við stólum öll á að geta treyst á og við hvert fótmál meðvirkni og afneitun,“ sagði Helgi Hrafn sem tók síðastur til máls.

Hanna Birna var viðstödd umræðuna, en hún sneri aftur á þing í síðustu viku.

Hún kvaddi sér þó ekki hljóðs.

-fbj

Með heimilið á hreinu!

Nýr bæklingur!

Nýi bað- og svefnherbergisbæklingurinn er á leiðinni til þín. Honum verður dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst. Þú getur líka skoðað rafræna útgáfu á www.IKEA.is



56.900,-

GODMORGON vaskaskápur með tveimur skúffum og BRÁVIKEN handlaug B62xD49, H68cm. Háglans grátt

Einstakt
heimsendingartilboð
út á land, aðeins í maí!
Hámarksverð er
6.000 kr.
sama hve mikið
er pantað!



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is





N1 Tillaga um lækku hlutfjár var samþykkt á aðalfundi þann 23. mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greiða hluthöfum 3 milljarða: N1 lækkaði hlutfé um 33%

Olúfúlagið N1 greiðir hluthöfum sínum 2,96 milljarða vegna lækku hlutfjár. Hlutfé félagsins verður 470 milljónir króna að nafnverði eftir lækku.

Tillaga um þetta var samþykkt á aðalfundi N1 þann 23. mars, en lækku hlutfjár félagsins nemur um 32,9 prósentum, eða um 230 milljónum króna að nafnverði.

Viðmiðunardagur lækkunar er 8. maí 2015, lækkunardagur 11. maí og greiðsludagur 15. maí 2015. Síðasti viðskiptadagur með réttindum til útgreiðslu vegna lækkunar hlutfjár er í dag. - jhh

Borgin kaupir land af Landey: Kaupverðið er 312 milljónir

Reykjavíkurborg hefur keypt 165 hektara svæði af jörðinni Varmadal á Kjalarnesi fyrir 312 milljónir króna af Landey ehf. Svæðið þykir henta vel fyrir atvinnustarfsemi á borð við gagnaver þar sem tengivirki Landsnets er stutt frá.

Vinna við deiliskipulag er að hefjast. - jhh

Gjaldprotaleiðin tafði fyrir

Áhersla stjórnvalda á gjaldprotaleiðina tafði fyrir vinnu við afnám hafta. Leysa verður vanda með aflandskrónur áður en útgönguskattur er settur. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir slitastjórn Glitnis.

Útgönguskattur kemur varla til greina sem tæki til að losa fjármagnshöftin fyrir en aflandskrónuvandinn hefur verið leystur og útgreiðslum úr slitabúum er lokið, að mati hagfræðinganna Ásgeirs Jónssonar og Hersis Sigurgeirssonar. Þetta kemur fram í skýrslunni „Drög að uppgjöri“ sem þeir unnu fyrir slitastjórn Glitnis.

Þeir Ásgeir og Hersi segja í skýrslu sinni að með ríkri áherslu stjórnvalda, og ráðgjafa þeirra, á gjaldprotaleiðina svokölluðu hafi vinna við afnám hafta tafist í að minnsta kosti eitt ár. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í nóvember 2014 hafi sú leið hins vegar verið moldsett, eins og segir í skýrslunni.

Hagfræðingarnir segja að fimm skilyrði verði að uppfylla eigi að tryggja hagsmuni almennings við lausn færsluvandans, en með honum er átt við þann vanda sem fylgir því að flytja mikil verðmæti frá einu mynsvæði til annars í gegnum fjármagnsjöfnuð, án þess að gengisskráning fari á skjön við eðlilegt jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Skilyrðin eru þessi:

1 Útgreiðslur á kröfum úr slitabúunum verða að rúmast innan fjármagnsjafnaðar og vera hlutlausar gagnvart fjármagnsflæði til og frá landinu.

2 Ráðstöfun innlendra eigna slitabúanna verði ekki til þess að skapa hættu á greiðslujafnaðarvanda eftir að kröfuhafar hafa fengið greitt, svo sem að lausafé

→ Hagfræðingarnir segja að fimm skilyrði verði að uppfylla eigi að tryggja hagsmuni almennings við lausn færsluvandans.

leiti úr landinu eða fjármálastöðugleika verði með einhverjum hætti ógnað.

3 Útgreiðslurnar verða að eiga sér stað til hliðar við hinn opinbera gjaldeyrismarkað þannig að markaðurinn verði ekki fyrir truflunum, svo sem vegna spákaupmennsku.

4 Koma verður í veg fyrir að eftirlegukindur (hold-outs) séu til staðar eftir að útgreiðsla hefur átt sér stað sem gætu beðið færir þar til gjaldeyrisskipti verða aftur frjáls.

5 Ferlið verður að vera án laga-legrar áhættu ríkissjóðs þannig að kröfurnar, sem standa á slitabú bankanna, breytist ekki í kröfur á íslensku þjóðina.

Erfitt verði að uppfylla þessi skilyrði, en ómögulegt sé að uppfylla tvö viðbótarskilyrði sem ríkisstjórnin virðist hafa sett sér. Í fyrsta lagi að útgreiðslur úr slitabúunum skili ríkissjóði umtalsverðum tekjum og í öðru lagi að útgreiðslur úr slitabúum skili gjaldeyri til ríkisins.

kolbeinn@frettabladid.is



SKÝRSLUHÖFUNDAR Ásgeir og Hersi segja útilokað að ríkisstjórnin nái markmiðum sínum um að uppgjör slitabúanna skili ríkissjóði umtalsverðum tekjum eða gjaldeyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skattur gæti kallað á málaferli

Í skýrslunni kemur fram að útgönguskattur sé ófær leið fyrir en tekið hefur verið á aflandskrónuvandanum. Hvað stöðugleikaskatt varðar sé um nýja skattheimtu að ræða sem líklegt sé að kalli á málaferli.

„Það er þó óumdeilanlegt að með stöðugleikaskatti er farið inn á okannaðar lendur í skattlagningu og slík ferðalög á áður óþekktu staði hljóta ávallt að fela í sér áhættu og mögulega bótaskyldu fyrir ríkissjóð er gæti ónýtt sigurinn í Icesave-málinu, eða að minnsta kosti valdið töfum á að fá skattinn greiddan. Loks gæti tæður skattur einnig haft verulega þyngjandi áhrif á innlenda aðila.“

tendence

29. 8. – 1. 9. 2015

Komdu og upplifðu nýjustu alþjóðlegu hugmyndir heimilis- og gjafavara – á mikilvægasta fundarstað atvinnugreinarinnar á seinni ársfjórðungi.

fresh.new.ideas.

dimex@dimex.dk Sími: +45 39 40 11 22

Komdu og skoðaðu: talk-about-tendence.com



LÖGGJAFINN Lög um jafnan hlut kynjanna hafa orðið til þess að konum í stjórnum fyrirtækja fjölga mjög.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Konum fjölga mikið í stjórnum smærri fyrirtækja:

Konur sitja í stjórn fjórðungs fyrirtækja

Um síðustu áramót voru konur 25,5 prósent stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun og skráð eru í hlutfélagaskrá. Þeim fjölgaði um 0,4 prósentustig frá fyrra ári.

Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja var á bilinu 21,3% til 22,3% á árunum 1999 til 2006. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur hlutfallið farið hækkandi frá árinu 2007.

Konur hefur fjölgað mikið í stjórnum stærri fyrirtækja undanfarin ár. Árið 2014 voru konur þriðjungur stjórnarmanna í fyrir-

tækjum með 50 starfsmenn eða fleiri, til samanburðar við 12,7% árið 2007 og 9,5% árið 1999.

Árið 2010 voru samþykkt lög um að hlutfall hvors kyns skyldi vera yfir 40% í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn, og tóku þau að fullu gildi í september 2013.

Hlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja með færri en 50 starfsmenn hefur lítið breyst á síðustu árum, en þau eru tæp 98% af fjölda fyrirtækja sem greiða laun. - jhh

Lækka sekt fyrir samkeppnisbrot um 100 milljónir:

Sekta Valitor um 400 milljónir króna

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest úrskurð áfrýjunarnefndar Samkeppnismála um að greiðslukortafyrirtækið Valitor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu.

Telur Héraðsdómur Reykjavíkur að Valitor hafi með ásetningi framið alvarleg brot á samkeppnislögum. Brotin hafi verið ítrekuð að hluta til. Dæmði Héraðsdómur

Reykjavíkur Valitor til að greiða 400 milljóna króna sekt, en Samkeppniseftirlitið hafði sektað Valitor um 500 milljónir.

Samkeppniseftirlitið segir engu að síður að sektin sé sú hæsta sem dómstólar hafi dæmt í málum sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

- jhh

Sérfræðingar í RYKSUGUM

MÚRBÚÐARVERÐ

Fyrir fyrirtækin



Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L
1000W, 50 lítrar

26.677,-

Fyrir iðnaðarmanninn



ÍTÖLSK
GÆÐI

Soteco Topped 515, Longo pac

165.990,-

Fyrir sóða



Sub-Dakota Slurry, SOT-DAK 429 með dælu

184.990,-

Fyrir alvöru spámenn



Sotexo Base XP429, 2800W, 62 lítrar

73.990,-

Fyrir stærri spámenn



Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar

24.900,-

Fyrir hótél



ÍTÖLSK
GÆÐI

Soteco Base XP 315 1300W

35.990,-

Fyrir „alvöru“ verktaka



Einnig til
S26
2600W
kr. 349.900



Ermator Pullmann S13 1300W

254.600,-

Fyrir „hressa“



Cyclon ryksuga Model-LD801
2200W, 3 lítrar

9.990,-

Fyrir húsbóndann



Spandy heimilisyksuga
1600W, HEPA filter

6.990,-

Fyrir bílskúrinn



Drive Biskúrsyksugan 1200W, 20 lítrar

7.590,-



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Pörf er á þjóðarsátt og ríkið gegnir lykilhlutverki:

Sætið stendur autt

Kjaraviðræður á vinnumarkaði eru í fullkomnum hnút. Bæði í viðræðum stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði við Samtök atvinnulífsins sem og opinberra starfsmanna við samninganefnd ríkisins. Verkalýðshreyfingin stendur fast á sínu og krefst réttmætra launahækkana og jöfnuðar. Viðsemjendur þeirra segja kröfurnar langt umfram það sem hægt sé að standa undir, bæði af fyrirtækjum og hinu opinbera.

Í aldarfjórðung hefur almennt verið samið um hóflegar launahækkningar sem tryggja launþegum kaupmáttaraukningu.

Fyrir þjóðarsáttarsamningana 1990 voru vinnudeilur tíðar, mikill óstöðugleiki var í efnahagsmálum og kjarasamningar gerðir til stutts tíma í senn með áralöngum víxlverkunum launa og verðlags með tilheyrandi gengisfellingum og hárra verðbólgu. Þjóðarsáttin byggði á samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, brjóta á bak aftur þessa víxlverkun og ná tökum á verðbólgunni. Efnahagsnefnd vinnumarkaðarins mat efnahagslegar forsendur kjarasamninga og ríkisstjórnin átti að taka tillit til og miða stefnu sína í efnahagsmálum við það sem myndi gagnast launþegum og vinnuveitendum. Þannig byggðust samskiptin á trausti og gagnkvæmum skilningi á kröfum samningsaðila. Allt þetta fór afvega á árunum fyrir og eftir hrun. Eðlilega.

Forystumenn þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr hafa lítt sýnt á spilin hingað til. Á Alþingi á mánudag sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að það væri hlutverk vinnuveitenda og launþega að semja. Yrðu samningar hóflegir gæti ríkisstjórnin lagt eitthvað til málanna sem yrði til að auka ráðstöfunartekjur fólks. „En ríkisstjórnin mun ekki kasta spreki á verðbólguþál,“ sagði Sigmundur og bætti við að ríkisstjórnin myndi fremur kæla verðbólguþál með skattahækkunum og vitað væri að í slíkri stöðu myndi Seðlabankinn líka grípa inn í með hækkun vaxta.

Staðan sem er uppi er flókin. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar eru ekki tilkomnar af frekju eða vegna þess að hún skilji ekki hringrás launahækkana og verðbólgu. Hún berst fyrir sanngjörnum launum, jöfnuði og velferð. Það eru sanngjarnar kröfur. Krafa er sú að fólk geti lifað sómasamlega af vinnuframlagi sínu og að menntun verði metin til launa.

Pörf er á þjóðarsátt og ríkisvaldið gegnir þar lykilhlutverki, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þjónandi forysta situr ekki hjá og bíður þess vengóð að menn nái saman. Þjónið er þegar orðið verulegt og stefnir í óefni. Hér þarf að móta skýra atvinnu- og peningamálastefnu og allir hlutadeigandi þurfa að koma saman skipulega til að leggja sameiginlega mat á þróun og horfur í efnahagslífinu, forsendur kjarasamninga og skilvirkni efnahagsstefnu.

Markmiðin eru þau sömu og menn stóðu frammi fyrir árið 1990. Reynslan sýnir að kjarasamningar sem byggja á víðtæku samráði allra aðila tryggja almenna hagsæld launþega. Ríkisstjórnin er ekki stíkkfrí í þessum deilum þar til menn ná að semja. Hún á sæti við borðið. Það getur ekki staðið autt.

Markmiðin eru þau sömu og menn stóðu frammi fyrir árið 1990. Reynslan sýnir að kjarasamningar sem byggja á víðtæku samráði allra aðila tryggja almenna hagsæld launþega. Ríkisstjórnin er ekki stíkkfrí í þessum deilum þar til menn ná að semja. Hún á sæti við borðið. Það getur ekki staðið autt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@365.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MAMMA, PABBI,
DÓTTIR, SONUR,
AFI, AMMA, SYSTIR,
BRÓÐIR, FRÆNKA,
FRÆNDI, VINKONA,
VINUR OG ALLIR HINIR



Göngum saman

GÖNGUM SAMAN
Á MÆÐRADAGINN
sunnudaginn 10. maí kl. 11

www.gongumsaman.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hugsað fram í tímann

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra boðaði í fyrradag orkuauðlindasjóð, sem ætlað yrði að verða nokkurs konar stöðugleikasjóður en einnig til að fjármagna uppbyggingu innviða. Vefritið Kjarninn var ekki lengi að grípa boltann á lofti og benti á að slíkar hugmyndir hefðu margsinis litið dagsins ljós án þess að nokkuð yrði úr þeim. Það kann vel að vera. Hitt er ljóst að forstjóri Landsvirkjunar boðar stóruknar arðgreiðslur í ríkissjóð. Arðgreiðslur sem byggja ekki á einkisþingnum heldur verði greiddar árlega til lengri tíma. Og það er ekki nema eðlilegt að fagna því ef stjórnmálamenn vilja

gera langtímaáætlanir um meðferð ríkissjár.

Var hlustað?

Það hefur mikið verið talað um bréfið sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sendi Evrópusambandinu um miðjan mars. Í bréfinu tilkynnti hann að Ísland væri ekki á lengur umsóknarríki og það um að tillit yrði tekið til þess í umfjöllun um Ísland í framhaldinu. Eitthvað virðast þessi skilaboð hafa farið fyrir ofan garð og neðan þegar skýrsla um efnahagslegt útlit að vori 2015

var skrifuð. Í ffnisýfirliti skýrslunnar er Ísland einmitt sett á lista með umsóknarríkjunum.

Skattkerfisbreytingum hampað

Ísland fær fremur jákvæða umsögn í þessari skýrslu. Þar kemur meðal annars fram að efnahagsumhverfið sé jákvætt og umbætur hafi verið gerðar á skattakerfinu. Þetta verði til þess að bæta opinber fjármál og draga enn frekar úr skuldsetningu ríkissjóðs. Einnig er víkið að því að verðbólgan hafi verið með minnsta móti á liðnum mánuðum, en líklegt sé að hún muni aukast.

jonhakon@frettabladid.is

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



bygðgi á samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, brjóta á bak aftur þessa víxlverkun og ná tökum á verðbólgunni. Efnahagsnefnd vinnumarkaðarins mat efnahagslegar forsendur kjarasamninga og ríkisstjórnin átti að taka tillit til og miða stefnu sína í efnahagsmálum við það sem myndi gagnast launþegum og vinnuveitendum. Þannig byggðust samskiptin á trausti og gagnkvæmum skilningi á kröfum samningsaðila. Allt þetta fór afvega á árunum fyrir og eftir hrun. Eðlilega.

Forystumenn þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr hafa lítt sýnt á spilin hingað til. Á Alþingi á mánudag sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að það væri hlutverk vinnuveitenda og launþega að semja. Yrðu samningar hóflegir gæti ríkisstjórnin lagt eitthvað til málanna sem yrði til að auka ráðstöfunartekjur fólks. „En ríkisstjórnin mun ekki kasta spreki á verðbólguþál,“ sagði Sigmundur og bætti við að ríkisstjórnin myndi fremur kæla verðbólguþál með skattahækkunum og vitað væri að í slíkri stöðu myndi Seðlabankinn líka grípa inn í með hækkun vaxta.

Staðan sem er uppi er flókin. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar eru ekki tilkomnar af frekju eða vegna þess að hún skilji ekki hringrás launahækkana og verðbólgu. Hún berst fyrir sanngjörnum launum, jöfnuði og velferð. Það eru sanngjarnar kröfur. Krafa er sú að fólk geti lifað sómasamlega af vinnuframlagi sínu og að menntun verði metin til launa.

Pörf er á þjóðarsátt og ríkisvaldið gegnir þar lykilhlutverki, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þjónandi forysta situr ekki hjá og bíður þess vengóð að menn nái saman. Þjónið er þegar orðið verulegt og stefnir í óefni. Hér þarf að móta skýra atvinnu- og peningamálastefnu og allir hlutadeigandi þurfa að koma saman skipulega til að leggja sameiginlega mat á þróun og horfur í efnahagslífinu, forsendur kjarasamninga og skilvirkni efnahagsstefnu.

Markmiðin eru þau sömu og menn stóðu frammi fyrir árið 1990. Reynslan sýnir að kjarasamningar sem byggja á víðtæku samráði allra aðila tryggja almenna hagsæld launþega. Ríkisstjórnin er ekki stíkkfrí í þessum deilum þar til menn ná að semja. Hún á sæti við borðið. Það getur ekki staðið autt.

HALLDÓR



Er Landspítalinn útungunarstöð fyrir fagfólk?

KJARAMÁL



Guðrún Kolbrún Otterstedt



Elísabet Sigfúsdóttir



Gunnlaug Thorlacius
félagráðgjafar á geðsviði Landspítala

Við erum félagráðgjafar og vinnum á geðsviði Landspítalans. Á hverjum degi sinnum við og samstarfsfólk okkar efnum sem miða að því að tryggja velferð og öryggi þeirra sem til okkar leita. Þetta er áhugvert og krefjandi starf sem krefst sérfræðipækkingar, að lágmarki fimm ára háskólamenntunar.

Krafa Bandalags háskólanna í yfirstandandi kjarabaráttu er einfaldlega sú að menntun verði metin til launa. Í því felst að ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna séu í samræmi við þann kostnað sem þeir hafa lagt í menntun sína. Þeir koma skuldum vafðir úr námi inn á vinnumarkað, hafa ekki greitt í lífeyrissjóð og ekki haft tækifæri til að leggja fyrir til húsnæðiskaupa. Auk þess greiðir hver félagi í BHM upphæð sem samsvarar þriggja vikna launum í afborganir af námslánum á ári hverju. Það gefur því augaleið að það er ekki góð fjárfesting fyrir háskólamenntað fólk að starfa hjá ríkinu eins og staðan er í dag. Við viljum að stjórnvöld sýni að þau vilji að menntað fólk sækji í störf hjá ríkinu.

Landspítalinn er þriðju línu þjónustueining og þangað leitar veikasta fólkið. Almennigur gerir þær kröfur að þar fái

góð þjónusta, ef ekki sú besta. Gerð er krafa á að starfsfólk spítalans haldi sér vel upplýstu, sé í stöðugri þekkingarleit og sinni rannsóknunum. Eftir útskrift úr háskóla ráða félagráðgjafar sig gjarnan til krefjandi starfa á Landspítalanum og öðlast þar reynslu og þekkingu. En vegna lágláunastefnu ríkisins og þá sérstaklega Landspítalans, leita þessir starfsmenn því miður oft til betur launaðra starfa við fyrsta tækifæri. Starfsmannavelta er því mikil og hefur áhrif á faglegt starf auk þess sem það er kostnaðarsamt að þjálfra nýtt starfsfólk sem stoppar stutt við. Það má því segja að Landspítalinn sé að einhverju leyti útungunarstöð fyrir fagfólk án þess að fá að njóta ávinningsins.

Nú hefur verkfall háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna staðið í fjórar vikur án þess að viðræður hafi skilað nokkrum árangri. Kröfugerð BHM er sú að menntun verði metin til launa og nú stendur upp á stjórnvöld að svara því hvort þau vilji laða fólk með sérfræðipækkingu til starfa á ríkisstofnunum. Í ljósi ofangreinds er eðlilegt að fólk velti því fyrir sér hvort við getum hugsað okkur að reka Landspítalann án fjölbreytts hóps háskólamenntaðs starfsfólks?

Bankar eða veiðileyfi?

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Bankar eru mikilvægar stofnanir líkt og t.d. flugfélög. Bankar eru samgöngufyrirtæki í þeim skilningi að þeim er ætlað að flytja fé á milli fólks og fyrirtækja gegn þóknun líkt og flugfélög flytja fólk og varning milli staða.

Strangar öryggiskröfur eru gerðar til flugfélaga. Flugvirkjar sjá um viðhald vélanna til að tryggja að öllum kröfum sé fullnægt. Læknar fylgjast með heilsu flugmanna. Þá sjaldan flugvélum hlekkist á, eru atvikin rannsökuð í þaula. Engum dettur í hug að afgreiða flugslys með því að segja: Þetta er búið og gert, horfum fram á veginn. Drukinn flugmaður er sóttur til saka þótt honum takist að lenda klakklaust.

Lög og reglur kveða einnig á um samkeppni í flugi. Alþjóðasamfélagið vakir yfir öryggi í háloftunum. Flugrekstur er yfirleitt ekki mikill gróðavegur. Sjaldgæft er að stjórnálamenn seilist til áhrifa í flugfélögum.

Eftirlit

Að réttu lagi ættu sömu sjónarmið að gilda um bankastarfsemi. Sú var raunin í Bandaríkjunum og víðar um heiminn eftir kreppuna miklu sem skall á 1929. Bankar hrundu þúsundum saman. Bandaríkjaþing setti þá lög til að banna bönkum að braska með sparifé, Glass-

Steagall-lögin. Það hreif. Allt var með þokkalega kyrrum kjörum í bandarísku bankalífi þar til fennt hafði yfir minninguna um kreppuna 60 árum síðar og þingið dró úr bankaeftirliti að undirlagi bankanna sjálfra. Bankar og önnur fjármálafyrirtæki mokuðu fé í þingmenni beggja flokka á Bandaríkjaþingi til að veikja viðnámsprótt þeirra. Hvernig hefðu sömu þingmenn brugðizt við tillögu flugfélaga um minna öryggiseftirlit með heilbrigði flugmanna og viðhaldi véla? Spurningin svarar sér sjálf.

Að sönnu er samkeppnin hörð á fjármálamarkaði í Bandaríkjunum og einnig í Evrópu í krafti samkeppnislaga. Samt eru sumir bankar enn kallaðir of stórir til að falla (e. too big to fail). Í þessu ástandi felst dulinn ríkisstyrkur til bankanna sem leiðir af sér óhóflega áhættusækni. Ríkisstyrkir til einkarekstrar, leyndir eða ljósir, draga úr ábyrgð og hagkvæmni í rekstri. Bandarískir og evrópskir bankar hafa undanþingning á orðið uppvisir að lögbrotum (innherjasvikum, markaðsmisnotkun o.fl.) og hafa þurft að greiða háar sektir, en bankamenn hafa þó yfirleitt sloppið við dóma. Fyndinn maður sagði: Þetta er eins og að sekta hringveginn fyrir of hraðan akstur.

Yfirráð

Hér heima er vandinn að því leyti tilfinnanlegri en í Bandaríkjunum og úti í Evrópu, að hér er engri erlendri samkeppni til að dreifa í bankarekstri. Innlendir bankar ganga á lagið. Þeir neyta fákeppnisstöðu sinnar til að heimta hærri vexti af lántak-

“Yfirráð yfir íslenskum bönkum eru því enn sem fyrr aðlaðandi í augum þeirra sem eru sólgirnir í veiðileyfi á afkróaða viðskiptavini.

endum en þeir gætu ella gert og greiða lægri vexti af innstæðum. Þess vegna er vaxtamunurinn, þ.e. munur útlánsvaxta og innlánsvaxta, meiri á Íslandi en í nálægum löndum. Þess vegna eru bankarnir óhagkvæmir í rekstri eins og jafnvel Seðlabankinn finnur að í nýrri skýrslu sinni um fjármála- stöðugleika og enn of stórir, sjö árum eftir hrun. Þannig var þetta fyrir hrun eins og ég margbenti á hér í Fréttablaðinu og víðar, þótt Seðlabankinn þrætti þá. Yfirráð yfir íslenskum bönkum eru því enn sem fyrr aðlaðandi í augum þeirra sem eru sólgirnir í veiðileyfi á afkróaða viðskiptavini.

Aðgát skal höfð

Einkavæðing bankanna 1998-2003 mistókst svo hrapallega að Ísland varð að viðundri þegar bankarnir hrundu allir sem einn 2008. Lagaskilyrði sem eigendur banka þurfa að uppfylla voru skraddarasaumuð handa einkavinum. Í ljósi reynslunnar er ærin ástæða til að vera nú á varðbergi gagnvart áformum ríkisstjórnarinnar um eignarhald bankanna, ríkisstjórnar sem vílar ekki fyrir sér að afhenda örfáum útvegsmönnum tugmilljarða virði í makrílkvóta, meðan heilbrigðiskerfið getur ekki sinnt frumskyldum vegna fjárskorts.

Spilling ráðherra

Að ráðherra þiggi fjárhagslegan greiða úr hendi óskyldra aðila vegna persónulegra vandamála þarf ekki að vera spilling. Að ráðherra noti stöðu sína til að greiða fyrir viðskiptahagsmunum fyrirtækis og eiganda þess í útlöndum þarf heldur ekki að vera spilling.

STJÓRN MÁL



Páll Magnússon
fv. útvarpsstjóri

→ En ef sá sem fyrirgreiðslu ráðherrans naut er sá hinn sami og leysti úr persónulegum fjárhagsvanda hans er um að ræða eins kristaltæra pólitíska spillingu og hún getur orðið.

En ef sá sem fyrirgreiðslu ráðherrans naut er sá hinn sami og leysti úr persónulegum fjárhagsvanda hans er um að ræða eins kristaltæra pólitíska spillingu og hún getur orðið. Sú framgangi gæti raunar tilheyrt dæmasafni í handbók um pólitískt siðleysi. Ráðherra getur ekki notað stöðu sína sem slíkur til að greiða fyrir viðskiptahagsmunum einstaklings eða fyrirtækis sem skömmu áður hefur rétt honum fjárhagslega, persónulega, hjálparhönd. Þetta hlýtur að vera öllum ljóst, jafnvel á Íslandi. Á Vesturlöndum vikur slíkur ráðherra.

Allt annað sem hengt hefur

verið á þetta mál í umræðu síðustu daga eru aukaatriði og utan við meginefni þess. Eftir stendur hin pólitíska spilling ein og hrein. Fráleitust er staðhæfingin um að eldri atbeini annarra ráðherra fyrir þetta sama fyrirtæki sé sama eðlis. Það er hann ekki. Í hann vantar andlagið; þeir ráðherrar fengu ekkert í staðinn, eftir því sem best er vitað. Í því felst eðlismunurinn.

Ráðherra sem hefur gert sig beran að ofangreindu ætti að sýna þjóðinni – og flokknum sínum – þá kurteisi að segja sig frá ráðherra-dómi og þingmennsku.

Til hvers að flækja hlutina? **365**

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817

Leikum okkur!

Bio-tex þvottaefni og blettaeyðir

Fötin haldast lengur eins og ný! Bio-tex þvottaefnin eru sérhönnuð fyrir litaðan, hvítan og svartan þvott.

Grunnlífeyrir í grannlöndunum margfalt hærri

Þegar lögin um almanna-tryggingar voru sett árið 1946, var svokölluð nýsköpunarstjórn við völd í landinu. Þrír flokkar mynduðu þá stjórn: Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Sósíalístaflökkur. Ríkisstjórnin lýsti því yfir, að almanna-tryggingar á Íslandi ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Norður-Evrópu. Og allir á Íslandi ættu að njóta þessara trygginga óháð stétt og efnahag. Almanna-tryggingarnar

Almanna-tryggingar á Íslandi ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Norður-Evrópu. Og allir á Íslandi ættu að njóta þessara trygginga óháð stétt og efnahag. Almanna-tryggingarnar

Stjórnmalámennt bera sökina

Hvað hefur gerst? Hvernig má það vera, að Ísland standi hinum norrænu ríkjum langt að baki í þessu efni? Að sjálfsögðu bera stjórnmalámennt hér stærstu sökina. Þeir hafa ekki staðið sig í því að gæta þess, að lífeyrir almanna-trygginga hækkaði óglegilega mikið til þess að tryggja öldruðum og öryrkjum sómasamlegan lífeyri. Og ekki nóg með það heldur hafa þeir einnig tekið upp skerðingu á lífeyri almanna-trygginga til aldraðra vegna greiðslna til þeirra úr lífeyrissjóðum. Það verður að stöðva þá skerðingu strax. Þessi skerðing er blettur á almanna-tryggingunum. Hún hefur valdið svo mikilli óánægju, að kerfið er í hættu. Þegar lífeyrissjóðirn-

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson
formaður kjara-
nefndar Félags-
eldri borgara í Rvk

ir voru stofnaðir var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almanna-tryggingarnar. Það var aldrei reiknað með því, að lífeyrissjóðirnir mundu valda skerðingu á lífeyri aldraðra frá almanna-tryggingum.

Lífeyrir miklu hærri í grannlöndunum

Á Íslandi er grunnlífeyrir eldri borgara 36 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt. Í Svíþjóð er grunnlífeyrir (garantipension) 124 þúsund krónur á mánuði, í Noregi 125 þúsund krónur á mánuði, í Danmörku 118 þúsund, í Finnlandi er þessi lífeyrir (basic state pension) 95 þúsund og í Bretlandi er grunnlífeyrir (state pension) 129 þúsund kr. Í Noregi er viðbótarlífeyrir (særtillag) 125 þúsund krónur á mánuði eins og grunnlífeyririnn. Í Danmörku er viðbótarlífeyrir (tillæg) til eldri borgara alls 123 þúsund krónur á mánuði. Viðbótarlífeyrir er greiddur þeim, sem hafa litlar eða engar aðrar tekjur frá almanna-tryggingum. Hér að framman er í öllum tilvikum átt við einstaklinga. Grunnlífeyrir aldraðra í grannlöndunum okkar er í mörgum tilvikum 3,5 sinnum hærri en grunnlífeyrir hér. Það er greinilega eitthvað að kerfinu hérna.

Ef lítið er á heildarupphæð lífeyris einhleypa aldraðra frá almanna-tryggingum í Noregi kemur í ljós, að hún er allt að 385 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt miðað við 225 þúsund kr. hér. Lífeyrir aldraðra er því miklu hærri í Noregi en hér.

Um Suðurnesjalínu 2

Íbúar og landeigendur á Vatnsleysuströnd hafa árum saman barist gegn því að Landsnet hf. leggi um sveitarfélagið okkar, sem nú heitir Sveitarfélagið Vogar (Sv. Vogar) 17,5 km langt og allt að 30 metra hátt loftlínubákn þ.e. þann part af Suðurnesjalínu 2 sem Landsnet hf. ætlar að leggja milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar.

ORKUMÁL



Margrét Guðnadóttir
Landakoti, Vatns-
leysuströnd

Þegar lögin um almanna-tryggingar voru sett árið 1946, var svokölluð nýsköpunarstjórn við völd í landinu. Þrír flokkar mynduðu þá stjórn: Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Sósíalístaflökkur. Ríkisstjórnin lýsti því yfir, að almanna-tryggingar á Íslandi ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Norður-Evrópu. Og allir á Íslandi ættu að njóta þessara trygginga óháð stétt og efnahag. Almanna-tryggingarnar

Þegar lögin um almanna-tryggingar voru sett árið 1946, var svokölluð nýsköpunarstjórn við völd í landinu. Þrír flokkar mynduðu þá stjórn: Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Sósíalístaflökkur. Ríkisstjórnin lýsti því yfir, að almanna-tryggingar á Íslandi ættu að vera í fremstu röð slíkra trygginga í Norður-Evrópu. Og allir á Íslandi ættu að njóta þessara trygginga óháð stétt og efnahag. Almanna-tryggingarnar

Sjávarútvegur á að skila miklu til samfélagsins

Góðar viðtökur undirskriftasöfnunar á vefsíðunni Þjóðareign má m.a. rekja til fullyrðinga Jóns Steinssonar, hagfræðings og eins aðstandenda söfnunarinnar. Jón fullyrðir að íslenska ríkið sé hlunfarið um 40-60 milljarða árlega þar sem ekki hafi verið gengið nægilega hart fram í skattlagningu þessarar grundvallarstöðar íslensks efnahags.

Fullt tilefni er að staldra við þessa fullyrðingu. Samanlagður hagnaður útgerðarinnar, allt frá smábátum upp í stærstu fjölveiðiskip, nam 28 milljörðum króna á árinu 2013. Hér er undanskilinn hagnaður af vinnslunni enda hafa veiðigjöld verið réttlætt með því að um sé að ræða nýtingu á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Því getur varla fundist stóð fyrir þessum fullyrðingum Jóns.

Hagnaður útgerðarinnar

Hagnaður útgerðarinnar er tilkominn vegna sölu á fiski m.a. til landsvinnslunnar. Samanlagt keypti íslensk fiskvinnsla aflla fyrir um 130 milljarða króna árið 2013, en hagnaður fiskvinnslunnar í fyrria nam ríflega 30 milljörðum króna. Þetta þýðir að Jón telur að sjávarútvegurinn eigi einfaldlega að greiða allan hagnað af veiðum og vinnslu í veiðigjöld. Óþarfi er að fjölyrða um hvaða áhrif slíkt skattumhverfi hefði á fjárfestingu sjávarútvegsins og framgang hans. Rétt er að halda því til að haga íslenskar fiskvinnslur og útgerðir greiddu hátt í 30 milljarða samantlagt í skatta og opinber gjöld (tekjuskattur fyrirtækja, veiðigjöld og tryggingagjald árið 2013). Góð afkoma greinarinnar gerir að verkum að skattgreiðslur urðu umtalsvert hærri meðal annars vegna aukningar á greiðslu tekjuskatts.

Mikilvægt er að hafa í huga að velgengni íslensks sjávarútvegs byggir á öflugri virðisdeðju sem

áfanga þegar „gamla línan“, sem er reyndar aðeins 24 ára, verður lögð niður og reist annað loftlínubákn jafnstórt hinu fyrra. Þetta tvöfalda loftlínubákn á að reisa rétt ofan við Reykjanesbrautina. Það á að vera fyrsta sýn ferðamanna sem flykkjast hingað fljúgandi til að skoða ósnortna íslenska náttúru og hafa haft gaman af að byrja þá skoðun á sérkennilegu

útsýni af Reykjanesbrautinni á leiðinni til Reykjavíkur.

Úreltar framkvæmdir

Framkvæmdir Landsnets hf. eiga að byrja með því að lagður verður vegur, áætlaður 27-89 metra langur og 6 metra breiddur, að hverju masturstæði svo hægt sé að flytja efnið í mastrið þangað sem það á að rísa. Næst þarf að grafa eða sprengja margra metra djúpar holur og hella í þær steypu í undirstöður undir mastrið, svo að það fjúki ekki burt. Í fyrsta áfanga ætlar Landsnet hf. að reisa 8 slík möstur í landi Hvassahrauns, sem er næsti bær við Hafnarfjarðarlandið, og 10 möstur í Vatnsleysulandi, sem er næsti bær sunnan við Hvassahraun. Þar er reyndar eitt fallagasta byggingaland fyrir mannabústaði sunnan við Hafnarfjarðarmörkin. Í suðurenda sveitarfélagsins, í Vogum, hefur byggð stækkað ört á seinni árum og fólki fjölgað. Þar þóknast Landsneti hf. að ákveða að línustæði

→ Bæjarstjórn Sv. Voga samþykkti fyrir mörgum árum, í sátt við íbúana og að marg yfirlýstum vilja meirihluta þeirra, að allar nýjar raflínur skyldu lagðar í jörð.

fyrir Suðurnesjalínu 2 skuli liggja yfir vatnsverndarsvæði, sem búið er að ákveða að nota undir nýtt vatnsbóli fyrir þennan fjölmennasta hluta Sveitarfélagsins Voga. Í seinni tíð hefur fólk þar oft lent í vandræðum með mengað vatn úr núverandi vatnsbóli sem nauðsynlega þarf að endurnýja.

Á milli þessara tveggja enda Sveitarfélagsins Voga liggur Strandarheiðin, grösug og gróin. Hún er mjög falllegt útivistarsvæði hér í miðju þéttbýlinu við Faxaflóann. Á Vatnsleysuströnd hefur verið mannabyggð síðan á landnámsöld. Í heiðinni er mikið af mannvistarleifum frá liðnum öldum. Þar eru gamlar fjárborgir, seljatóftir, kolagrafir og göngustígar liðinna kynslóða að ógleymdum gjám og gljúfrum, hverum, gígum og móbergsgjöllum með Keili í broddi fylkingar. Af Keili er glæsilegt útsýni sem skömm er að eyðileggja með tveimur óþarfa loftlínum sem auðvelt væri, og ekkert dýrara að leggja í jörð meðfram Reykjanesbrautinni. Þar sem svo vill til að hálfur Keilir er í landi undirritaðrar neita ég að taka þátt í að úreltar framkvæmdir Landsnets hf. verði eina útsýnið af því ágæta fjalli í framtíðinni.

Meðferð við fíkn-sjúkdómi er dýrmæt

Fíknjúkdómurinn er sjálfstæður, langvinnur heilasjúkdómur með alvarlegum afleiðingum. Við honum eru til sérhæfðar meðferðir. Hindranir fyrir því að leita sér meðferðar eru miklar, stundum gríðarlegar hjá einstaklingnum sjálfum og getur farið illa. Einangrun og sjálfsásakanir eru oft áberandi meðal sjúklinganna. Fordómar hins veika eru oft mestir. Nauðsynlegt er að halda áfram að stýra þessum líffræðilega sjúkdómi inn í heilbrigðiskerfið og sinna honum þar, þrátt fyrir að hann hafi jafnframt slæmar félagslegar og persónulegar afleiðingar.

Aðgengi að meðferð er afar mikilvægt. Á Íslandi fá fleiri meðferð en í flestum löndum sem við þekkjum til. En þar er líka kvart að mikið yfir „treatment gap“, þ.e. að flestir sem þurfa meðferð fá hana ekki, allt upp í 90%. Við erum betur stödd, samt fá ekki allir meðferð sem þurfa hér. Enn eru fordómar og enn leitar fólk sér ekki hjálpar þótt vandinn vaxi.

SÁÁ veitir mikla meðferð og leggur sjúklinga inn á Vog, oftar en 2.000 sinnum á ári. Stór hluti rekstrarkostnaðar SÁÁ kemur beint frá almenningi, með framlögum, styrkjum, álfasölu og fleiru sem Íslendingar hafa tekið svo vel undir öll þessi ár. Takk fyrir það. Það er mikil þörf og við viljum hafa þennan kost að geta leitað í meðferð þegar á þarf að halda. Án beins stuðnings almennings væri það framboð fátæklegt.

SAMFÉLAG



Valgerður Rúnarsdóttir
læknir hjá SÁÁ

Það er mikilvægt að passa vel upp á það sem við höfum og gengur vel. Meðferðir sem SÁÁ býður upp á eru margþættar og sinna þessum sjúkdómi á mismunandi stigum og með mismunandi leiðum. Batinn er í áföngum og krefst sífells aðhalds.

Fjöldinn sem hægt er að sinna, vegna SÁÁ, er mikill. Það er dýrmætt. Meðferðin er ekki fyrir

fáa, heldur alla sem sækja og þurfa á henni að halda. Fjöldinn er styrkur. Flestir þurfa lítið inngríp, meðferð á Vog, eftir meðferð í göngudeild eða Vík/Staðarfelli, þetta er stuttur tími. Aðrir þurfa endurtekningu, aðra meðferð samhliða, lyfjameðferð, áfangahús o.fl. Það er líka svigrúm fyrir það, og það er líka dýrmætt. Fjölskylda fíkla, börn, systkini, foreldrar, makar, geta fengið meðferð á göngudeild SÁÁ einnig. Það er dýrmætt.

Fíknjúkdómurinn brennur á mörgum fjölskyldum, og flestir koma beint eða óbeint að þeim fjölbreytta vanda sem hann veldur. Á sama hátt er bati frá fíkn-sjúkdómi og þeir möguleikar í lífinu sem hann getur veitt, mörgum hugleikinn. Það er hvetjandi til að auka í fremur en draga úr, þegar rætt er um meðferð og önnur inngríp til að styðja til bata. Þetta er meðbyr og skilningur sem SÁÁ finnur frá almenningi og fagfólki í hversdagsleikanum, en ekki síst í álfavíkunni vor hvert.

Takk fyrir stuðninginn við SÁÁ, við meðferð alkóhólísta og annarra fíkla, enn á ný.

Gleðilegt sumar.

SJÁVAR ÚTVEGUR



Kolbeinn Arnason
framkvæmdastjóri
SFS

nær allt frá veiðum til markaðssetningar og sölu erlendis. Í þessu ferli felast mestu verðmæti og mesti styrkur íslensks sjávarútvegs. Af þessu erum við stolt, ekki síst í ljósi þess að íslenskur sjávarútvegur er sá eini innan ríkja OECD sem ekki er ríkisstyrktur.

Einna hæstir styrkir til sjávarútvegs eru reyndar veittir í Noregi en þar eru ekki innheimt veiðigjöld. Við teljum mikilvægt að varðveita þessa sérstöðu íslensks sjávarútvegs.

Uppboð á makríl

Þá hefur þess verið krafist að makrílkvótinn verði boðinn upp árlega að því er virðist í máli Jóns Steinssonar. Það mundi skapa óróa í bæjarfélögum sem byggja á fiskveiðum að geta aðeins séð á fram í tímann og rekstrargrundvöllur fyrirtækja sem þurfa að byggja á svo takmarkaðri framtíðarsýn verður erfiður. Þá er óvíst hvort lán fengjust fyrir tækjum í vinnslu, hvað þá til að mynda kaupsmanna og viðskiptasambönd erlendis.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi óska eftir því að mótað verði framtíðarskipulag sem stuðli að frekari farsælli þróun sjávarútvegs á Íslandi. Ein aðalútlutningsgrein þjóðarinnar á ekki að þurfa að búa við óvissu gagnvart stjórnvöldum sem leggst ofan á óstöðugleika á alþjóðlegum mörkuðum auk þeirrar óvissu sem felst í því að nýta lifandi auðlind. Langtímasjónarmið hljóta alltaf að vera heillavænlegasta leiðin þegar kemur að nýtingu auðlinda og fjárfreks atvinnurekstrars sem samfélagið byggir afkomu sína á.

Samstarf atvinnugreina

Íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi hefur tekist að fá gott verð fyrir afurðir sínar. Ekki ber að þakka sjávarútvegsfyrirtækjum

→ Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi óska eftir því að mótað verði framtíðarskipulag sem stuðli að frekari farsælli þróun sjávarútvegs á Íslandi.

það einum heldur samvinnu þeirra við öflug söluvirkni, flutningsfyrirtæki sem og iðnfyrirtæki sem hafa skapað vinnslutæki á heimsmælikvarða og aukið þar með verðmæti og nýtingu sjávarfangs. Þessi samvinna milli greinanna hefur orðið til þess að Íslendingar fá nær fjórutíu prósentum meira verðmæti úr veiddu kíló af þorski en Norðmenn samkvæmt skýrslu McKinsey&Company um íslenskt efnahagslíf frá 2012. Þar kemur líka fram að engin þjóð þénar hlutfallslega jafn mikið á sjávarútvegi og Íslendingar og engin sjálfstæð þjóð á jafn mikið undir sjávarútvegi og Íslendingar.

Sjávarútvegurinn ber mikla ábyrgð gagnvart íslensku samfélagi og við viljum standa undir henni. Sjávarútvegurinn er útlutningsgrein og velgengni hans byggist á því að standast erlenda samkeppni þegar kemur að gæðum, þróun, verði og kostnaði.

Hlúum að útlutningsgreinum

Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, minnti á mikilvægi þess að gæta að útlutningsgreinum þegar tekist væri á við samdrátt þegar hann kom hingað til lands í síðastliðnum mánuði. Persson sagði Íslendinga hafa margt fram að færa og vera í raun í öfundsverðri stöðu. Þjóðin væri ung, vel menntuð og rík af auðlindum þannig að hér væru allar forsendur til staðar til að auka samkeppnishæfni og bæta lífskjör landsmanna. Til þess að það tækist verði þjóðin hins vegar að vera varkár en í grundvallaratriðum séu efnahagshorfur Íslands góðar.

PFAFF

25%
AFSLÁTTUR
AF LJÓSUM OG
HEYRNARTÓLUM

LJÓS OG
LÍFSSTÍLL
Í 85 ÁR

Við látum ljós okkar skína

Á OPNUNARHÁTÍÐ Í PFAFF 7.-9. MAÍ

Verslun Pfaff á Grensásvegi er nú glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Við erum stolt af því að geta tekið á móti ykkur í bjartari, opnari og enn fallegri verslun.

Við ætlum að fagna með opunarahátíð dagana 7.-9. maí. Frábær opunartilboð, 25% afsláttur af öllum ljósum og heyrnartólum og mikið úrval af splunkunýjum gæðavörum.

SENNHEISER

ÞEGAR ÞIG VANTAR GOTT HLJÓÐ



Momentum ON. Fullt verð 29.900 kr. Tilboð 22.425 kr.



Urbanite Wireless. Fullt verð 43.900 kr. Tilboð 32.925 kr.

Makrill og markaðslausrir

Yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vill að fiskistofnarnir séu í þjóðareigu. Það stendur líka í lögum að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Slíkt ákvæði ætti jafnframt að eiga sér stöð í stjórnarskránni.

Eigendur gæða vilja eðlilega hámarka þann arð sem eignir þeirra skila þeim. Þeir láta sér ekki duga að lesa um það í lögum eða blöðum að þeir séu eigendur að einhverju. Og hvers vegna skyldi það ekki eiga við líka um eign þjóðarinnar á fiskistofnunum?

Nú stendur Alþingi frammi fyrir því að ákveða framtíðarfyrirkomulag á veiðum á makríl. Í makrilstofnunum liggja gríðarleg verðmæti. Útflutningsverðmæti hans var meira en 20 milljarðar króna á síðasta ári. Við í Bjartri framtíð viljum að hagsmunir þjóðarinnar allrar séu hafðir að leiðarljósi við nýtingu makrilstofnsins sem og annarra náttúruauðlinda. Við getum haft af þeim mikinn arð til mikilvægra samfélagslegra verkefna. Þannig tækifæri er auðvelt að klúðra. Mjög mörgum þjóðum sem eru í svipaðri stöðu hefur tekist það. Náttúruauðlindirnar hafa orðið þeim bölvun en ekki blessun. Leitt til spillingar, átaka og óréttlætis. Við verðum að varast það.

Ef við hámarksarðinn í þágu þjóðarinnar allrar getum við bætt menntakerfið til hagsbóta fyrir alla landsmenn, heilsugæsluna, samgöngurnar og fjar-skiptin. Við getum lækkað álögur á fólk og við getum haft fé til ráðstöfunar til að styrkja íbúa í byggðum sem standa höllum fæti, ekki síst vegna breytinga í sjávarútvegi. Það er bráðnaðsynlegt og réttlætismál að hluti af arðinum sem fiskveiði-

SJÁVARÚTVEGUR



Björt Ólafsdóttir
Þingmaður Bjartrar
framtíðar



Guðmundur
Steingrímsson
formaður Bjartrar
framtíðar

auðlindin getur skilað þjóðinni verði nýttur sérstaklega til slíkra verkefna. Þar þurfum við líka að horfast í augu við að tæknin hefur þegar fækkað mikið atvinnutækifærum í veiðum og hefðbundinni vinnslu sjávarafra og sú þróun mun halda áfram.

En hvernig getum við best tryggt að eigandinn, íslenska þjóðin, fái það sem henni ber fyrir eign sína? Og hvernig getum við best tryggt að þeir sem fá réttinn til að sækja makrílflann og selja hann greiði sanngjarnt verð fyrir? Verðið má hvorki vera svo lágt að arður þjóðarinnar af þessari eign verði óeðlilega lítill né svo hátt að útgerðirnar ráði illa eða ekki við það. Og hvernig getum við best tryggt að þeir sem gera mest verðmæti úr makrílflanum fái helst réttinn til að sækja hann? Það eru gríðarlega miklir hagsmunir fólgnir í því fyrir íslenska þjóð að finna bestu svörin og leiðirnar í þessu.

Réttinn á að bjóða upp

Að mati Bjartrar framtíðar finnur markaðurinn sjálfur bestu lausrirnar, betri og sanngjarnari en stjórnvöld geta fundið og betri og sanngjarnari gagnvart eigandan-

→ Ef við hámarksarðinn í þágu þjóðarinnar allrar getum við bætt menntakerfið til hagsbóta fyrir alla landsmenn, heilsugæsluna, samgöngurnar og fjar-skiptin.

um en þær sem sérhagsmunaaðilar benda gjarnan á.

Réttinn til að sækja makrílflann á að bjóða upp. Þannig fær eigandinn, íslenskur almenningur, þann arð sem honum ber fyrir afnot af þessari eign og þannig greiða þeir sem fá að nýta eignina það verð sem þeir treysta sér til að greiða. Og þannig geta þeir sem mest verðmæti skapa úr makrílflanum greitt meira en aðrir og fá því frekar réttinn til að sækja aflann. Þetta er ekki fullkomin aðferð frekar en önnur mannanna verk en hún er langbest fyrir eiganda auðlindarinnar, íslensku þjóðina, og hún er hagkvæmari og sanngjarnari en aðrar mögulegar leiðir.

Það er þó eðlilegt að þeir sem hafa stundað makrílveiðar á undanförunum árum fái nokkra aðlögun að nýju kerfi. Því leggur Björt framtíð það til að makrílkvótum verði ráðstafað á grundvelli uppboðs í áföngum á 6 árum, þannig að á þeim árum verði hluta makrílkvótans úthlutað til útgerða sem hafa aflareynslu í makríl en sá hluti fari minnkandi árlega. Að 6 árum liðnum verði öllum makrílkvótanum ráðstafað á grundvelli uppboðs.

Þegar markaðslausrir eru í þágu almannahagsmuna á hiklaust að nota þær. Uppboð á makrílkvótum er skýrt dæmi um svoleiðis kringumstæður.

Eignarréttar-fyrirvarinn og makrílfrumvarpið

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl og virðist veigamesti tilgangur frumvarpsins að koma á skipulagi við stjórn makrílveiða sem líkist um margt meginreglum aflamarkskerfisins. Sá munur er þó á fyrirliggjandi frumvarpi og meginreglum „kvótakerfisins“ að aflahlutdeildir í makríl eiga að vera tímabundnar en að mínu mati er auðsýnt að réttindi sem eru ótímabundin samkvæmt lögum, veiti betri tryggingu en réttindi sem búið er að binda fastmælum um að hægt sé að fella niður með sex ára umþóttunartíma. Með öðrum orðum, samkvæmt fyrirliggjandi lagafrumvarpi á að búa til sérstakar aflahlutdeildir í makríl sem hafa lakari eiginleika en aflahlutdeildir í öðrum tegundum nytjastofna.

SJÁVARÚTVEGUR



Helgi Áss
Grétarsson
dósent við Laga-
deild HÍ

Íslands eða setja sérlög um efnid.

Þrátt fyrir áðurakta forsögu er fyrirliggjandi frumvarp um stjórn makrílveiða umdeilt. Í ljósi þeirra hagsmuna sem um er að tefla er það eðlilegt í lýðræðisríki. Eigi að síður er mikilvægt að framsetning upplýsinga um þetta efni byggji á traustum grundvelli, þ.m.t. frá laga-
legum sjónarhóli.

Makrílfrumvarpið og eignarréttarfyrirvarinn

Skúli Magnússon lögfræðingur birti grein í Fréttablaðinu 6. maí síðastliðinn þar sem fram kom sú skoðun hans að ekki verði annað ráðið en að í fyrirliggjandi makrílfrumvarpi verði úthlutun kvóta í makríl ekki háð þeim eignarréttarfyrirvörum sem fram koma í 3. ml. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og 2. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þessu er ég ósammála. Vissulega er það rétt sem fram kemur í grein Skúla að 3. gr. makrílfrumvarpsins mælir fyrir um sérstaka tímabindingu aflahlutdeilda í makríl en það ákvæði frumvarpsins er ekki í andstöðu við áður nefnda eignarréttarfyrirvara laga um stjórn fiskveiða og laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þvert á móti, leiðir það af 1. gr. makrílfrumvarpsins, að fyrirvararnir gilda fullum fetum.

Lokaorð

Með þessu greinarkorni tek ég ekki afstöðu til efnislegra verðleika makrílfrumvarpsins, það er annarra að meta kosti þess og galla. Á hinn bóginn er ljóst að full ástæða er til að huga að setningu sérlaga um veiðarnar. Jafnframt tel ég að lagafrumvarpið, verði það óbreytt að lögum, tryggi með fullnægjandi hætti að áðuraktir eignarréttarfyrirvarar hafa gildi við stjórn makrílveiða.

Þjófnauður á tímum verkfalla

Það væri skárri ef íslenska ríkið hefði efni á að leyfa starfsmönnum sínum að stela frá sér. Upplagðast væri auðvitað ef starfsmenn ríkisins myndu ekki ræna ríkið. En því miður erum við ekki svo lánsöm, þegar þessa lands, ætlaðir atvinnurekendur stjórnvalda. Nú stendur yfir rán á verðmætum frá ríkinu og þar með þegnum þess. Mig langar hér einfaldlega að mót-mæla því töluvert ákaflega og bóka í örfáum orðum að mér finnst það alls ekki vera í lagi. Og stuttlega vil ég útskýra hvers vegna mér finnst þessi stuldur vera glæpsamlegur.

Stjórnvöld eru að dunda sér við þjófnauð á miklum verðmætum frá ríkissjóði með því að færa án endurgjalds veiðiréttindi á makríl til útgerðarfyrirtækja. Þar sem það myndi bara aðstoða við verknauðinn er réttast að halda víðari umræðu um eðli kvótakerfisins fyrir utan þessi mót-mæli. Þetta er þjófnauður hvort sem maður er hrifinn af kvótakerfinu eins og það er eða ekki.

Nú þegar nýr og verðmætur nytjastofn er farinn að ganga í torfum um íslenska lögsögu hafa stjórnvöld áberandi tækifæri til að endurtaka ekki fyrri mistök við úthlutun kvótans. Það er ekkert því til fyrirstöðu að selja einfaldlega ný veiðiréttindi til útgerðanna. Þjófnauðurinn frá ríkissjóði nemur þeirri upphæð sem útgerðirnar væru tilbúnar að greiða fyrir makrílkvótann væri þeim gert að gera það. Það verð sem útgerðirnar myndu bjóða í veiðiréttindin væri áætlað

SJÁVARÚTVEGUR



Kristinn Árnason
hagfræðingur

→ Þetta eru lélegar röksemdir sem halda mjög illa.

mat þeirra á arðsemi af veiði kvótans, að teknu tilliti til rekstarkostnaðar og gjalda sem fylgja útgerðinni. Þetta er nákvæmlega sama ferli og á sér stað í flestum rekstri. Einfalt væri að koma til móts við óvissu tilboðsgjafa með því að tengja leiguverðið að einhverju leyti lykilkvótum eins og heimsmarkaðsverði á makríl og olíuverði. Og til að koma í veg fyrir að óeðlilega stór hluti kvótans leiti til fjarsterkustu útgerðanna setur ríkið, seljandi veiðiréttindanna, einfaldlega þak á þann hluta makrílkvótans sem hver útgerð og útgerðir henni tengdar mega fara með hverju sinni. Og til að skýra tilboðsferlið byði ríkið upp veiðiréttindin til skýrt afmarkaðs tímabils í hvert skipti, ólíkt skilmálum þess glæps sem ráðin eru nú lögð á um.

Það er ekki hægt að verja svona lagað með því að halda því fram að verði sé að stuðla að sjálfbærnum og hagkvæmum sjávarútvegi. Þvert á móti stuðlar það að brenglin í samkeppni fái sjávarútvegsfyrirtæki handahófskenndar úthlutanir á verðmætum þjóðarinnar. Þetta eru lélegar röksemdir sem halda mjög illa og einkennast ýmist af óskýrri hugsun, meðvirkni eða spillingu. Í öllu falli er niðurstaðan sem stefnt er að þjófnauður frá þeim ríkissjóði sem stjórnvöldum er ætlað að standa vörð um.



TAKTU FRUMKVÆÐI AÐ EIGIN FRAMA
KYNNINGARFUNDUR MBA-NÁMSINS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Föstudaginn 8. maí verður haldinn kynningarfundur um MBA-nám Háskóla Íslands. Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins kynnir námið og fyrirkomulag þess.

Kynningin stendur frá kl. 12:15 til 13:00 og fer fram í stofu HT-101 á Háskólatorgi. Boðið verður upp á léttu hádegishressingu og fer skráning fram í gegnum tölvupóstfangið mba@hi.is.



HÁSKÓLA ÍSLANDS | MBA
www.mba.is

4BLS
KIPPA ÚT :)

SUMMAR VEISLA

SUMARGRÆJURNAR ERU KOMNAR Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI

Í Maí fást allar
vörur með vaxtalausum
raðgreiðslum með 3.5%
lántökugjaldi og 390kr
greiðslugjaldi af hverjum
gjaldþaga



**DRAUMA
SPJALDTÖLVA**
NY KYNSLÓÐ ENN ÖFLUGRI OG PYNNRI
SPJALDTÖLVA FRÁ ACER MED 7" IPS
HD FJÖLSNERTISKJÁ MED ZERO AIR
GAP OG ANTI-FINGERPRINT TÆKNI!
19.900

**50%
AFSLATTUR**
AF ÖLLUM MINNIS-
KORTUM Í MAÍ Á
MEDAN BIRGDIR
ENDAST!
MINNISKORT
Erum með mikið úrval af hágæða minniskortum
í öllum stærðum og gerðum frá Silicon Power.
VERÐ FRÁ 745
Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM!

**ENN
BETRA
VERÐ**
7" SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva sem hentar vel fyrir yngri kynslóðina, tilvalin
í leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn.
9.990
ÓTRÚLEGT VERÐ!

**ÖGRYNNI
LEIKJA**
NEB ÖTAKMARKAD
ÚRVAL AF LEIKJUM OG
FORRITUM FYRIR ÞESSA
ÓTRÚLEGU GRÆJU!
JXD LEIKJATÖLVA
Óflug spjald- og leikjätölva með öllum klassisku
tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá
14.900
ÓTRÚLEGT LEIKJAÚRVAL

**3
LITIR**

**SNJALLARI
HEIMASÍÐA**
Við kynnum til sögunar
Mobile útgáfuna af
Tölvutek.is nýttu þess
að vafra um síðuna
okkar í símanum eða
spjaldtölvunni!

Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

7. MAI 2015 - BIRT MED FYRIRVARA UM BRETUNGAÐ, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGI.

ÚRVALLIÐ ER

Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT



FULL HD IPS
FJÓLSNERTISKJÁR MED 178° SJÓNARHORNI

ASPIRE Z3
ALL-IN-ONE BORDTÖLVA

Einstaklega glæsileg All-In-One tölvu innbyggð í 23" Full HD IPS fjólsnertiskjá, HD vefmyndavél og Dolby Digital Cinematic hljóðkerfi.

- AMD Beema Quad Core E2-6110 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 UltraFast harðdiskur
- 23" Full HD IPS 1920x1080 fjólsnertiskjár
- 1GB AMD R5 240 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- 2xUSB3, 3xUSB2, HDMI inn og út tengi
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

149.900
SKJÁTÖLVUR FRÁ 79.900

PRÁÐLAUST LYKLABORD OG MÚS



ALL-IN-ONE

ASPIRE ZC

MÚS OG LYKLABORD FYLGIR

- Intel Quad Core J1900 2.4GHz Burst
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 7200RPM diskur
- 20" HD+ LED 16:9 1600x900 skjár
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 1080p Crystal Eye Full HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

79.900
GLÆSILEG HEIMILISVÉL



240GB SSD
STYRKERFSMÓÐUR

GIGABYTE
DELUXE TÖLVUTILBOÐ 2

- Thermaltake Core V1 ITX leikjaturm
- AMD X4 860K Quad Core 4.0GHz Turbo
- GIGABYTE A88XN-WIFI móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 240GB SSD Chronos G2 SATA3 diskur
- 2GB Radeon R7 260X OC leikjaskjákort
- 867Mbps WIFI AC og Bluetooth 4.0
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

149.900
GLÆSILEGUR LÚXUS TURN!

AÐEINS 28cm
Hár og aðeins 26cm mjór og 32cm grannur!



BREYTTU SÍMANUM Í ÖFLUGA LEIKJATÖLVA
EDA MARGMIÐLUNARSPILARA MED TENGINGU VÍÐ SJÓNVARPIÐ

MAD CATZ

SÍMI FYLGIR EKKI MEÐ



1TB Slim
STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI

Örþunnur og físléttur ferðaflakkar með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örmár Seagate USB3.0 ferðaflakkar
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og físléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

14.900
2TB AÐEINS 19.900



MS-3 R2
FYRIR ATVINNUSPILARA

- Avago ADNS 9500 Laser 5670 DPI vél
- Einstakir T+4 Thumbzone flýtitakkar
- 10 stillanlegir macro takkar
- 512K minni fyrir leikjaprófla og Macros
- Tekur upp allt að 255 aðgerðir í 1x Macro
- Val milli ótal lita sem lýsa upp músina
- Öflugur hugbúnaður til að stilla allt

12.900
ÓTRÚLEG LEIKJAMÚS!



FORCE K7
OFUR ÖFLUGT LEIKJALYKLABORD

MEST SELDA LEIKJALYKLABORD

- Ný kynslóð Membrane leikjalykklaborða
- LED baklýst lykklaborð með ljósröfa
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Dynamic stillir fyrir hljóðstyrk og baklýsingu
- Anti-Ghosting tækni á leikjatökkum
- Hot-link flýtiþappar fyrir helstu aðgerðir
- Scissor-Key tækni veitir minna viðnám
- Þéttvafin snúra og gullhúðað USB tengi

9.990
HÁGÆÐA LEIKJALYKLABORD



LACIE
CLOUDBOX 4TB TÖLVUSKÝ

- 4TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

34.900
ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ



LACIE
PORSCHE 4TB USB 3.0 FLAKKARI

- 4TB LaCie Porsche hágæða flakkar
- Hannaður af Porsche fyrir LaCie
- Ofur hljóðlát víftalaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- PC&Mac öryggis/afritunarhugbúnaður
- Sterkbyggt 5mm burstað álhúsi
- 10x meiri hraði með USB3.0

29.900
8TB AÐEINS 69.900



iPad Air 2

- 9.7" UHD Retina fjólsnertiskjár 2048x1536
- Triple Core 1.5GHz A8X Apple örgjörvi
- 16GB flash SSD diskur
- AC MIMO þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 8MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Touch ID fingrafaraskanni í heimatakkana
- Ný rafhlöðutækni allt að 10 tímar
- Örþunn aðeins 6.1mm og físlétt 437gr
- Apple iOS 8.1 stýrikerfi og fjöldi forrita

74.900
ÓTRÚLEGT VERÐ!

25 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!
ALBENGT VERÐ 99.900



V1 FLIGHTSTICK
FLJUGÐU INN Í SUMARIÐ

V1 Flightstick frá Mad Catz er ómissandi viðbót í flugleikina. Stilltu takkana eins og þú vilt með hugbúnaði og uppgötvaðu nýjar hæðir í leikjaupplifun með þessum stórglæsilega stýriþinnna!

- Stórglæsilegur Flightstick frá Mad Catz
- Frábær inngjöf auðveldar aflstjórnun
- Öflugur hugbúnaður til að stilla takkana
- 8-way rubberized hat takki
- Shift takki sem tvöfaldar eiginleika takkana
- POV switch til að horfa í kringum þig
- Virkar með öllum helstu flugleikjum á PC
- Stórglæsileg hönnun og ótrúleg gæði

9.990
MED THROTTLE AÐEINS 12.900



R5 BLACK
fractal

FRÁBÆR BORDTÖLVA

Fyrir ACER með Intel Quad Core örgjörvi, 4GB minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni

54.900



3TB EXPANSION
Seagate

3TB USB3 FLAKKARI

19.900



GTX 960 ITX
GIGABYTE

7 GHz
2GB GDDR5

GTX 960 SKJÁKORT

39.900



7" SP JALDTÖLVA

16.900



ALLT ÞRÁÐLAUST

4.990



FLOTT LEIKJAMÚS

4.990



240GB SSD DISKUR

19.900



16GB MINNISLYKILL

1.990



PEBBLE CLASSIC

14.900

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Ný hönnunarverslun
Valentina Tinganelli
hannar skó og fylgihluti úr
karfaróði og leðri.
SÍÐA 2



Tískudama

Svava Halldórsdóttir lærði
fatahönnun í Flórens á
Ítalíu. Hún lærði að
elda ítalskan mat og
hvernig á að slaka á
og njóta lífsins.
SÍÐA 4

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

Tékk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

NÝTT LÍF MEÐ HJÁLPI CURCUMIN

BALSAM KYNNIR CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að fimmtíu sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðmótin, auka liðleika, bæta andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál. Steinunn Kristjánsdóttir segir Curcumin hafa gefið sér nýtt líf.

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkraliði að mennt og vinnur í dag við verslunarstörf. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkamann í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi. „Mér var alltaf illt í öllum líkamanum og vildi helst alltaf fara heim snemma ef ég fór út. Ég gat ekki haldið á bók til lestrar og vaknaði iðulega á næturnar og gat ekki sofnað vegna verkja.“ Steinunn var búin að reyna allt til að öðlast betri líðan án árangurs og taldi sig einfaldlega þurfa að sætta sig við verkina. „Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gefið mér nýtt líf. Ég er búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð, ég missti úr fjóra daga og það var þá sem ég uppgötvaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki.“

BARNABÖRNIN SEGJA „AMMA ER FARIN AÐ HLAUÐA“

Steinunn segir að það besta við að vera laus við verkina séu betri stundir með fjölskyldunni. „Ég er svo þakklát fyrir að geta liðið vel í eigin líkama og notið þess að vera með barnabörnunum mínum. Mér fannst skemmtilegt að heyra barnabarnið mitt segja mömmu sinni að amma væri bara farin að hlaupa upp stigann,“ segir Steinunn og hlær. „Hún hafði ekki séð það áður. Það er svo mikill lífsvilji í mér að ég verð að fá að lifa lífinu lifandi. Mér þykir rosalega gaman að fara á skíði, synda, hjóla, ganga á fjöll og loksins sé ég fram á að geta farið að gera það sem ég elska aftur. Ég er hins vegar ánægðust með að vera orðin skemmtilega Steinunn aftur.“



MÆLIR MEÐ Steinunn Kristjánsdóttir sjúkraliði mælir eindregið með Curcumin.

SÖLUSTAÐIR

Fánlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfju, Apótekinu, Apótekarunum, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum, Lifandi markaði, Hagkaupi, Heilsuhúsinu, Orkusetrinu, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is og Heimkaupum.



VISSIR ÞÚ að yfir 3.000 rannsóknir hafa verið framkvæmdar á Curcumin?

RÁÐLÖGÐ NOTKUN
Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

100% NÁTTÚRULEGT
Bætiefnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).

CURCUMIN (gullkryddið)

er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2.000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsu kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgum og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

HREINT CURCUMIN ER MARGFALT ÁHRIFAMEIRA EN TÚRMERIK

CURCUMIN-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2-5% miðað við þyngd, og því getur hreint Curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning af túrmerikrótinni á þægilegan máta.



Toppar, túnukur
og síðir bolir!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahnildi.is

Lager sprengja 20-70% afsláttur

Aðeins nokkra daga

Tilboð
á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu stendur t.d. sýningardýnum

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Lager: Völuteigi 17-19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

50-70% afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, höfðagöflum, rúmstæðum hvíldarstólum, sófum, rúmteppum, koddum, lökum o.fl.

Opið virka daga 12-18:30 - Laugardag 12-16

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Söluver: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429



BUXUR kr. 12.900.-

Litir:
 Dökkblátt galla
 Ljósblátt galla
 Hvítt
 Svart
 Drappað
 Bleikt

Ríta

str. 40-52

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Stretchbuxur á 13.900 kr.

15 litir:
 svart, kongablátt, rautt, vínrautt, hvítt, ljósbeige, sandgrátt, dökkgrátt, ljósgrátt, flöskugrænt, mosa-grænt, grasgrænt, orange, ryðorange, blátt.

- stærð 36 - 54
- 7/8 sídd.
- með rennilás og smellum neðst á skálum.

Opið virka daga kl. 11-18
 Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
 FASHION
 Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klíkið á myndir og verð á Facebook



VALENTINA
 Valentína er hálfur Ítali og hálfur Íslendingur og leggur áherslu á að tengja þessi tvö lönd saman í hönnun sinni.
 MYND/ERNIR
 VÖRUMYNDIR/ÍRIS STEFÁNSDÓTTIR



ÍSLENSK HÖNNUN, ÍTALSKT HANDVERK

NÝ HÖNNUNARVERSLUN Valentína Tinganelli dúxaði frá IED hönnunarskólanum í Róm síðastliðið sumar og hefur nú sett útskriftarlínu sína í framleiðslu. Það eru skór og fylgihlutir úr leðri sem eru handsamaðir á Ítalíu.

Valentína á sterkar rætur á Ítalíu enda er hún dóttir söngvarans Leone Tinganelli. „Ég á stóra fjölskyldu í Napólí sem ég er í góðum tengslum við. Ég bjó þar þegar ég var lítil, var síðan í hált ár á Ítalíu þegar ég var átján ára og fyrir níu mánuðum kom ég heim eftir þriggja ára dvöl í Róm,“ segir Valentína, sem stundaði nám við hönnunarskólann Istituto Europeo di Design (IED) í borginni. Kennarar skólans voru langflestir tengdir inn í heim hönnunar og störfuðu flestir við hönnun eða í hönnunarhúsum. „Þar aflaði ég mér alls konar þekkingar um hönnunarheiminn,“ segir Valentína, sem hefur alltaf haft ástríðu fyrir skóm og öðrum leðurvörum.

N25 DESIGN STORE

Sem lokaverkefni fyrir skólann ákvað Valentína að hanna línu af skóm og fylgihlutum úr leðri. Hún gerði sér lítið fyrir og dúxaði. „Þar sem ég fékk mjög jákvæð viðbrögð frá kennurunum og öðrum í kringum mig ákvað ég að láta drauminn rætast og reyna að koma hönnun minni á framfæri,“ segir Valentína sem hannar undir nafninu Tinganelli. Hún opnar nýja hönnunarverslun í dag í samvinnu við Völu design sem systurnar Sigríður Ásdís og Ágerður Ólína Jónasdætur standa að, en í línu þeirra er að finna skartgrip

gerða úr náttúrusteinum og íslenskum fjörusteinum.

Verslunin heitir N25 Design store og er á Njálsgötu 25. „Þetta var alveg handónýtt húsnæði. Við rifum allt innan úr því og það eina sem stóð eftir voru útveggirnir. Síðustu átta mánuði hafa Eyjólfur kærastinn minn, og pabbi hans, gert húsnæðið upp um helgar og á kvöldin,“ segir Valentína.

INNBLÁSTUR FRÁ VÍKINGUM

Innblásturinn að línu sinni fékk Valentína frá víkingatímanum. „Litina sækir ég í náttúru Íslands; eld, sjó, hraun, jökla og sandbreiður,“ segir Valentína sem notar meðal annars íslenskt hráefni í hönnun sína. „Til dæmis nota ég íslenskt karfaleður sem framleitt er hjá Sútaranum á Sauðárkróki. Ég vil þó ekki nota það sem aðalefni heldur fremur til skrauts.“

Valentínu þótti mikilvægt að tengja saman rætur sínar á Íslandi og Ítalíu en hún lætur framleiða hönnun sína á Ítalíu. „Ég vil að gæðin séu í lagi og eyddi því miklum tíma í að finna hina fullkomnu handverksmenn á Ítalíu,“ segir hún en skóna og hanskana lætur Valentína framleiða í Napólí. „Borgin er þekkt fyrir gott handverk og meðal annars hófst saga hins goðsagnakennda skósmiðs, Salvatore Ferragamo, í Napólí,“ lýsir hún.

OPNUN

Opnunarpartý N25 Design store verður í kvöld frá klukkan 19 til 22. Boðið verður upp á léttar veitingar í versluninni að Njálsgötu 25.

TINGANELLI Á FACEBOOK

Nánari upplýsingar um hönnun Valentínu má finna undir Tinganelli á Facebook.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T

Í dag fögnum við 2 ára afmæli INDISKA á Íslandi

AFMÆLISGLEÐI

2015

Í tilefni af afmæli okkar verða
allar vörur með 20% afslætti
í verslun INDISKA í dag.

Í kvöld kl. 18.00 bjóðum við til
stórglæsilegrar tískusýningar á
1. hæð Kringlunnar þar sem við
kynnum nýju sumarlínuna okkar.

Velkomin!

GYRO kr. 156.400

MIST KLUKKA kr. 9.980

SMILE BUTTON - 3JA SÆTA kr. 204.800

ASTRID kr. 79.800

GINA kr. 19.700

CALVIN TUNGUSÓFI 269X153 cm kr. 227.400

2 SAMAN Í SETTI

YUMI kr. 28.400

TURTLE kr. 239.000

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
 OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
 BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN



FLÍKIN MÍN

„Uppáhaldsflíkin mín er brúðarkjöllinn hennar mömmu. Hann er ullarkjöll, beige-litaður með hvítum bómullarböndum. Mjög fallegur og öðruvísi brúðarkjöll.“

SVÖRT EÐA LITAGLÖÐ Stíll Svövu Halldórsdóttur fer svoltið eftir því hvernig skapi hún er í. Hún er hins vegar aldrei rómantísk eða dúlló í útliti. MYND/ERNIR

MEIRI ROKKARI HELDUR EN HIPPI

HIPPALEGUR ROKKARI Svava Halldórsdóttir er veik fyrir skóm, tösukum og öllu sem er blátt. Henni finnst hún vera nakin ef hún er ekki með naglalakk.

Flórens á Ítalíu er ein fallegasta borg sem Svava Halldórsdóttir, fatahönnuður og verslunarstjóri í Hrími á Laugavegi, hefur komið til. Þar bjó hún í fjögur ár og lærði fatahönnun í skóla sem heitir Polimoda, ferðaðist um alla Ítalíu, lærði að elda ítalskan mat og hvernig á að slaka á og njóta lífsins. Hún er dugleg að fylgjast með hvað er í tísku bæði í fatnaði og í innanhúsmunum.

Hvernig klæðir þú þig hversdags? Núna er ég aftur dottin í gallabuxna-, T-shirt- og strigaskópakkann. Ég fer alltaf í gegnum svona tímabil, gallabuxur með öllu og svo dett ég í kjólatímabilið og svo koma háu hælarnir ...

Hvernig klæðir þú þig spari? Þá eru hælarnir teknir fram, hef reyndar lækkað þá töluvert á síðustu árum. Var alltaf í tíu eða tólf sentimetra háum hælum en er komin í sjö sentimetra núna. Eftir að ég eignaðist stelpuna mína þá hef ég verið á hlaupum og varð að lækka hælana svo ég gæti náð henni. Svo er ég annaðhvort í finum buxum og skyrta eða fallegum kjól og sokkabuxum, skelli á mig varalit og naglalakki, reyndar finnst mér ég alltaf vera nakin ef ég er ekki með naglalakk.

Hvernig lýsir þú stílnum þínum? Ég er meira rokkari en hippí, þó svo að ég eigi útvíðar buxur og blómaskyrta. Það fer allt eftir því hvernig skapi ég er í, ég get

verið mjög svört og líka rosalega litaglöð en aldrei rómantísk eða dúlló ;) held að það verði seint sagt um mig.

Hvar kaupir þú fötin þin? Ég reyni nú að styrkja Íslandsmarkaðinn. Ég blanda mikið saman merkjavöru og ódýrari vörum. Annars versla ég til dæmis í GK Reykjavík, 38 þrepum, Lindex, Zöru og einn og einn Alexander Wang-bol úr Gottu, þeir eru bestu bolir sem ég hef átt.

Eyðir þú miklu í fót? Ég gerði það, já, of miklu held ég, en ég hef verið heppin að vinna í flottum fatabúðum þannig að ég gat dreift eyðslunni. Finnst núna of gaman að kaupa fót á dóttur mína, hana Sögu Ljós, fjögurra ára ofurtöffara.

Hver er uppáhaldsflíkin þin? Uppáhaldsflíkin mín er brúðarkjöllinn hennar mömmu sem ég var í þegar við nefndum stelpuna mína. Hann er ullarkjöll, beige-litaður með hvítum bómullarböndum. Mjög fallegur og öðruvísi brúðarkjöll.

Uppáhaldshönnuður? Ég hef alltaf elskað Vivienne Westwood. Hin eina og sanna Gabriella Coco Chanel, allt sem hún hannaði og gerði, það er bara eitt orð: VÁ. Svo eru nokkrir frá Ítalíu sem ég fylgist með, til dæmis Alessandro Dell'Acqua, Alberta Ferretti, Emilio Pucci, Salvatore Ferragamo og Elsa Schiaparelli. Filippa K og Alexander Wang eru líka í uppáhaldi, ég gæti

endalaust talið upp hönnuði eða tiskuhús.

Bestu kaupin? Hermannaúlpan mín úr 38 þrepum, sem ég fékk mér í 30 ára afmælisgjöf seinasta sumar.

Verstu kaupin? Get nú ekki munað eftir, verstu kaupunum, tískan er svo margbreytileg og gengur í hringi, þannig að „verstu“ kaupin verða bestu kaupin á næsta tímabili.

Hverju verður bætt við fata-skápinn fyrir sumarið? Var að fjárfesta í fallegum bláum leðurstrigaskóm með hvítum gúmmibotni úr Evu, þeir voru á listanum fyrir sumarið. Gul hliðartaska frá Furla og svo kannski einn bolur eða skyrta frá Filippu K, þá má sumarið koma ...

Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti? Skór og tösukur, og allt sem er blátt.

Hvers konar fylgihluti notarðu? Ég var alltaf eins og mjög vel skreytt jólatré á árum áður en hef minnkað skartið mikið. Geng alltaf með tvær gullkeðjur frá mömmu og We Wood-viðarúr. Ég er alltaf með tösku, stóra, litla, bleika, brúna eða bláa.

Áttu þér tiskufyrirmynd? Nei, ekki beint en fæ mikinn innblástur frá bloggheimum og af fólkinu sem labbar niður Laugavegin.

Kjöll, píls eða buxur? Buxur, núna allavega.

Stutt eða sítt? Sítt.
Háir hælur eða flatbotna? Bæði, get ekki valið á milli.



Suðurlandsbraut 32



TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

BORGUN



CUBE 160



CUBE 240



CUBE 160



pýsk gæði á góðu verði!

CUBE

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



8 rétta
hlaðborð í
hádeginu

TILBOÐ
KR. 1.590.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00

Hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar.



Kinahofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

kinahofid.is

Nú hlýnar í veðri,
bjóðum upp á
**Yfirhafna-
daga**

15%
afsláttur
af öllum
yfirhöfnum

Léttir frakkar,
vatteraðir jakkar
og þunnar dúnúlpur.

Frábær sumarföt
fyrir fríð og golfið.

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



GLÆSILEIKI
Haust- og vetrartíska
Stella McCartney
er frjálslæg og falleg.
Athygli vekur hversu
buxurnar eru síðar
og víðar. Þá er hvíti
liturinn vinsæll.

SÍÐAR OG VÍÐAR BUXUR Í HAUST

TÍSKUDROTTNING Stella McCartney fer venjulega eigin leiðir í hönnun sinni. Þegar hún kynnti haust- og vetrartískuna 2015 á tískuviku í París þótti hún bera keim af diskótímanum á áttunda áratugnum.

Hauttíska Stella þykir kvenleg en þó frjálslæg. Sérstaka athygli vöktu buxurnar sem voru mjög víðar, síðar og með uppábroti. Buxurnar voru ekki bara víðar að neðan heldur fremur víðar niður. Buxnadragtir virtust vinsælar en einnig fyrirferðarmiklar kápur, sumar úr grófu loðnu efni. Stella hefur yfirleitt verið leiðandi í tísku sem hentar öllum. Margar konur eru hrifnar af frjálslægri hönnun hennar. Hún notar hvítan lit

mikið en í þessari línu mátti sjá hina einu sönnu haustliti. Stella McCartney er fædd 1971, dóttir Bít-ilsins Pauls McCartney og fyrstu konu hans, Lindu, en hún lést árið 1998. Stella ólst upp í Lambeth í London. Hún fékk snemma áhuga á tískuhönnun. Hún er í dag vel metinn og eftirsóttur hönnuður og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar. Þegar hún sýndi haust- og vetrartískuna í París var faðir hennar að sjálfsgöðu meðal gesta.

ÚTIVIST

FIMMTUDAGUR 7. MAÍ 2015

Kynningarblað

Ísklifur, fjallgöngur um allan heim, hjólaferð í Barcelona og Tindahlaup Mosfellsbæjar.



Helgi Benediktsson sýnir hér hið fjölbreytta úrval af gönguskóm í Útilífi.

MYND/STEFAN

Vandaðir gönguskór eru mikilvægir

Útilíf sérhæfir sig í vönduðum gönguskóm fyrir göngufólk, hvort sem menn ætla í styttri göngur eða klífa fjöll. Mikið úrval af gönguskóm fæst í versluninni. Starfsfólk Útilífs er sérþjáfað í að veita göngu- og útivistarfólki aðstoð við val á réttum útbúnaði.

Helgi Benediktsson, vörustjóri útivistar í Útilífi, segir að vandasamt geti verið að velja réttu gönguskóna. „Það eru margar tegundir af skóm á markaðnum sem henta í mismunandi göngur. Skór sem henta í styttri göngur á göngustígum, það eru mjúkir skór með góðum sóla, eða fjallgönguskór fyrir snjó og bratta sem veita góðan stuðning og hafa öflugan gripsóla, vatsheldni og þá eiginleika sem henta aðstæðum. Við sérhæfum okkur í að vera með allar tegundir af gönguskóm og leggjum mikið upp úr því að vera með heimsþekkt gæðamerki,“ segir Helgi.

Mismunandi fætur

Hann bendir á að fætur fólks séu mismunandi og þess vegna henti mismunandi lag á skóm. „Okkar aðalmerki er Meindl sem er vandað, þýskt vörumerki. Þetta merki er þekkt fyrir mikil gæði. Fyrirtækið á langa fjölskyldusögu og hefur sérhæft sig í framleiðslu á vönduðum og þægilegum gönguskóm. Verksmiðjan er við rætur Alpenna og útivistarfólk og göngugarpar þekkja merkið vel. Við erum mjög stolt yfir að geta boðið þetta merki en það hefur fengist í Útilífi í áratugi,“ segir Helgi.

Fjallgöngur eru orðnar lífsstíll hjá mörgum og mikil aukning hefur orðið í slíkri útivist hér á landi. Helgi segir að Útilífi bjóði einnig eitt stærsta og þekktasta útivistarmerki í veröldinni, The North Face. „Við bjóðum ýmsar gerðir frá þeim. Einnig erum við með ítalska merkið Scarpa, sem er vel þekkt hér á landi, og Helly Hansen.“

Skórnir aðalmálið

Helgi segir að gönguskór séu eitt aðalmálið fyrir þá sem vilja byrja göngur. „Það er vandasamt að finna réttu

skóna. Við leggjum mikla áherslu á að veita fólki góða þjónustu í skóleitinni. Það eru ákveðnar aðferðir sem við notum til að finna skó sem henta stærð og notkun. Til dæmis er mikilvægt að mæta alltaf í góðum ullarblönduðum sokkum því þeir eru notaðir árið um kring. Góðir sokkar koma í veg fyrir svita og særindi. Þá vil ég benda fólki á að mikilvægt er að bera á skóna og halda þeim við. Góðir gönguskór eru fjárfesting og ef farið er vel með þá endast þeir lengi. Við erum með sérvalin efni til þess. Einnig seljum við sérstök innlegg fyrir gönguskó. Mikilvægast af öllu fyrir fjallagarpa er að vera vel búinir til fótanna því það eykur öryggi og ánægju,“ útskýrir Helgi.

Allt fyrir útivistina

Í Útilífi er gríðarlegt úrval af fatnaði fyrir allt útivistarfólk. „Við erum með fatnað frá North Face sem er eitt vinsælasta útivistarmerkið í veröldinni. Þá eru nærfót mikilvæg í göngum og við mælum sérstaklega með merínóullinni. Hún hefur þann góða eiginleika að draga raka frá líkamanum en heldur um leið góðri einangrun. Sömuleiðis vil ég benda göngufólki á okkar mikla úrval af frábærum bakpokum í öllum stærðum. Þetta eru Deuter-bakpokar frá Þýskalandi sem er langstærsti framleiðandi í Evrópu. Deuter-bakpokar eru margverðlaunaðir, enda afskaplega vandaðir,“ segir Helgi og segir að starfsfólk Útilífs veiti góða þjónustu við val á réttum bakpoka.

Hægt er að skoða gönguskó og -búnað í útivistardeildinni í Útilífi í Glæsibæ en einnig í Kringlunni og Smáralind.

Heimasíða Útilífs er www.utilif.is.



Flottir gönguskór. Meindl er vandað, þýskt vörumerki, þekkt fyrir mikil gæði.



Leifur segir að þótt tindarnir sjö standi fyrir sínu þá sé til fullt af fjöllum sem einnig sé gaman að koma á. Hér er hann á tindri Cho Oyu sem stendur á landamærum Tíbets og Nepals.

Upplifunin helst skýrð í kvikmynd

Leifur Örn Svavarsson hefur náð þeim ótrúlega árangri að ganga á hæstu tindu allra heimsálfanna sjö auk þess að komast á báða pólana. Honum finnst heillandi að ganga um fjallasali og skemmtilegt á fjöllum og afskekktum svæðum hvort sem það er á Íslandi, Grænlandi eða tindunum sjö.



Leifur segir suðrúpólinn vera vinalagan en norðrúpólinn síbreytilegan.



Leifur á toppi Vinson Massif.

MYNDR ÚR EINKASAFNI

Leifur Örn Svavarsson, einn stofnenda Íslenskra fjalla-leiðsögumanna, er einn reyndasti leiðsögumaður Íslands enda hefur hann starfað sem slíkur í um þrjátíu ár. Í febrúar síðastliðnum náði hann því markmiði að ganga á hæstu tindu allra heimsálfanna sjö en þá náði hann toppi Carstenz Pyramid á Papúa Nýju-Gíneu sem er hæsti tindur Eyjaálfu. Auk þess að hafa gengið á tindana sjö hefur hann gengið á bæði suður- og norðrúpólinn. Leifur er annar Íslendingurinn sem nær þessum árangri á eftir Haraldi Erni Ólafssyni en einungis um fjörutíu manns í heiminum hafa klárað þessa áskorun. „Ég er alls ekki hættur þótt þessum áfanga sé náð. Eftir um viku geng ég í þriðja sinn á Denali, hæsta fjall Norður-Ameríku. Um næstu áramót stefni ég á suðrúpólinn og í kjölfarið á hæsta fjall Suðurskautslandsins, Vinson Massif. Ég hef farið á flesta tindana oftar en einu sinni og þrisvar sinnum á Aconcagua.“

Einstök lífsreynsla

Tindarnir sjö eru eins og áður segir Carstenz Pyramid í Eyjaálfu og Denali í Norður-Ameríku, Elbrus í Evrópu, Kilimanjaro í Afríku, Vinson Massif á Suðurskautslandinu, Aconcagua í Suður-Ameríku og Everest í Asíu. Leifur segir að þótt tindarnir standi fyrir sínu þá sé til fullt af fjöllum sem einnig sé gaman að fara á. „Í heildina er ég mjög hrifinn af Grænlandi og væri til í að eyða meiri tíma þar. Háslétta Tíbets og fjallahéruð Nepals eru líka ákaflega heillandi. Þetta sambyli manna við hrjóstruga náttúru og hvernig þeir hafa aðlagð sig óblíðum náttúruöflum finnst mér heillandi,“ segir Leifur og bætir við að tveir ólíkir hlutir sitji helst eftir af ferðunum á tindana sjö og pólana. „Öll verkefni hafa verið mjög skemmtileg og fullkomlega þess virði en tvennt stendur upp úr. Annars vegar gangan meðal frumbyggja regnskóga Papúa Nýju-Gíneu til að komast að Carstenz Pyramid. Þar óð ég drullu og klofaði yfir fallna trjáboli með dani-fólk, sem er í litlum tengslum við vestræna sið-

menningu, sem aðstoðarfólk. Það var einstök lífsreynsla. Hins vegar var það allt annar hlutur að vera á fljóttandi íshellu Norður-Íshafsins á leið á norðrúpólinn. Slíkt verður í rauninni ekki skýrt nema í kvikmynd, íshellan er á hreyfingu og hljóð og brestir heyrast allan tímann. Þar er engu hægt að treysta og ekkert sem er víst. Ferðin gengur vel í augnablikinu en við sjóndeildarhringinn er kannski opið haf eða brotnir jakar eða eitthvað sem er algjörlega óvíst. Norðrúpólinn er allt öðruvísi en suðrúpólinn sem er að mörgu leyti vinalegur. Þar er kalt en alltaf sól, hann er mjög einsleitur en norðrúpólinn er síbreytilegur.“

Þarf að hlusta á hjartað

Spurður að því hvort hann verði aldrei hræddur á ferðum sínum segir Leifur að það fylgi því alltaf einhver áhætta þegar farið er svo hátt, sérstaklega ef hæðin er yfir sjö þúsund metrar. „Markmiðið er alltaf að koma aftur heim, með alla fingur og tær. Ég er fullkomlega meðvitaður um að það er alltaf áhætta í för með þessu og líka áhætta sem ekki er ráðið við eins og svo berlega hefur sýnt sig á nýliðnum atburðum. Þegar ég fór í Everest-leiðangurinn fyrir tveimur árum sem var einkaleiðangur þá var ég norðanmegin í fjallinu og það er helst þar sem dauðinn er sýnilegur. Þar liggur enn látið fólk sem hefur dáíð einhverjum árum og áratugum áður á leiðinni upp fjallið. Þar fer það ekki á milli mála að þetta getur verið lífshættulegt og því vissara að undirbúa sig vel,“ útskýrir Leifur. „Þetta er ekki spurning um að ögra sjálfum sér. Öll fjallamenska er viss ögrun en þetta þarf að koma í litlum skrefum. Ef skrefin verða of stór eða eru tekin í huganum eða annars staðar utan raunveruleikans þá verður þetta frekar hættulegt.“

Aðalhvatan að því að komast á fyrirhugaðan stað segir Leifur vera löngunina til að komast þangað. „Til að hafa orkuna sem þarf til að yfirstíga fjölmarga erfiðleika á leiðinni þarf löngunin að vera mikil. Ég held að maður þurfi að hlusta á hjartað og hafa þann drifkraft sem þarf til að komast á áfangastað.“

www.fi.is

Ferðafélag Íslands Komdu og vertu með! Upplifðu náttúru Íslands

Upplifðu
ævintýri
í sumar!

Maí

- 13.05 - Örganga um Breiðholtið
- 16.05 - Hrótsfjallstindar
- 18.05 - Barnavagnavika •
- 20.05 - Örganga um Breiðholtið
- 23.05 - Hvannadalshnúkur
- 23.05 - Heinabergsfjöll
- 27.05 - Örganga um Breiðholtið
- 30.05 - Sveinstindur

Júní

- 07.06 - Herðisarvík og Strandarkirkja
- 11.06 - Pöddulíf í Elliðaárdal •
- 13.06 - Birnadalstindur
- 16.06 - Grasaferð og galdralækningar
- 16.06 - Hringur um Botnssúlur
- 17.06 - Leggjarbrjótur
- 19.06 - Sumarsólstöðuganga FÍ og VÍS á Skjaldbreið
- 20.06 - Toppahopp í Vestmannaeyjum
- 20.06 - Níu tindar Tindfjalla
- 21.06 - Eyjasprang og giljagöngur •
- 23.06 - Álfar og tröll á Jónsmessu •

Sjá nánar um allar ferðir á www.fi.is

Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is

Skráðu þig inn – drífðu þig út



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | fi@fi.is | www.fi.is

FERÐAFÉLAG
BARNANNA

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is s. 512 5429.

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

Auðveldaðu þér vinnuna með góðum græjum

Stanley pinnasuðuvél STAR 2500

Verð: 21.018 kr.

Allar gerðir af rafsuðuvélum
frá Stanley á lager á góðu verði.



BMI snúningslaser 64808AHV sett

BMI

Drægni: 300 m með móttakara
Sjálfstillandi
Nákvæmni: +/-3 mm / 30 m
NiMH hleðslurafhlöður
Taska fylgir með móttakara,
fjarstýringu ofl.
IP64
Verð: 87.885 kr.



ACDelco ANI405 loftherslulykill 1/2"

Verð: 10.416 kr.

Loftverkfæri í úrvali frá ACDelco.



Ford borvél með höggi

Hleðsluvél 18V 1,5Ah
– 2 rafhlöður, Li-Ion
Verð: 20.925 kr.



Ford skrúfborvél

Hleðsluvél 18V 1,5Ah
– 1 rafhlaða, Li-Ion
Verð: 16.839 kr.



Léttar en öflugar borvélar **Panasonic** ideas for life

Panasonic EY 7441 LE2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion
14,4 V
2 gírar
1,5 kg
Verð: 34.596 kr.



Panasonic EY 7441 LR2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 3,3Ah Li-Ion
2 gírar
14,4 V
1,75 kg
Verð: 48.980 kr.



Panasonic EY 74A1 LS2G

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 4,2Ah Li-Ion
2 gírar
18 V
1,95 kg
Verð: 71.610 kr.



VÉLAR & VERKFAERI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Hjóla til að njóta umhverfisins

Hjónin Arnheiður Svala Stefánsdóttir og Jens Ormslev velja sér áfangastaði í sumarfríum eftir því hvort gott er að komast um á hjóli. Þau taka helst aldrei neðanjarðarlestir heldur vilja upplifa umhverfið úti undir beru lofti. Það sé bæði skemmtilegt og hagkvæmt.

Við leigjum okkur yfirleitt hjól þegar við ferðumst til erlendra borga og veljum áfangastaði eftir því hvort hægt er að hjóla þar. Allar stórborgir eru meira og minna að útiloka snattumferð bíla úr miðbænum og fólk ferðast þar um gangandi eða hjólandi. Nú um páskaferðum fórum við fimm saman til Barcelona. Þar eru frábærir hjólastígar og gott tillit tekið til hjólréiðafólks,“ segir Arnheiður Svala Stefánsdóttir en hún og maðurinn hennar, Jens Ormslev, nota helst ekki neðanjarðarlestakerfi eða strætó á ferðalögum sínum um erlendar borgir.

Þau segja upplifunina allt aðra á reiðhjóli en þegar farið er á milli staða með almenningsgöngum.

Umhverfið beint í æð

„Við tökum aldrei bílaleigubíl á ferðalögum og kaupum nánast aldrei kort í neðanjarðarlestirnar. Okkur finnst miklu þægilegra og skemmtilegra að dóla okkur bara á hjóli. Við leggjum alveg á okkur að hjóla í klukkutíma til að skoða eitthvað sérstakt, frekar en að nota neðanjarðarlestirnar og þurfa jafnvel að skipta um lest og bíða á leiðinni. Það er bara einfald-

ara að hjóla. Maður kemst í miklu meira návígi við allt umhverfið og sér miklu stærri hluta borgarinnar en annars.“

Guggnuðu í London

Arnheiður og Jens nýta sér bæði hjólaleigur og sérstakar borgarhjólástöðvar, þar sem leigja má hjól og skila í stöðvar víðsvegar um borgirnar. Það sé ódýr og þægilegur kostur.

„Við stundum þessar stöðvar á ferðalögum. Maður slær bara inn kreditkortanúmer og fær kóða til að losa hjól. Svo hjólum við allan daginn og skilum hjólunum svo í stöð að kvöldi og þá kostar þetta kannski eina evru yfir daginn. Þetta höfum við gert í París, Lyon, Barcelona og víðar. Eini staðurinn þar sem við hættum við var í London. Þar er umferðin svo svakaleg í miðborginni og vinstri umferð þar að auki. Þar er þetta kerfi ekki eins langt á veg komið enn þá. Í sumar ætlum við til München sem er mikil hjólaborg.“

Liðu um ítalskar sveitir

„Eitt okkar besta frí var þegar við hjóluðum milli Flórens og Fenyja með hópi fólks fyrir nokkrum



Arnheiður og Jens segjast upplifa borgirnar á allt annan máta á reiðhjólum en ef þau notuðu almenningsgöngurnar.

árur. Liðum um ítalskar sveitir í þægilegum hita og fallegu landslagi, borðuðum góðan mat og fórum snemma að sofa. Það þarf alls ekkert að vera í rokna formi til að fara í slíka ferð,“ segir Arnheiður og bætir við að hjólréiðar þeirra hjóna snúist ekki um hraða. Þau hjóla frekar til að njóta útverunnar.

Hjóla mikið í Reykjavík

„Við hjólum yfirleitt eitthvað um hverja einustu helgi og tökum jafnvel 30 kílómetra á góðum laugardegi með nesti og stoppum hér og þar. En við erum ekkert að flýta okkur. Við erum bara að hjóla til að njóta.“



Arnheiður á hjóli í Lyon. „Við leggjum alveg á okkur að hjóla í klukkutíma til að skoða eitthvað sérstakt, frekar en að nota neðanjarðarlestirnar.“ MYNDIR/ARNHEIÐUR SVALA STEFÁNSDÓTTIR



Þau hjónin nýta sér borgarhjólástöðvar þar sem leigja má hjól og skila í stöðvar annars staðar í borginni. Það sé bæði einfaldur og ódýr kostur, jafnvel hægt að hjóla heilan dag fyrir eina evru.

Útivistaparadís á Ítalíu

Ítalía á marga aðdáendur og þangað fer fólk hvort sem er til að njóta fallegs landslags, vera í góðu veðri og ekki síst að borða góðan mat.

Svíinn Bo Hagström hefur gert marga sælkerapætti um Ítalíu. Hann hefur haft það á stefnuskrá sinni að heimsækja bæi sem eru lítt þekktir ferðamannastaðir. Þar sækir hann í að njóta útiveru um leið og hann kynnir sér lífshætti fólks sem eru oft öðruvísi en í stórum borgum. Svænski netmiðillinn expressen.se fékk Bo til að benda á nokkra eðalstaði fyrir ferðamenn þar sem hægt er að njóta einstakrar náttúru og ljúffengs matar.

Fyrst nefndi Bo bæinn Moena við rætur ítölsku Alpanna. Þar er fallett skíðasvæði á vetrum en á sumrin er bærinn unaðslegur staður til útiveru. Bo bendir á að fólk ætti að biðja um árstíðabundið grænmeti og sveppi á þessu svæði en nokkrir mjög góðir veitingastaðir eru á svæðinu.

Annar staður sem Bo nefnir er bærinn Cetara á Amalfi-ströndinni. Hann liggur í dásamlega fallegu umhverfi á milli Sorrento í vestri og Vietri sul Mare í austri. Á þessu svæði má sjá litla veiðibáta sem koma inn með fenginn og selja hann beint í veitingahúsin. Þar á meðal eru ansjósúr sem lagðar eru í olíu á gamaldags hátt og þykja mikið lostæti.

Bærinn Sant'Antioco er næstum óþekkt perla á suðvesturhluta Sardiníu. Þar lifa íbúar á fiskveiðum og vinnu. Allur matur er matreiddur með olíuolíu úr héraðinu. Húsin í bænum er máluð í pastellitum og litlu fiskibátarnir liggja við bryggju. Fisk- og skeldýraúrvalið er gríðarlegt. Vínviðurinn er mjög gamall á þessum slóðum en hann lifði af lúsafaraldur sem eyðilagði margar vínekrur á níttjándu öld.



Sorrento á Ítalíu er sannkölluð paradís. Þar hanga húsin í klettunum. Frá Sorrento er stutt að sigla til eyjunnar Capri sem er sannkölluð perla í Miðjarðarhafinu.



Tindahlaup Mosfellsbæjar verður haldið í sjöunda sinn þann 29. ágúst.

Tindahlaup Mosfellsbæjar

Tindahlaup Mosfellsbæjar verður haldið að vanda síðustu helgina í ágúst í tengslum við bæjarhátíðina Í túninu heima, nánar tiltekið laugardaginn 29. ágúst og verður það í sjöunda sinn sem hlaupið fer fram.

Vegalengdirnar eru fjórar, þ.e. einn tindur (12 km), þrjár tindi (19 km), fimm tindi (34 km) og sjö tindi (37 km) og ættu því allir að geta fundið vegalengd við hæfi. Það er um að gera að setja sér hæfileg markmið og nota sumarið til að hreyfa sig. Mosfellsbærinn býr að mörgum góðum hlaupa- og göngu-leiðum og um að gera að nýta sér þær í undirbúningi fyrir hlaupið. Nálga má hlaupaleiðirnar inni á www.mos.is. Markmið okkar sem stöndum að hlaupinu er að allir geti tekið þátt og skemmtanagildið er ofar öllu. Góðar drykkjarstöðvar eru á leiðinni, skátarnir og Björgunarsveitin Kyndill

sjá um brautavörslu og tryggja öryggi hlaupara. Ekki má gleyma stemningunni þegar allir skila sér í mark en þá er frítt í sundlaugina að Varmá og kjúklingafestivalið við endamarkið. Glæsileg útdráttarverðlaun eru í boði og því eiga allir möguleika á að taka eitthvað með sér heim að hlaupi loknu.

Í ár verður boðið upp á flögutíma í hlaupinu, hverfin í Mosfellsbænum munu keppa í fjölda þátttakenda og einnig verður boðið upp á að hlaupa Tindahlaupið sem hluta af þríþrautinni Íslandsgarpi. Íslandsgarpi felur í sér Jökulmíluna sem er einn af lengstu hjólréiðaviðburðum hér á landi eða 162 km, Íslandsmót-

í víðavatnssundi þar sem í boði er að synda einn, þrjá og fimm kílómetra auk þess að taka þátt í Tindahlaupinu. Það má segja að þríþrautin standi allt sumarið þar sem Jökulmílan fer fram 20. júní, Íslandsmótið í víðavatnssundi 29. júlí og Tindahlaupið 29. ágúst og hljóta þeir sem klára þríþrautina á einu ári nafnbótina Íslandsgarpi. Tindahöfðingi er nafnbót sem má tryggja sér á nokkrum árum með því að klára alla áfanga hlaupsins. Allar nánari upplýsingar um hlaupið má nálgast inni á hlaup.is og mos.is. Nú er bara að reima á sig skóna og við hlökkum til að sjá þig/ykkur í Mosfellsbæ í sumar.

9.498
kr./stk.



STYTTA KRAKKI MEÐ TÖSKU 52 CM
verð 9.498kr.

Blóm
1.698
kr.

POTTABLÓM HORTENSÍA 27 CM
HVÍT BLÁ EÐA BLEIK
verð 1.698 kr.

8.998
kr.



VATNSBRUNNUR ROCK M/LED LJÓSI
verð 8.998 kr.

5.998
kr./stk.



BUDDAH GOSBRUNNUR 23 CM
verð 5.998 kr./stk.

2.448
kr.



BLÓMAPOTTUR MEÐ GLERI 22 CM
verð 2.448 kr.

2.998
kr.



BLÓMAPOTTUR 26 X 20 CM
verð 2.998 kr.

frá 2.448
kr.



MOTTUR ÝMSAR GERÐIR OG STÆRÐIR
verð frá 2.448 kr.

FJARÐARKAUP
ALLT TIL
HEIMILISINS
MÁÍ

8.698
kr.



GOSBRUNNUR, ENGILL M/LED LJÓSI
verð 8.698 kr.

2.598
kr.



FUGLABÚR ÚR JÁRNI 2 STK. SAMAN
verð 2.598 kr.

2.998
kr./stk.



ÁLFABARN 28 CM
verð 2.998 kr./stk.

7.698
kr.



BUDDAH GOSBRUNNUR 22 x 26 cm
verð 7.698 kr.

Rokka

498
kr./stk.



AUTUMN WIND
verð áður 869 kr./stk.

220
kr./stk.



LÉTTLOPI
verð áður 275 kr./stk.

ÁLAFOSLOPI
verð áður 469 kr./stk.

375
kr./stk.



1.528
kr.



LOPABÓK NR. 34
verð áður 1.698 kr.

Kynning á Lopabók nr. 34 verður í Rokku
fimmtudaginn 7. maí milli kl. 15:30 - 17:30



- Tilvalið gjafakort

FK

OPÍÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

FJARÐARKAUP

Æðislegt að lemja ís með öxum

Rakel Ósk Snorradóttir fæddist nánast með fjalladellu. Hún stundar ísklifur, fjallaskíði og gönguskíði. Hún stundar fjallgöngur af kappi og fer nokkrum sinnum í viku á fjöll í nágrenni Reykjavíkur. Þá er hún einnig undanfari hjá Hjálparsveit skáta í Garðabæ.

Pabbi vill meina að ég hafi fæðst með fjalladellu því frá því ég byrjaði að tala þá spurði ég hann í sífellu hvað öll fjöllin hétu sem við keyrðum fram hjá. Hann þurfti því í óða önn að haldta dóttur sinni upplýstri,“ segir Rakel Ósk um það hvernig útivistaráhuginn kviknaði. „Foreldrar mínir eru miklir göngugarpur en segja má að áhugi minn hafi kviknað fyrir alvöru þegar ég var í skátunum á yngri árum. Ég fór til dæmis sem sjálfboðaliði til Sviss á vegum skátahreyfingarinnar þegar ég var nítján ára og fékk þá áhuga á tæknilegri fjallamennsku.“

Rakel er sífellt á fjöllum og er fjallganga hennar helsta útivistargrein. Ísklifur er þó einnig mjög ofarlega á blaði yfir það sem henni þykir skemmtilegast.

Frábær leið til að njóta útiveru

„Ég byrjaði að stunda ísklifur fyrir um fimm árum en hef stundað það af meiri alvöru síðustu þrjú árin. Mestum framförumum hef ég þó náð í ár en ég fór meðal annars til Noregs að klifra,“ segir Rakel. Hún bætir við að það sem hún leiti eftir í ísklifrinu sé útivera í fjallaumhverfi. „Það er að mínu mati ekki til betri leið til að njóta hennar.“

Stunda margar stelpur ísklifur?

„Við vorum einmitt þrjár stelpur að klífa fésið á Skessuhorni um daginn og vorum að velta þessu fyrir okkur. Ætli ég skjóti ekki á svona sjö til tíu. Við mættum að sjálf-sögðu vera fleiri enda er þetta frábært sport.“

Ísklifur er hugarleikfimi

Rakel segir ísklifur nokkuð erfitt sport. „Þú þarft góðan almennan styrk en svo er ísklifur líka mikil hugarleikfimi,“ segir hún og bætir glettin við að það sé eitthvað sem hún þurfi að bæta sig í. „Ég get oft miklu meira en ég held. Oft þarf ég smá spark í rassinn því ég á það til að mikla hlutina fyrir mér. Maður er samt fljótur að ná árangri og tilfinningin við að lemja öxum í ís er æðisleg.“

Rakel segir ótal möguleika í boði fyrir þá sem vilja stunda ísklifur. „Þegar veðurskilyrði eru hagstæð þá eru möguleikarnir ótrúlegir. Í kringum Reykjavík eru til að mynda ótrúlega margar skemmtilegar ísleiðir. Á Íslandi eru margar fossar og þegar það er langur og góður frostakafli þá geturðu ímyndað þér möguleikana,“ segir hún glaðlega.

En hvað þarf fólk að hafa til að bera svo það geti stundað ísklifur? „Kannski fyrst og fremst áhuga á svona sporti eða áhuga á fjalla-

mennsku almennt. Þetta er þræl-skemmtilegt og maður er fljótur að smitast af bakteríunni,“ segir hún og bætir við að til þess að stunda ísklifur þurfi sérstakan búnað, ísklifuraxir, klifurbrodda, belti, hjálm, efnivið til trygginga og línu. „Gott er að fara með reyndari aðilum til að læra fyrst um sinn.“

Á fjöll hverja viku

Rakel stundar fjölbreytta útivist. „Ég er mikið á fjallaskíðum og gönguskíðum og hef stundað fjallgöngur af kappi. Ég fer nokkrum sinnum í viku á einhver vel valin fjöll í nágrenni Reykjavíkur.“

Fer oft í útköll

Rakel er annar tveggja formanna undanfara í Hjálparsveit skáta í Garðabæ en undanfarar eru hópur björgunarmanna sem sérhæfa sig í fjallamennsku og fjalla-björgun. „Að vera undanfari þýðir að maður þarf að viðhalda allri kunnáttu sinni, æfa sig reglulega, sækja námskeið og endurmenntun og halda sér í góðu formi,“ útskýrir Rakel, sem segir hópinn í HSG mjög sterkan. „Við erum öll með mismunandi bakgrunn. Sumir eru klifrarar, aðrir skíðamenn, enn aðrir færir sledamenn,“ segir Rakel sem fer í öll þau útköll sem hún mögulega kemst í.



Rakel Ósk Snorradóttir segir að ísklifur sé erfitt sport og fólk þurfi að hafa almennan styrk. „Maður er samt ótrúlega fljótur að ná árangri,“ segir hún.

Fisléttar og frumlegar

Nú bjóðast landsmönnum frumleg gleraugu úr fisléttum og fallegum tréumgjörðum. Þær eru einnig léttari en sumar títan-umgjörðir.

Glernaugnasalan á Laugavegi 65 hefur starfað í yfir 50 ár og allan þann tíma lagt áherslu á vandaða vinnu, mikla nákvæmni og góða þjónustu. Nýjasta vörumerki Glernaugnasölnnar er Woodone Eyewear frá Suður-Tíról en umgjörðirnar frá Woodone eru frumlegar og fisléttar tréumgjörðir.

Rüdiger Þór Seidenfaden, sjónfræðingur og eigandi verslunarinnar, segir að um einstaklega fallegar og vandaðar umgjörðir sé að ræða en þær eru léttari en sumar títan-umgjörðir.

„Tréumgjörðirnar eru bæði fyrir dömur og herra og fást í nokkrum gerðum eftir viðartegundum. Dæmi um viðartegundir eru kirsu-ber, hnota, askur og akasía. Þessar umgjörðir eru ekki eingöngu spennandi fyrir skógræktarfolk heldur fyrir hvern sem er.“

Tréumgjörðir hafa áður verið framleiddar en þessar eru óvenju sveigjanlegar að sögn Rüdigers. „Þessar tréumgjörðir eru framleiddar þannig að mörg viðarlög eru límd saman og þannig ná þau þessum hentuga sveigjanleika. Fyrir vikið getum við sett langflesta styrkleika inn í umgjörðirnar en hér áður fyrr var ekki möguleiki á að beygja tréumgjörðir.“

Öllum tréumgjörðum fylgir hulstur úr ösp sem er enn ein viðartegundin sem tengist framleiðslu þessara glernauga. „Hulstrin eru ótrúlega létt og eru í stíl við umgjörðirnar.“

Rüdiger er ekki bara sjálfur áhugamaður um glernauga-



Umgjörðirnar eru fyrir dömur og herra og fást í nokkrum viðartegundum.

MYND/ERNIR

ÞYNGDARSTJÓRNUN OG BLÓÐSYKURSJAFNVÆGI MEÐ SLIM PASTA

„Slim Pasta“ kemur alfarið í staðinn fyrir venjulegt pasta og er notað samhliða hollu hráefni eins og grænmeti, kjöti og fiski. Pastað getur þú notað í alla þína uppáhaldsrétti en það hjálpar þér að elda hollan og næringarríkan mat.



„Ég hef notað Slim Pasta reglulega um nokkurra mánaða skeið og mæli heilshugar með þessum vörum, en hann notar Slim Pasta markvisst í ýmsar uppskriftir í staðinn fyrir venjulegar pastavörur með góðum árangri.“

Viðir Þór Prastarsson, íþróttta- og heilsufræðingur



umgjörðir úr tré heldur hefur hann mikla ástríðu fyrir skógrækt. „Þegar ég flutti til Íslands fyrir löngu síðan sá ég auðvitað að hér vantaði tré. Ég fékk því mikinn áhuga á skógrækt og hef sjálfur ræktað tré í Fljótshlíð í 25 ár. Þar

sem nú er skógivaxið land var áður árfarvegur Markarfljóts.“

Sjálfur er hann mjög hrifinn af ýmsum hlutum úr víði. „Ég á til dæmis víðarúr og víðarpenna. Þetta er mikið áhugamál hjá mér eins og sjá má.“

ÚTIVIST Á LÆGRA VERÐI Í HAGKAUP



Gönguskór
st. 36-47
16.789



Gönguskór
st. 36-42
16.799

Gönguskór
st. 39-46
16.799



100% MERINO ULL



Ullarsokkar
st. 36/38, 39/42
2.459



100% MERINO ULL



Ullarbólur
st. S-XXL
3.949

Ullar-
leggings
st. S-XXL
4.929

Ullarbólur
st. S-XXL
4.929

Ullar-
leggings
st. S-XXL
5.919

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla



ÚTIVISTARPARADÍS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Höfuðborgarbúar þurfa ekki að leita um langan veg til að komast í útivistarparadisir enda nóg um þær í nágrenninu. Ein slík er Heiðmörkin sem er stærsta útivistarsvæðið í nágrenni Reykjavíkur og tilheyrir Græna treflinum sem umlykur allt höfuðborgarsvæðið. Í Heiðmörk er fjölskrúðugt náttúrufer, en þar ber mikið á skógrækt sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur sinnt frá upphafi svæðisins sem var friðað árið 1950.

Í Heiðmörk eru göngustígar sem spanna um fjörutíu kílómetra og liggja frá Norðlingaholti út að Maríuhellum. Þar eru einnig góðar hjóla- og reiðleiðir. Áningarstaðir eru nú níu talsins en þar geta stórir og litlir hópar fólks hist og átt góða stund saman úti í náttúrunni. Sumir áningarstaðanna henta vel fyrir lítil fjölskyldumót en aðrir fyrir fleiri hundruð manna veislur. Í Heiðmörk má gera ýmislegt sér til dundurs en þar má finna leiksvæði, fótboltavöll, blakvöll, grillaðstöðu og ýmsa útsýnisstaði. Auk þess er þar mikið fuglalíf og hægt að tína bæði sveppi og ber.



GENGIÐ Á MALLORCA

Göngugarpar hafa lengi sótt til Mallorca, enda er eyjan falleg og býður upp á margar gönguleiðir. Loftslagið er þurr og yfirleitt gott gönguveður utan heitasta tímans. Best er að fara á vorin og haustin. Vinsælustu gönguleiðirnar eru frá strandbænum Puerto Sóller sem er á norðvesturströndinni. Hægt er að fara í margvíslegar gönguferðir þaðan, jafnt styttri sem lengri upp í fjöllin.

Gengið er eftir stígum sem taldir eru hafa verið gerðir af smyglurum fyrir á tímum. Vinsælt er að ganga að klaustrinu Lluc en margir fara þangað í pílgrímsferðir. Margir gista þar áður en haldið er í næstu gönguför. Hæstu fjöll eyjarinnar eru á þessu friðsæla svæði. Umhverfis klaustrið eru góðir göngustígar og allt í kring er ævintýralegt umhverfi. Þetta er vinsæl gönguleið hjá fólki hvaðanæva úr heiminum en hægt er að velja um mismunandi erfiðar gönguleiðir. Hinn frægi fjallabær Valldemosa er ekki langt í burtu og hægt að sameina heimsókn þangað en keyra þarf á milli. Bærinn er þekktastur fyrir að þar bjó tónskáldið Chopin og ástkona hans George Sand veturinn 1838.

Íslenskar ferðaskrifstofur hafa boðið upp á gönguferðir um þetta svæði en einnig er hægt að fara á eigin vegum.

TAKIÐ BÖRNIN MEÐ

Það er tilvalið að draga börnin með í útivistina um leið og þau hafa aldur og styrk til að taka þátt. Börn og unglingar eru nefnilega yfirleitt miklu duglegri en við foreldrar höldum og setja annan og skemmtilegan svip á til dæmis göngu- og fjallaferðirnar.

Í löngum gönguferðum eða fjallaklifri getur verið gott að dreifa athygli yngri þátttakenda með ýmsum leikjum, getraunum og sögum er tengjast viðkomandi stöðum. Einnig má hvetja börnin til að segja frá einhverju skemmtilegu á meðan labbað er. Litlir fætur komast nefnilega býsna langt ef eigandi þeirra er upptekinn við að hlusta eða segja sjálfur frá.

Góðir skór skipta máli og sé barnið óvant göngu er gott að setja plástur á helstu núningsfleti eins og hælinn og tær til að fyrirbyggja sár. Annar fatnaður þarf að vera við hæfi ferðarinnar og þótt sumarið sé komið getur húfa, buff og vettlingar gert mikið gagn ef veðrið breytist snögglega.


Ef sólin skín ætti að bera sólarvörn á börnin, eins og aðra ferðafélaga, og huga að sólgleraugum og derhúfu ef spáð er löngum sólardegi. Reglulegar pásur eru einnig nauðsynlegar og passa þarf upp á að börnin drekki reglulega og ekki síður að þau pissi reglulega því ekki er gott að halda of lengi í sér.

Heimild: Ferðafélag barna



woodbone
EYEWEAR

*Þekking - gæði - reynsla
í meira en 50 ár*



**GLERAUGNA
65
SALAN.**

*Tré umgjardir
í sérflokkki*

Gleraugnasalan 65 - Laugavegi 65 - 101 Rvk
551-8780 - www.gleraugnasalan.is

Stærðir
36-56

Kringlukast - 20-50% afsláttur!

Af völdum nýjum vörum út mánudag

TÍSKUHÚS



#akraborgin

AKRABORGIN

HJÖRTUR HJARTAR

SPORTIÐ Á X977
ALLA VIRKA DAGA 16:00 - 18:00



THE ENGLISH PUB



Lengjan



BÍLAR & FARARTÆKI



Kia cee'd EX 1.6 sw. Árgærd 2014, ekin 29 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.240687. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 500. Árgærd 2005, ekin 133 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.991252.



TOYOTA Land cruiser 150 GX. Árgærd 2013, ekin 41 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.240361.



VW Polo comfortline. Árgærd 2012, ekin 49 ÞKM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.990900.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Harley Davidson Touring Electra Glide 7/2006 ek.23þús. 1650cc. 96 hestöfl. Hlaðið aukabúnaði. 2.790.000.- Rnr.104461

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



ISABAND.IS



2015 NÝIR DODGE RAM 3500

Nýtt útlit, flottari innrétting og Fáanlegur með loftþúfaþjöðrun að aftan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið úteigum allar gerðir, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai i20 Classic Árgærd 2014. Ekin 25þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 1.790þ.kr strg. Getum líka útvegað nýja i20 bílinn á 2.290þ.kr. Raðnr 134727.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bílalíf



TILBOÐ 4.190.000.-
LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE. Árg.2007,ek.AÐEINS 88.þús km,einn með öllu - stóru felgurarnar og allur pakinn.bensín,sjálfskiptur,er á staðnum. Rnr.351275.562-1717 og 866-9633.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



SUZUMAR GUMMIBÁTAR.
Uppblásnir slöngubátar með algófi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

NÝJA BÍLAHÖLLIN



BÍLL DAGSINS !!!

KIA Ceed 1x 1.4 new . Árgærd 2014, ekin 42 ÞKM, dísel, 6 girar. Bíllinn er á staðnum Verð 2.990.000. Rnr.210519.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



HÖFÐABÍLAR



CHEVROLET Captiva. Árgærd 2011, ekin 66 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.129601.



HYUNDAI I40 limited. Árgærd 2014. Nýr bíll. Ekin 0 Þkm, dísel, 6 girar. Skoðar skipti á ódyrari. Verð 4.550.000. Rnr.221029.

Höfðabílar
Fosshálsi 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Veðurspá

Fimmtudagur

Í dag er útlit fyrir mjög svipað veður og var í dag. Þeir sem ætla að njóta sólarinnar sunnan og vestanlands þurfa að finna sér gott skjól sunnan undir vegg, því norðanáttin verður áfram köld. Búast má við næturfrostri um allt land.



Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
0°	-4°	-5°	4°	-2°	-3°
↙10	↙9	↘7	↘1	↙6	↘1
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
-2°	2°	-7°	-2°	3°	-3°
↘11	↙1	↙9	↘7	↙1	↘1

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, 6. strit, 8. dorma, 9. leþja, 11. í röð, 12. gengi, 14. háð, 16. berist til, 17. knæpa, 18. ástæður, 20. pfn., 21. fyrr.

LÓÐRÉTT


1. steintegund, 3. hæð, 4. ávaxtatré, 5. þakbrún, 7. fjarskiptatæki, 10. blaður, 13. í hálsi, 15. rötartauga, 16. yfirbragð, 19. mun.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sæpu, 6. at, 8. sef, 9. lap, 11. rs, 12. kílku, 14. sport, 16. bt, 17. krá, 18. rök, 20. eg, 21. äður.
LÓÐRÉTT: 1. kalk, 3. ás, 4. perutré, 5. urf, 7. talsstöð, 10. pfp, 13. kok, 15. tæga, 16. brá, 19. ku.


Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir (2.014) bjargaði tapaðri stöðu í jafntefli á snjallan hátt gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (1.909) á Wow air Vormóti TR.

Hvítur á leik

43. Hxg5+!! (mjög lagleg hróksfórn) 43....Kxg5 og jafntefli samið þar sem eftir 44. Hg7+ Kh5 45. Kxf4 er staðan steindautt jafntefli. 43....hxg5 er svarað með 44. Hh7+ Kg6 45. Hxh3. www.skak.is: Nýtt fréttabréf sí



Treystu okkur fyrir fermingunni

Jon Arnlous
KÖKULIST

SUDOKU

LÉTT					MIDLUNGS					PUNG					
7	6	2		4		1	9	4	2		5	1	8		2
	2			8	1	9		3	4	1	4		7	1	
	1	3		4	6	7	5	6		2	8	8		5	
	4		1		2	1		5	2				1		6
	8	4	2	5			9	4	1	5	8		8	9	
6	9		5	3	8	4	3	7				2	7		9
		8			6	5	8			7	4	9	4		
4	7	5					6	4		1			3	5	9
			8	4	1				6			6		7	2

3	5	8	2	6	9	4	7	1	4	9	2	5	7	3	6	1	8	5	1	2	7	3	6	8	4	9
9	1	2	8	7	4	3	5	6	1	3	6	8	2	4	7	9	5	6	9	3	8	5	4	7	1	2
4	6	7	5	1	3	8	9	2	5	7	8	9	6	1	4	2	3	7	4	8	9	1	2	3	5	6
1	2	6	3	9	7	5	4	8	8	1	5	7	3	2	9	4	6	2	3	5	1	7	9	4	6	8
5	8	3	4	2	6	7	1	9	2	4	3	1	9	6	8	5	7	4	6	9	2	8	3	1	7	5
7	4	9	1	8	5	2	6	3	7	6	9	4	5	8	1	3	2	8	7	1	4	6	5	9	2	3
2	7	4	6	3	1	9	8	5	9	5	1	2	8	7	3	6	4	1	2	7	5	9	8	6	3	4
6	3	5	9	4	8	1	2	7	3	2	7	6	4	9	5	8	1	9	5	6	3	4	7	2	8	1
8	9	1	7	5	2	6	3	4	6	8	4	3	1	5	2	7	9	3	8	4	6	2	1	5	9	7

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

DEBENHAMS

LEYFÐU SÓLINNI
AÐ LEIKA VIÐ ÞIG

Bronze Goddess
Vor 2015



KYNNUM NÝJU BRONZE GODDESS FÖRÐUNAR- OG LÍKAMSLÍNUNA Í DEBENHAMS. GLÆSILEGIR KAUPAUKAR FYLGJA EF KEYPTAR ERU VÖRUR FRÁ ESTÉE LAUDER FYRIR 6.900 KR. EÐA MEIRA DAGANA 7. – 13. MAÍ

ESTÉE LAUDER

 Finndu okkur á facebook

*Gættu lífid
skemmtilega*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

MENNING



MACHO MAN Saga Sigurðardóttir í Macho Man eftir Katrín Gunnarsdóttur.

PHOTOGRAPHER: IS/GEIRIX

Uppsafnaðar hreyfingar og stöður

DANS ★★★★★

Macho Man & Saving History

Tjarnarbió

DANSHÖFUNDUR: KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

DANSARAR: KATRÍN GUNNARSDÓTTIR OG SAGA SIGURÐARDÓTTIR

Í sólóverkunum Macho Man og Saving History safnar Katrín Gunnarsdóttir saman hreyfingum og líkamstöðum úr mismunandi menningarkimjum sem byggja á líkamstjáningu eins og dansi, bardagaíþróttum, fitnesskeppnum og rokki og setur saman í dansverk. Í báðum tilfellum fær hún að láni eða „stelur“ þekktu hreyfiefni sem hún síðan setur saman á nýjan hátt í nýju samhengi. Stuldurinn eða lánid er efni verkanna í báðum tilfellum. Hún reynir ekki að fela „glæpin“ heldur opinberar hann, greinir og skoðar hvert eðli þýfisins er og hvort hæggt er að nýta það til eigin nota. Í báðum verkunum er það hreyfiefnið sem er í forgrunni, umgjörð og búningar eru mjög einfaldir og tónlistin er engin.

Í Saving History afhjúpar Katrín hvernig hún hefur „fengið dansrútnur lánaðar (jafnvel stolið þeim) frá öðrum danshöfundum og skeytt snyrtilega saman“ við sínar eigin danssmíðar. Fjölbreyttur hreyfibaðgrunnur hennar kemur vel í ljós og það kætir áhorfendur þegar þeir sjá kunnuglegar hreyfingar úr þekktum dansstílum og dansverkum þekkra íslenskra höfunda birtast á sviðinu í þessu óvenjulega samhengi. Það er áhugavert að sjá hvernig Katrín tekst jafnt á við það sem hún er sterk í og sem hún hefur ekki náð fullkomnum tökum á eða hentar ekki vel hennar líkama. Framsetning efnisins er nýstárleg. Um er að ræða samansafn hreyfinga án sýnilegrar framvindu eða sögu. Hreyfingarnar byltast fram í belg og biðu rétt eins og ef lesnir væru þekktir frasar úr þekktum

bókamenntaverkum hver á eftir öðrum samhengislaust og án leikrænna tilþrifa.

Út frá hefðbundinni fagurfræði er varla hægt að kalla verkið list, til þess er það of hversdagslegt – Katrín sem dansar sjálf í verkinu er klædd hversdagslegum æfingafötum og lýsingin sem er það eina sem styður hana á sviðinu er lítt áberandi og hversdagsleg. Það er samt eitthvað heillandi við framvinduna og þessa hráu framsetningu. Þessa ofgnótt danslegra minna, þetta mikla magn hreyfiefnis sem dansaranum tekst að muna og ekki síst hreyfiefni hennar sem er ótvíræð.

Macho Man býr yfir sama grunn-sjarma og Saving History. Eins og fyrr er unnið með lánaðan eða stollinn hreyfiforða og hann tekinn úr sínu upprunalega samhengi og settur saman upp á nýtt í röð svipmynda sem hvorki mynda sögu né hafa sýnilega framvindu. Efniviður þessa verks eru hreyfingar, hreyfifrasar og líkamsstillingar úr athöfnun (nánast helgiathöfnun) tengdum hinum ofur-karlmannlega líkama eins og bardagaíþróttum, fitnesskeppnum og sviðsframkomu þekkra kardanansara og rokkstjarna. Karlmenntan er í fyrirrúmi hvað efnisval varðar en dansarinn sem miðlar efninu til áhorfendanna er lítil og grónn kona (Saga Sigurðardóttir) sem er í alla staði mjög kvenleg og gerir það verkið sérlega spennandi áhorfs. Þetta verk er markvissara og skýrara en það fyrra meðal annars vegna þess að einfaldir búningar eru komnir til sögunnar og lýsingin er meira afgerandi þó að hún sé enn í látlausari kantinum. Það vekur vonir um áframhaldandi þróun í þá átt að skoða líkamann og framsetningu hans í mismunandi menningarkimjum.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTAÐA: Í Macho Man & Saving History er áhugaverð rannsókn á líkamanum og framsetningu hans í mismunandi menningarlegu samhengi sem vonandi er rétt að byrja.



„Þetta er leið til þess að færa skáldskap nær fólki, hafa hann aðgengilegan og hversdagslegri.“

MEÐGÖNGULJÓÐ Birkir Blær, Álfur Birkir Bjarnason, Valgerður Þóroddsdóttir, Fríða Ísberg og Kristján Guðjónsson eru á meðal ungu skáldanna sem starfa innan vébanda Meðgönguljóða og frumflytja smásögu á Vísi seinna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Útvíkkun á starfsemi Meðgönguljóða

Forlagið Meðgönguljóð færir út kvíarnar og hyggur á smásagna- og fræðiritauðgáfu. Ungskáldið Birkir Blær frumflytur smásöguna El Dorado á Vísi seinna í dag sem er liður í því að auka aðgengi almennings að bókmenntum í dagsins önn.

Meðgönguljóð er jaðarbókaútgáfa ungra ljóðskálda sem var stofnuð árið 2011. Síðan þá hafa Meðgönguljóð vaxið nokkuð jafnt og þétt og fengið mjög svo jákvæðar viðtökur í bókmenntaheiminum. Meðgönguljóð leggja mikla áherslu á að kynna til leiks ung og efnileg skáld sem og að auka aðgengi að ljóðinu í dagsins önn.

Birkir Blær er á meðal ungu skáldanna innan vébanda Meðgönguljóða en samstarf hans við útgáfuna hófst með óvenjulegum hætti á síðasta ári með ljóðabók

sem kom út í athugasemdakerfi Vísis þar sem Birkir Blær skipti ljóðinu inn fyrir athugasemdir. „Ég er reyndar meira í prósanum en ljóðinu en mér fannst þessi hugmynd sem var unnin í samstarfi við Vísi og Meðgönguljóð of góð til þess að láta hana fram hjá sér fara. Valgerður Þóroddsdóttir hjá Meðgönguljóðum vann að þessari hugmynd með mér og í framhaldinu fórum við að tala við fleiri skáld innan forlagsins með þá hugmynd að færa út kvíarnar í útgáfunni. Okkur langaði einkum til þess að gefa út eina og eina smásögu í senn þar sem það er form sem hentar ákaflega vel fyrir lesendur til þess að grípa með sér í dagsins önn. Þetta er leið til þess að færa skáldskap nær fólki, hafa hann aðgengilegan og hversdagslegri.“

Í dag kemur út smásagan El Dorado eftir Birki Blæ sem verður fyrsta sagan í smásagnaseríu Meðgönguljóða. Sagan mun birtast á myndbandi á Vísi í upplestri höfundar – án endurgjalds og aðgengileg í dagsins önn.

„Þessi birting er tilraun til að miðla íslenskum skáldskap á nýtskulegan hátt, svo áhugasamir geti nálgast sögurnar fyrirhafnarlaust. Fólk á ekki oft leið út í bóka-búð, en nánast hver einasti maður gluggar örstutt inn á forsíðuna á Vísi á hverjum einasta degi og því kom upp sú hugmynd að smella íslenskri smásögu þar í hilluna. Þeir sem hafa áhuga á íslenskum skáldskap geta þá gefið sér tíma til að hlusta á söguna, án þess að þurfa að gera sérstaka ferð út í bóka-búð til að gráfa hana upp. Með smásagnaseríunni er markmiðið að gefa út eina og eina smásögu í senn eftir upprennandi höfunda og



BIRKIR BLÆR

blása þannig lífi í smásagnahefðina á Íslandi.

Þetta er nokkuð löng smásaga og hentar þeim best sem hafa nægan tíma til að halla sér aftur í sófanum heima og hlusta í rólegheitunum, eða þeim sem þurfa að vaska mjög mikið upp og geta haft lesturinn í eyrunum. Eða eitthvað í þeim dúr.“

Sagan El Dorado er upphafspunktur á nýrri vegferð Meðgönguljóða. Forlagið hefur hingað til eingöngu fengist við útgáfu ljóðabóka, en í dag kynnis það tvær nýjar bókaseríur og mun hédan í frá einnig gefa út smásögur í seríunni Meðgöngumál og fræðigreinaseríuna Meðgöngufrae. Birkir Blær segir stefnuna vera að gefa út eina og eina smásögu í senn – í stað þess að gefa út heil smásagnasöfn – og sömuleiðis eina og eina fræðigreina.

„Með fræðigreinaseríunni vonumst við til þess að geta leyst fræðigreinar og vangaveltur úr heimi háskólasamfélagsins – sem oft og tíðum virkar dálítið lokað og óaðgengilegt – og gert þær að hversdagslegra lesefni sem á ekki aðeins erindi við háskólamenntaða spekinga, heldur einnig venjulegt ungt fólk í strætó.“

Til að fagna fyrstu smásögunni, sem og nýju seríunum tveimur sem væntanlegar eru, munu Meðgönguljóð standa fyrir upplestrarkvöldi og allsherjarfögnuði á Lofti Hosteli í kvöld. Þar auglýsir forlagið einnig eftir nýjum handritum, og upprennandi skáld og spekingar geta skilað handritum fyrir nýjar seríur Meðgönguljóða. magnus@frettabladid.is

HJÁLPRÆÐISHERINN

120 ÁRA

Sigurður Ingimarsson og lofgjörðarsveit, Miriam Óskarsdóttir o.fl.

Ræðumaður er Peter Baronowsky

Föstudagur 8. maí kl 19.

Allir eru hjartanlega velkomnir!

HÁTÍÐARSAMKOMA
í Fíladelfíu



SÚPA
SÁPA
HJÁLPRÆÐI

GERÐU GOTT FRÍ BETRA!

Léttasta ferðataskan!

Fáanlegir litir:

-  Súkkulaði trufflu
-  Dökkblár
-  Grár
-  Svartur



Ferðataska IT
4 hjól, 56 cm, 1.6 kg.
Vildarverð kr. 12.599
Fullt verð kr. 17.999

Ferðataska IT
4 hjól, 71 cm, 2.0 kg.
Vildarverð kr. 13.999
Fullt verð kr. 19.999

Ferðataska IT
4 hjól, 81 cm, 2.2 kg.
Vildarverð kr. 15.999
Fullt verð kr. 22.999

Hinar frábæru MARCO POLO ferðahandbækur



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 7. maí, til og með 10. maí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Heljartak tómsins

LEIKRIT ★★★★★

Endatafl

Samuel Beckett

TJARNARBÍÓ

LEIKENDUR PORSTEINN BACHMANN, PÓR TULINIUS, HARPA ARNARDÓTTIR OG STEFÁN JÓNSSON

SVIÐSETNING, LEIKMYND OG LEIKMUNIR: KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR

PÝÐANDI: ÁRNI IBSEN

DRAMATÚRG OG ENDURSKOÐUN PÝÐINGAR: SIGURÐUR PÁLSSON

BÚNINGAR: PÓRUNN MARÍA JÓNSDÓTTIR

LÝSING: HALLDÓR ÖRN ÓSKARSSON

FÖRÐUN: KRISTÍN THORS

Leikhópurinn Svipir ehf. kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum í lok leikárs en hópurinn frum-sýndi Endatafl eftir Samuel Beckett í Tjarnarbíói síðustu helgi, en sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Sviðsetningar á verkum írska Nóbelskáldsins eru ávallt tilhlökkunarefni, þá sérstaklega þegar tvíeykið Kristín Jóhannesdóttir og Sigurður Pálsson kemur sögu, og mættu vera fleiri. Slíkur metnaður borgar sig margfalt í þetta skiptið, sýningin stenst ekki einungis allar væntingar heldur sprengir næstum því skalan: Endatafl er leikhúskonfekt af bestu gerð.

Í drungalegu byrgi dvelja fjórar hrörnaðar persónur, allar ófærar á einn eða annan hátt um að yfirgefa baneitrað heimilisástandið, kannski ekki síst vegna þess að endalok jarðlífsins eru yfirvofandi, eða hafa mögulega nú þegar átt sér stað. Hamm og Clov kýta um tilgang tilverunnar á meðan Nagg og Nell kúldrast hvort í sinni tunnunni, rifja upp gamlar minningar og reyna að gráta til að gleyma.

Þýðing Árna Ibsen myndar

grunn handritsins en Sigurður Pálsson hefur endurskoðað textann að einhverju leyti og er líka dramatúrg sviðsetningarinnar. Betra teymi er varla hægt að óska sér, feilnótu er erfitt að finna en slík vinna telst vera þrekvirk því texti Becketts er þéttofinn og einstaklega krefjandi.

Leikmyndin þjónar grunnleiðbeiningum Becketts í textanum; tunnurnar tvær, gluggarnir tveir og stiginn. En Kristín Jóhannesdóttir færir verkið inn á pólitískara svið með því að stilla upp lekandi olútunnum aftast á sviðið, bréfi leikskáldsins frá árinu 1967 til varnar skáldinu Fernando Arrabal eftir handtöku þess er varpað á stóran skjá þar á ofan og olúmakað fuglshræ liggur fremst á sviðinu.

Leikhópurinn er firnasterkur en einn einstaklingur stendur þó skrefinu frammar en hinir. Þór Tulinius fremur leikrænan galdur í Endatafli, engin önnur orð duga en eru samt sem áður varla nægilega sterk til að undirstrika hversu ótrúleg frammistaða hans er í hlutverki Clov. Orð Clov til Hamm: „Ég ætla að yfirgefa þig,“ bergmála um sviðið, loford og hótun í senn, en innantóm yfirlýsing. Frá fyrsta augnabliki þegar Þór birtist á sviðinu boginn og bugaður í stuttbuxum einum fata til að takast á við annan andskotans dag hittir augnaráðið beint í mark, óumflýjanlegt því varla má sjá Þór blikka í sýningunni.

Clov er hið visnaða hjarta sýningarinnar en Þór kemur sífellt á óvart með virkilega góðri tíma-setningu, magnaðri líkamsbeitingu og sótsvörtum húmor. Lokaræða hans gleymist seint, sársaukinn og eymdin sem Þór sýnir er svo átakanlega falleg að varla er hægt að ná andanum.

Blinda harðstjóran Hamm leikur Þorsteinn Bachmann; hreyfingarlaus fyrir neðan mitti, ónot-



ENDATAFL Þorsteinn Bachmann og Þór Tulinius í hlutverkum sínum í meistaraverki Becketts.

PHOTOGRAPHER.IS/GEIRIX

hæfur til alls nema skipana og tilgangslaus með öllu. Hann er Kristur á kopnum, kóngur í tómu ríki og trónir á miðju sviðsins í hrörnuðum hjólástól. Þorsteinn hefur algjöra stjórn á textanum, finnur tilfinningaleg blæbrigði á óvæntustu stöðum og húmor í ísköldu fasi Hamm. Samband Hamm og Clov er þrumandi gott og grátlegt, Þorsteinn og Þór eru þar upp á sitt besta.

Endurkomu Stefáns Jónssonar á leiksviðið ber að fagna sérstaklega en hann hefur einbeitt sér að leikstjórn síðustu misseri. Vonandi verður þetta ekki stutt stopp á fjölnum því hann er frábær í hlutverki hins niðursoðna Nagg. Tannlaus og hlekkjaður virðist hann lítil ógn en orð eru hættuleg og feðraveldið varandi vá.

Samleikur Stefáns og Hörpu Arnardóttur, í hlutverki Nell, er gifurlega vel útfærður. Í þessu

sambandi má enn þá finna ástarkorn, þó agnarsmátt, og þrátt fyrir heldur ófrýnileg gervi tekst þeim að sýna manneskjurnar, ekki ófreskjurnar. Saga Nagg um klæðskerann er kostuleg og grátbrosleg í senn, hreinn unaður að sjá tvo leikara vinna jafnvel saman.

Búningarnir, hannaðir af Þórunni Maríu Jónsdóttur, eru grótesk snilld og ríma fullkomlega við sviðsetninguna. Förðun Kristínar Thors verður líka að nefna, þá sérstaklega gervi tunnuparsins og glæru linsurnar sem endurspeglar tómið á snjallan hátt. Lýsingin er í höndum Halldórs Arnar Óskarssonar þar sem einfaldar og lágstemmdar lausnir eru í fyrirrúmi þrátt fyrir eina afgerandi breytingu sem ekki verður uppljóstrað hér.

Kristín Jóhannesdóttir er magnaður leikstjóri og hugmyndasmiður: hún leikstýrir, sér um sviðsmyndina og líka leikmunina.

Enginn efi leikur á að áhorfendur séu staddir í leikhúsi, sviðsetningin er römmuð inn af sýnilegum hliðarkösturum. Afstaðan til textans er skýr og útfærslan stórkostleg. Fyrir utan Adagio í g-moll eftir Tomaso Albinoni er engin tónlist í verkinu, engin hljóðmynd og þarf þor til að treysta textanum jafnvel og hún gerir í þessari sýningu.

Endatafl, í afbragðsgóðri leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur, er ein af allra bestu sýningum leikársins, ef ekki sú besta. Harmrænn grátur og hlátur blandast saman í ómótstæðilega sýningu, því ekkert er hlægilegra en óhamingjan.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Algjörlega ómissandi hágæðaleikhús. Göldröttur Þór Tulinius fremstur á meðal jafningja í gríðarsterkum leikhópi.

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

TIL SÖLU ER JÖRÐIN KRUMSHÓLAR, sem er lögbýli í Borgarbyggð og er aðeins 6 km utan við Borgarnes – á norðurleið. Jörðin er um 79 ha. að stærð. Henni fylgja m.a. veiðihlunnindi í Gufuá, sem rennur í gegnum landareignina. Stutt er í alla útivist, gönguleiðir, reiðleiðir og einfalt að sækja þjónustu og aðra afþreyingu í Borgarnes.

Á MEÐAL KOSTA JARÐARINNAR MÁ NEFNA:

- Aðeins klukkustundar akstur frá Reykjavík og öll þjónusta í Borgarnesi við hendina.
- Golfvöllur í túnfætinum, við Borgarnes og Bifröst.
- Gistirympi fyrir allt að 45 manns.
- Eignarhlutur í Gufuá.
- Möguleiki á að setja upp fjölda sumarhúsa í landinu. Flatir eru fyrir tjaldstæði og hjólhýsi.
- Til staðar er fótboltavöllur og gott leiksvæði fyrir börn.
- Mikil náttúrufegurð.



Krumshólar eru sögufrægur staður úr Egilssögu. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á jörðinni, öllum útihúsum hefur verið breytt þannig að nú eru þar fjórar sérstæðar íbúðareiningar.

UPPLÝSINGAR VEITA EFTIRFARANDI AÐILAR:

Fasteignamiðstöðin, Hlíðasmára 17, Kópavogi, sími 550-3000

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar, Borgarbraut 61, Borgarnesi, sími 437 1700





1. sæti
Eymundsson - allar bækur
29.4.-5.5

STÓRGLÆSILEG ÚTSKRIFTARGJÖF!

„Almanakið eftir Ólaf Jóhann er yfirtak fallegur og vel saminn ljóðaflokkur, áhrifamikill í látleysi sínu og innileik.“

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI

VERÖLD 



FIMMTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 07. MAÍ 2015

Tónleikar

20.00 Kvinnakór Reykjavíkur fagnar langbráðu vori og býður gesti hjartanlega velkomna á tónleika í Gamla bíói. Að þessu sinni er umgjörð tónleikanna sérstaklega glæsileg í nýuppgerðu Gamla bíói sem um árabil var stærsta og glæsilegasta samkomuhús Reykvíkinga. Aðgangseyrir er 3.900 krónur og hægt er að panta miða á midi.is.

20.30 Fimm karlar á palli halda tónleika til styrktar Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, á Café Rosenberg. Í ár fagnar Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, 20 ára afmælisári sínu og af því tilefni blæs félagið til sérstaklega athyglisverðra styrktartónleika.

Leiklist

19.00 Leikverkið Bily Elliott verður sýnt á fjöllum Borgarleikhússins. Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur. Söngleikurinn um Billy Elliot var frumsýndur á West End í London árið 2005 og hefur vakið gróðarlega athygli um víða veröld. Aðgangseyrir 6.200 krónur og nálgast má miða á midi.is.

EKKI MISSA AF

Kosningavaka Stúdenta- kjallaranum

Silja Bára Ómarsdóttir stýrir pub-quiz í tilefni bresku þingskosninganna.




20.00 Leikverkið Endatafl verður sýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Endatafl er annað frægasta leikrit Nóbelskáldsins írsku, Samuels Beckett, tvímælalaust eins áhrifamesta leikskálds tuttugustu aldarinnar. Hitt verkið er Beðið eftir Godot. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Aðgangseyrir er 3.900 krónur.

Sýningar

11.00 Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús og Sagafilm hafa farið í samstarf um að bjóða gestum að heimsækja Exposkálann í Hörpu. Í skálanum er sýnd 15 mínútna íslensk kvikmynd framleidd af Sagafilm, þar sem íslenski náttúru er varpað á fjórar hliðar og loft skálans og myndar þannig tening utan um gesti. Nálgast má miða á harpa.is og er miðaverð frá 1.500 krónum.

17.00 Lokasýning nemenda á listnámsbraut Borgarholtsskóla verður opnuð í Borgarbókasafninu, menningarhúsi Spönginni, fimmtudaginn 7. maí kl. 17.

17.00 Sýning Ásðísar Ásgeirsdóttur ljósmyndara í Gallery Bakaríi á Skólavörðustíg 40 í Reykjavík var opnuð í gær. Hún stendur til 18. maí.



20.00 Curver Thoroddsen ræðir við gesti Hafnarborgar um verk sín á sýningunni MENN sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Curver er þekktastur fyrir gjörninga sína og vídeóverk þar sem listin og hversdagslegar athafnir renna saman.

Bæjarhátíðir

15.00 Dagana 7.-10. maí bjóða ÍTS, fyrirtæki, félagsamtök og fleiri upp á frábæra heilsudaga með fjölbreyttri dagskrá þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Dagskrána má finna á heimasíðu bæjarins, seltjarnarnes.is. Þetta er í fyrsta sinn sem heilsudagar eru haldnir á Seltjarnarnesi en vonir standa til að þeir verði árviss viðburður þar sem allir sem starfa að hreyfingu og heilsu á Nesinu taka þátt. Allir eru velkomnir og frítt er á velflesta viðburði.

Umræður

20.00 Í tilefni bresku þingskosninganna verður Félag stjórnmálafræðinga og Edinborgarfélagið með kosningavöku á Stúdentakjallaranum fimmtudagskvöldið 7.maí. Útsvarsdrottningin Silja Bára Ómarsdóttir mun hita upp með léttu pub-quiz sem byrjar klukkan 20n00. Fylgst verður með útsendingu breskra fjölmiðla (t.d. Sky News), skálað í léttum veitingum og spáð í spilin.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



AUKATÓNLEIKAR 6. JÚNÍ KL. 20!
Miðasala á tónleikana hefst í dag kl. 10

40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR PLÖTUNNAR SUMAR Á SÝRLANDI Í ELDBORGARSAL HÖRPU
UPPSELT 5. JÚNÍ KL. 20 OG KL. 23
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HARPA.IS OG TIX.IS | MIÐAVERÐ FRÁ KR. 5.900

VERKFÆRADAGAR

Mikið úrval af verkfærum á 20–50% afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9–18
Laugard. kl. 10–16
Sunnud. kl. 12–16



-50%

Áður: kr. 3.995

1.997 kr.

HLEDSLUSKRÚFJÁRN



-50%

Áður: kr. 3.590

1.795 kr.

GIPS SKRÚFVÉL, 450W



-30%

Áður: kr. 3.995

2.796 kr.

HLEDSLUBORVÉL, 12V



-30%

Áður: kr. 8.995

6.296 kr.

BELTASLÍPIVÉL, 900W



-20%

Áður: kr. 5.995

4.796 kr.

HLEDSLUSKRÚFJÁRN, 3,6V



-30%

Áður: kr. 4.995

3.496 kr.

BORVÉL, 500W



-30%

Áður: kr. 2.995

2.096 kr.

HORNJUÐARI, 180W

Juðari, 135W, kr. 2.716. Áður: kr. 3.995
Juðari, 150W, kr. 3.996. Áður: kr. 4.995



-20%

Áður: kr. 5.995

4.796 kr.

STINGSÖG



-20%

Áður: kr. 6.495

5.196 kr.

SLÍPIROKKUR, 580W



-30%

Áður: kr. 26.900

18.830 kr.

BÚTSÖG, 2100W



-20%

Áður: kr. 1.775

1.420 kr.

LÍMBYSSA, 7 MM

Límbyssa, 11 mm, kr. 1.580. Áður: kr. 1.975



-20%

Áður: kr. 7.995

6.396 kr.

HEFTIBYSSA



-20%

Áður: kr. 9.995

7.996 kr.

VATNSDÆLA, 400W



-20%

Áður: kr. 8.995

7.196 kr.

FLÍSSASÖG



-20%

Áður: kr. 6.995

5.596 kr.

BÓNIVÉL



-30%

Áður: kr. 9.995

6.996 kr.

HÖGGBOR/BROTIVÉL, 620W

Afslátturinn gildir til 31. maí 2015 eða á meðan birgðir endast.

RAFMAGNSVÖRUR
Á LÆGRA VERÐI

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

AFMÆLISBARN DAGSINS

BÍÓFRÉTTIR



Breckin Meyers
Pekktur fyrir: Road Trip (2000)



Ashton góður við mömmu sína

Leikarinn og hjartaknúsarinn Ashton Kutcher kom móður sinni á óvart og endurinnréttaði æskuheimilið sitt í tilefni af mæðradeginum sem verður um helgina. Diane Kutcher var að vonum ánægð með soninn, en Ashton tók sjálfur þátt í að byggja húsið á sínum tíma.

Bara beikon fyrir Bacon?



vestanhafs telja að hann hafi verið með farða vegna hlutverks í kvikmynd.

Aðdáendur leikarans Kevins Bacon trúðu margir hverjir ekki sínum eigin augum þegar hann birti mynd af sér á instagram-síðu sinni, þar sem hann virkaði ansi bútaður. Óvíst er hvað stendur til hjá leikaranum, en fjölmiðlar



Bakk Gamanmynd

Leikstjórn: Gunnar Hansson og Davíð Óskar Ólafsson. **Helstu leikarar:** Jóhannes Haukur Jóhannesson, Víkingur Kristjánsson, Saga Garðarsdóttir, Gunnar Hansson.

IMDb: 7,5/10 Rotten Tomatoes: 54%



Hot Pursuit Gamanmynd

Leikstjórn: Anne Fletcher. **Helstu leikarar:** Sofía Vergara, Reese Witherspoon, Michael Mosley, Robert Kazinsky, John Carroll Lynch, Jodi Lyn Brockton.

IMDb: 7,3/10 Rotten Tomatoes: 60%

Boðskapurinn er að Gaulverjar þurfa að nota hugbreytandi efni

Ástríkur, Steinríkur og félagar lumbra heldur betur á Rómverjum með tilheyrandi ofbeldi í teiknimyndinni Ástríkur á Goðabakka.

KVIKMYNDIR: ★★★★★

Myndin Ástríkur á Goðabakka er ný útgáfa af baráttu Gaulverja og Rómverja. Stefið í þessari mynd er hið sama og í fyrri myndunum; Rómverjar vilja ná yfirráðum í Gaulverjabæ og er hún byggð á samnefndri teiknimyndasögu sem kom út hér á landi árið 1979.

Sá sem þetta ritar fór með fimm ára dóttur sína í Háskólabíó og var tilhlökkunin nokkur hjá báðum. Sögur af Ástríki, Steinríki, Sjóðríki og öllum hinum hafa verið vinsælar í áratugi. Salurinn var þéttsetinn á þessum sunnudegi og voru fulltrúar yngstu kynslóðar þjóðarinnar örugglega um helmingur þeirra gesta. En það virtist sem kvikmyndin næði aldrei að fanga athygli þeirra yngri. Söguþráðurinn er kannski helst til af flókin fyrir ung börn og voru einhver þeirra farin að ráfa um salinn því þau gátu ekki fylgst með myndinni. Sagan fjallar um hugmynda Júliúsar Sesars um að byggja rómverska byggð í kringum Gaulverjabæ og einfaldlega aðlagga Gaulverja að rómverskum siðum og gildum. Byggðin fékk nafnið Goðabakki.

Rómverjar taka til við að fella öll trén í skóginum sem umlykur Gaulverjabæ. Reyndar gengur það ekkert sérstaklega vel, því Ástríkur og Steinríkur streitast á móti skógarhögginu með hjálp Sjóðríks. Tilheyrandi ofbeldi fylgir að sjálf-sögðu, eitthvað sem nóg er af í sögunum um Ástrík.

En eftir öll slagsmálin um skógin gafa Gaulverjarnir eftir og byggðin rómverska rís. Þarna voru líklega flestir gestir undir sex ára aldri búnir að missa þráðinn, ef marka mátti erilinn í salnum. En sá sem þetta ritar skemmti sér best við að heimfæra söguþráðinn upp á kenn-

ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA Myndin sver sig í ætt við aðrar myndir um Ástrík. Hér má sjá Gaulverja sem eru ginnkeyptir fyrir gylliboðum Rómverja, en Ástríkur streitist á móti.



ingar um samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Þetta reyndist hin besta dægradvöl á meðan myndin hélt áfram.

Í lokahnykk myndarinnar hefst svo æsileg atburðarrás þar sem Rómverjar átta sig á mikilvægi Sjóðríks seiðkarls. Þeir ræna honum og þá gefast Gaulverjarnir bara upp. Því þeir vita fyrir vist að þeir eru ekki sterkir ef þeir fá ekki töfradrykkinn sem Sjóðríkur framleiðir. Drykkinn sem breytir Gaulverjum í óstöðvandi slagsmálmaskínur. Þetta er í raun þekkt stef í teiknimyndum, að söguhetjurnar þurfi utanaðkomandi efni til þess að geta barist á sinn hátt. Ninja-skjaldbökurnar sem eru þekktar sem Turtles voru stökbreyttar eftir slím og Stjáni blái þurfti spínatið sitt. Í kvikmyndinni Space Jam mátti þó sjá málið tæklað á uppbyggilegan

hátt. Þar töldu hinar góðu teiknimyndahetjur sig þurfa töfradrykk, en lærðu svo að drykkurinn hafði bara verið vatn. Þannig sigruðust þær á þörfinni fyrir eitthvað utanaðkomandi. En í myndinni um Ástrík á Goðabakka kom í ljós að Gaulverjar eru með öllu háðir þessum töfradrykk sem gerir menn að berserkjum. Þegar maður fer með yngstu kynslóðina í bíó vill maður heldur að boðskapur myndarinnar sé eitthvað sem hægt er að ræða um. Eða allavega að hann sé ekki jafn skritinn og boðskapur þessarar myndar. Ofbeldi og hugbreytandi efni er það sem situr eftir þegar gengið er út úr salnum. Myndin er ekki neitt sérstaklega skemtileg heldur, þótt talsetningin sé listilega vel heppnuð eins og alltaf.

Kjartan Atli Kjartansson



Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar heilir Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt víðurkenndum stöðlum.



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

ÖLL BESTU LÖG TINU TURNER | VÍÐAMESTU UPPFÆRSLU RIGG VÍÐBURÐA TIL ÞESSA

BRYNDÍS
ÁSMUNDS

STEFANÍA
SVAVARSS

JÓHANNES
HAUKUR

SIGGA
BEINTEINS

VIGNIR
SNÆR

REGÍNA
ÓSK

ERNA
HRÖNN



ÞU VILT EKKI
MISSA AF ÞESSU!

THE BEST,
RIVER DEEP
MOUNTAIN HIGH,
PROUD MARY,
PRIVATE DANCER,
WHAT'S LOVE GOT TO
DO WITH IT,
A FOOL IN LOVE,
GOLDEN EYE,
WE DON'T NEED
ANOTHER HERO
NUTBUSH CITY
LIMITS
OG FLEIRI
STÓRSMELLIR

TÓNLEIKASÝNING
SUMARSINS

MÖGNUM
UPPLIFUN



TÓNLEIKASÝNING RIGG VÍÐBURÐA

TINA

DROTTNING ROKKSINS

HLJÓMSVEIT RIGG VÍÐBURÐA ÁSAMT DÖNSURUM

DANSHÖFUNDUR: YESMINE OLSSON BÚNINGAMEISTARI: FILIPPÍA ELISDÓTTIR STJÓRNANDI: FRÍÐRIK ÓMAR

4. SÝNING

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ
13. JÚNÍ KL. 20:00
ELDBORG-HARPA

MÍÐASALA HEFST Á MORGUN FÖSTUDAGINN 8. MAÍ KL. 10:00
Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050. MÍÐAVERÐ FRÁ 5990-9990



LÍFIÐ

FRÆGIR Í NÆRMYND BEYONCÉ KNOWLES

Söngkonuna Beyoncé Knowles ættu flestir að þekkja enda að öðrum ólöstuðum sjálfsagt ein frægasta poppstjarna heims um þessar mundir.

Sem barn tók hún þátt í fjöldanum öllum af dans- og söngvakeppnum en gerði garðinn frægan

með stúlknabandinu Destiny's Child seint á tíunda áratug síðustu aldar.

Það var ásamt þeim Kelly Rowland og Michelle Williams sem Destiny's Child reis til frægðar og frama en umboðsmaður sveitarinnar var faðir Beyoncé, Mathew Knowles. Destiny's Child átti mikilli velgengni að fagna en

árið 2004 gaf Beyoncé út sína fyrstu sólóplötu, *Dangerously in Love*, og hefur síðan þá gefið út fjórar sólóplötur sem átt hafa mikilli velgengni að fagna.

Beyoncé vakti mikla athygli á mánudagskvöldið á Met Gala þar sem hún klæddist gegnsæjum skrautsteinaskreyttum kjól úr smíðju Givenchy. Beyoncé er gift rapparanum Jay-Z og eiga þau eina dóttur saman, Blue Ivy Carter.



→ Beyoncé Giselle Knowles-Carter

- **Fædd** 4. september árið 1981 í Houston, Texas
- **Foreldrar** Mathew Knowles og Tina Knowles
- **Systkini** Solange Knowles og Bianca Lawson
- **Eiginmaður** Jay-Z, gift árið 2008
- **Börn** Blue Ivy Carter, fædd 7. janúar 2012

ENDURSKÖPUÐU HJÓLASLYSIS

Bono og Jimmy Fallon endurgerðu hjólaslys sem Bono lenti í á síðasta ári í þættinum *The Tonight Show*.



KONUNGLEG HEIMSÓKN Elísabet Bretlandsdrottning heimsótti langömmubarnið, Karlottu Elísabetu Díönu, á þriðjudaginn og sýndi ljósmyndurum próffílinn.

STILLIR SÉR UPP Kim Kardashian West áritaði nýútkomna bók sína sem nefnist *Kim Kardashian West: Selfish* en Kim er ansi vel þekkt fyrir sjálfsmyndir sínar.



SKELLI, SKELLIHLÓ Morgan Freeman hlær svo sannarlega með öllu andlitinu og það var greinilega eitthvað mjög fyndið að eiga sér stað þarna.

FRAEGIR Á FERÐ OG FLUGI

ALSÆLL KÚREKI Jack Black er alltaf í stuði og var í glimrandi góðum gír þegar hann tók lagið í spjallþættinum *Late Night with Seth Meyers*.



ALVEG DJÖFULLEGUR Hinn geðþekki tónlistarmaður Robbie Williams er nú á tónleikaferð og kom fram í Tel Aviv ívikunni með höfuðskraut með áföstum djöflaeyrum.



VEÐ VINDINN Í HÁRINU Boris Johnson, borgarstjóri Lundúnaborgar, var svo sannarlega með vindinn í hárinu á þriðjudaginn.

TOMS



TOMS gefur barni skó fyrir hvert par sem þú kaupir
One for One



Gerum eitthvað gott

Laugarvegi 58 |  orgreykjavik

Pabba-kroppurinn kremur þvottabrettið

Ótrúlegustu hlutir komast í tísku og virðist nýjasta æðið vera að karlmenn slaki á í ræktinni, fái sér pizzu og safni í bjórbumbu

Nú mega helskornir og líkams-ræktaróðir karlmenn svo sannarlega fara að vara sig, því þvottabrettið er ekki lengur í tísku. Nýjasta trendið er nefnilega „dad bod“, eða pabba-kroppur. Eftir að ung bandarísk stúlka skrifaði grein um hversvegna stelpur elskuðu pabba-kroppana, hefur þetta æði farið eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla.

Pabba-kroppurinn er mitt á milli þess að vera fitt og feitur. Pabba-kroppur fer í ræktina annað slag, en leyfir sér að drekka bjór og borða pítsu með félögum. Margir fagna þessu nýja trendi og segja að loksins sé það aðlaðandi að vera venjulegur. Kvenfólk virðist vera afskaplega hrifin af þessu útliti og segir meðal annars í greininni að þetta gefi stelpunum aukið sjálfs-traust að sjá að þær séu í betra formi en strákurinn. Þeim finnst fint til tilbreytingar að vera flottari aðilinn á myndum. Hver vill heldur kúra hjá gaur með eins stafs fituprósentu eða geta ekki farið á ham-

borgarastað á þriðjudegi, því það er ekki nammidagur?

Þó nokkrar stjörnur virðast aðhyllast þetta nýja æði, hvort sem það er viljandi gert eða hvað, og má þar helst nefna Leonardo DiCaprio, Chris Pratt, Russel Crowe, Jonah Hill, Simon Cowell og Jason Segel. Þetta trend virðist ekki vera bundið við einhvern einn aldursþóp því pabba-kroppurinn virðist vera jafn vinsæll hjá háskólastrákum og mönnum um fimmtugt.

Ekki eru þó allir sammála um ágæti þessarar nýju tísku, ef svo má kalla, og vilja meina að þarna gæti mikils ójafnréttis. Þarna sé verið að hvetja karlmenn til þess að vera náttúrulegir en á sama tíma sé samfélagið að þrýsta á konur að vera grannar og koma sér í form nokkrum dögum eftir barnsburð. Á Twitter fór kassamerkið #mombod á flug og þar gagnrýndu stelpur þessa nýju tísku. Þær sögðust meðal annars vera tilbúnar að samþykkja þetta nýja æði, um leið og það yrði samþykkt af samfélaginu að konur væru með smá hold utan á sér.



SIMON COWELL



SIÐHEITIR Þeir Leonardo DiCaprio og Chris Pratt flagga pabba-kroppnum stoltir.



Vorsprengja!
Frá og með 6. maí til og með 9. maí

30%-70%

Afsláttur af tilteknum vörum



Five fingers nokkrar gerðir **50% afsl.**



Íþrótta- hlaupaskór Salomon nokkrar gerðir **30-50% afsl.**



Íþrótta-, hlaupa-, hjólafatnaður **50-70% afsl.**

Vaðskór, bakpokar, úlpur, klappstólar og margt fleira

Ekki missa af þessu - Takmarkað magn!

Sími: 534 2727 • Email: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



VERÐA Í DALNUM Hljómsveitin Dimma kemur fram ásamt Bubba Morthens á Þjóðhátíð í ár.

Bubbi og Dimma á Þjóðhátíð í Eyjum

Hljómsveitin Dimma kemur fram ásamt söngvaranum Bubba Morthens á Þjóðhátíð í Eyjum í ár.

Hljómsveitin Dimma kemur fram á Þjóðhátíð í Eyjum ásamt Bubba Morthens.

Bubbi er öllum hnútum kunnugur á Þjóðhátíð enda haldið uppi stemningunni í dalnum margsinnis en þetta er í fyrsta skipti sem Dimmu-menn troða upp á Þjóðhátíð. „Við höfum ekki spilað á Þjóðhátíð áður og það verður geðveikt að gera það með Bubba. Maður sá það ekki fyrir,“ segir Birgir Jónsson, trommuleikari hljómsveitarinnar, sem raunar telur að enginn af hljómsveitarmeðlimum hafi haldið til Vestmannaeyja yfir verslunarmannahelgina áður.

Hann segir þá félagar mjög spennta fyrir að troða upp í dalnum en hljómsveitin kemur fram ásamt Bubba á föstudagskvöldinu. „Þetta verður ekkert kósi stemning í dalnum heldur verður öllum hent þarna út á ballarhaf,“ segir hann hress.

Hljómsveitin hefur leikið með Bubba um nokkurra mánaða skeið og segir Birgir þá ánægða með móttökurnar á samstarfinu en hápunktur ársins verði í dalnum í ágúst.

Auk Bubba og Dimmu verða Páll Óskar, Sálín hans Jóns mín, Júníus Meyvant, AmabAdama, FM Belfast, Maus, Sóldögg, Land og synir og FM95Blö á Þjóðhátíð í ár.

-gló

Ekkert er fegurra en ...

VORKVÖLD Í HÖLLINNI

Húsgagnahöllinni, Reykjavík

Í KVÖLD
FRÁ 19-22

EIGÐU SKEMMTILEGT KVÖLD MEÐ OKKUR

Kynnum nýjar línur í fallegum
matarstelloum ásamt fullt
af frábærum tilboðum.
Léttar veitingar.

100 FYRSTU
GESTIRNIR FÁ
VORGJÖF FRÁ
HÚSGAGNA-
HÖLLINNI.

ERTU AÐ FARA AÐ GIFTA ÞIG?

Öll verðandi brúðhjón eru boðin sérstaklega
velkomin að skoða úrval fallegra gjafahugmynda.
Brúðhjón sem skrá sig á lista hjá okkur fá veg-
lega gjöf.

Ein heppin brúðhjón vinna glæsilega vinninga:

- Paranudd í Laugum Spa
- Inneign að verðmæti 50.000 úr Húsgagna-
höllinni
- Aðstoð og skreytingarhugmyndir fyrir brúð-
kaupið frá útstillingahönnuði Húsgagna-
hallarinnar
- Falleg rúmföt eftir Tolla frá versluninni
Betra bak

SVALI & SVAVAR
HALDA UPPI
STEMNINGUNNI

SIGGA KLING
SPÁIR Í FRAMTÍÐINA

DÚETTINN
ÍVAR ÞÓRIR DANÍELSSON
OG MAGNÚS HAFDAL
ÚR ÍSLANDS GOT TALENT
TAKA NOKKUR LÖG

15-20%
AFSLÁTTUR AF
SMÁVÖRUM
ÁSAMT
FRÁBÆRUM
TILBOÐUM

JÓI FEL
SÝNIR ÞAÐ NÝJASTA
Í BRÚÐARTERTUM

ZIRKONIA
KYNIR
HÚÐMEÐFERÐIR

VÍNSMAKK FRÁ
MEKKA

DÍSA ÚR
LAUGUM SPA
KYNIR
FACE, BODY & HOME

MS
GEFUR OSTASMAKK

TARIELLO
GEFUR SKINKUSMAKK



HÚSGAGNAHÖLLIN • Bildshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10-18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100



Einstaklingsfrelsi til hægri

BAKPANKAR
Frosta
Logasonar



Glögur bankastarfsmaður vakti í vikunni athygli á meintri vinstri-slagsíðu í félagsfræðikennslu Fjölbrotaskólans í Ármúla. Birti hann skjáskot af námsefninu á Facebook-síðu sinni þar fjöldi þekktra hægri- og vinstrianna tjáði sig svo í athugasemdum. Við myndina skrifar viðkomandi: „Glósur kennara í stjórn málafræðikúrs í ónefndum framhaldsskóla! Gott að vita að börnunum eru kennd fræðin af hlutleysi og yfirvegum.“

MÉR finnst svo sem ekkert skrítið að einhverjum hægriönnum hafi misboðið framsetningin, en á skjáskotinu mátti sjá glæru með grunnildum vinstrianna stilltum upp á móti gildum hægrianna. Fólk sem flokkað er til vinstri voru þarna eignuð hugtök eins og mannréttindi, félagshyggja og jafnrétti,

á meðan hægriöfólkið var látið sitja uppi með eignarréttinn, einstaklingshyggjuna og ójöfnuðinn. Vinstrið fyrir réttlætið, hægrið um óréttlætið, gæti hafa verið slagorð glærunnar. Alþjóðahyggja og trú á rökhyggju voru einnig mál vinstrianna í þessu námsefni á meðan þjóðernishyggja og vantrú á rökhyggju voru eignaðar hægriinu.

SJÁLFUR hef ég talið mig lengst af hallast frekar á hægri vinstri en vinstri þar sem ég er til að mynda hlynntur öllu einkaframtaki og frábið mér alla forræðishyggju stjórnvalda í hvaða mynd sem hún kann að birtast. Sennilega yrði ég best flokkaður sem frjálshyggjumaður. Þó næ ég ekki að skilgreina mig í þann flokk hægrianna sem birtist á umræddri glæru félagsfræðikennarans í Ármúla.

EN í því felst kannski einmitt vanda-

málið. Hægri stefnan á Íslandi í dag á fátt skylt við einstaklingsfrelsið og í raun gera þeir flokkar sem teljast vera á hægri vinstri stjórn mála á Íslandi í dag lítið til að gera mér auðveldara að haga lífi mínu eins og ég myndi kjósa. Fáir útvaldir vinir og vandamenn helstu stjórn mála leiðtoga fá að kaupa félög í eigu ríkisins á spottþrú eingöngu til þess að greiða sér hundruð milljóna í arð augnablikum síðar. Matvörur, klæðnaður og aðrar nauðsynjar að utan fást ekki nema á okurverði sökum tolla og skatta því eins og allir vita er nauðsynlegt að vernda þá miklu gæðavöru sem framleidd er hér á landi.

AÐ lokum megum við svo vera þakklát fyrir trúfrelsið og rökhyggjuna sem fylgt hefur miðaldastofnunum á borð við þjóðkirkjuna. Þar er hornsteinninn auðvitað einstaklingsfrelsi. Guði sé lof fyrir það.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

AGE OF ADALINE	5:40, 8, 10:20
AVENGERS 2 3D	7, 10
MALL COP 2	5, 8
ÁSTRÍKUR 2D	6
FAST & FURIOUS 7	10

SAMBÍÓIN

FYRSTA STÓRMÝND SUMARSINS

AVENGERS
AGE OF ULTRON

THE WATER DIVINER

„THE WATER DIVINER ER MEISTARAVEK: SVONA EIGA KVÍMYNDIRÁÐ VERA.“

LARRY KING - LARRY KING NOW

„RUSSEL CROWE LEIKSTYRIR OG LEIKUR Í EINNI BESTU MYND ÁRSINS.“

NANCY JAY - BRYDBREAK USA

ALFABAKKA

THE WATER DIVINER	kl. 5:30 - 8 - 10:30
AVENGERS 2 3D	kl. 5 - 7 - 8 - 10
AVENGERS 2 VIP 2D	kl. 5 - 8
CHILD 44	kl. 5 - 8
RUN ALL NIGHT	kl. 10:20
GET HARD	kl. 8
INSURGENT	kl. 5:30

EGILSHÖLL

THE WATER DIVINER	kl. 5:30 - 8 - 10:30
AVENGERS 2 3D	kl. 5 - 8 - 11
AVENGERS 2 2D	kl. 6 - 9
CHILD 44	kl. 10:30
RUN ALL NIGHT	kl. 8
GET HARD	kl. 5:40

KRINGLUNNI NÚMÉRÚÐ SÆTI

THE WATER DIVINER	kl. 6 - 9
AVENGERS 2 2D	kl. 5 - 6 - 8 - 9

KEFLAVÍK

THE WATER DIVINER	kl. 10:20
THE AGE OF ADALINE	kl. 8
AVENGERS 2 3D	kl. 8

AKUREYRI

THE WATER DIVINER	kl. 8
AVENGERS 2 3D	kl. 5:30 - 8:30
AVENGERS 2 2D	kl. 5 - 10:25

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

AVENGERS

AGE OF ADALINE

A SECOND CHANCE

PAUL BLART MALL COP 2

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



SKEMMTILEGT VERKEFNI Elsa Nilsen ásamt myndunum sínum, sem fjölgar með degi hverjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrædd um að ég verði búin að teikna allt um áramótin

Elsa Nilsen, grafískur hönnuður og fyrrum badmintonmeistari, teiknar pínulitla mynd á hverjum degi sem hún segir að sé hennar eigin útgáfa af dagbók. Hún stefnir að því að setja upp sýningu í byrjun næsta árs.

„Ég er eiginlega búin að teikna allt sem er í kringum mig og flest allt sem ég hef verið að borða,“ segir Elsa Nilsen, grafískur hönnuður. Hún byrjaði að teikna litlar myndir um áramót, eina á dag líkt og dagbók, af hlutum sem eru í kringum hana.

„Ég hugsaði að ég þyrfti að geta teiknað myndina á sem stystum tíma. Þannig eiginlega kviknaði hugmyndin að því að hafa þær svona litlar,“ segir hún, en myndirnar eru teiknaðar á blöð sem eru 7x7 sentimetrar að stærð. Hún reynir að tengja myndirnar við atburði dagsins, ef hún mógulega getur það. „Eins og með myndina af tannstönglinum. Klukkan var orðin margt svo ég gat ekki teiknað eitthvað flókið. Ég þyrfti að nota tannstöngul til að losa um órganó í tönninni og þar með var hugmyndin komin,“ segir hún og hlær.

Elsa segir verkefnið vera farið að vinda upp á sig, og fólk sé farið að senda henni hugmyndir að teikningum. „Það má eiginlega segja að fólk sé orðið hluti af dagbókinni minni. Ég fæ sendar hug-

„Ég hugsaði að ég þyrfti að geta teiknað myndina á sem stystum tíma. Þannig eiginlega kviknaði hugmyndin að því að hafa þær svona litlar.“

Elsa Nilsen, grafískur hönnuður.

myndir og svo eru margir búnir að panta hjá mér myndirnar.“ Stefnan er að teikna myndirnar að minnsta kosti út árið og halda sýningu í byrjun næsta árs. „Mig langar að setja þær allar saman á sýningu og jafnvel selja þær þar. Það er búið að panta nokkrar myndir sem ég er búin að taka frá, en það fær þær enginn fyrr en eftir sýninguna,“ segir hún og hlær. Aðspurð hvort hún haldi að hún muni teikna allt næsta ár, segist hún ekki vera viss. „Mógulega verð ég búin að teikna allt þá. Þetta nefnilega má bara vera einn hlutur og ekki mjög flóki.“

- asi



→ Elsa byrjaði að teikna litlar myndir um áramót, eina á dag líkt og dagbók, af hlutum sem eru í kringum hana.



VOR Í VERKEFNASTJÓRNUN

Útskriftarráðstefna MPM-námsins við Háskólann í Reykjavík
í HR föstudaginn 8. maí kl. 12:20-17:00

12:20	Stofa V101	Setning ráðstefnu - Hákan Westman	Stofa M101	Fyrirtækið, ferli og verkefnaíðun	Stofa V102	Leiðtogar, hlutverk og menning
		Hákan Westman er reynslumikill verkefnastjóri og ráðgjafi sem aðstoðar fyrirtæki við að þróast í átt að meiri verkefnaíðun. Hákan hefur starfað mikið á vegum Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) þar sem hann er einn af forsvarsmönnum hinna árlegru Afburðarverðlauna IPMA fyrir verkefni (Project Excellence Award). Fyrirlestur: <i>Organisational maturity and regional leadership.</i>				
	Stofa V101	Stefna, þroski og stuðningur	Stofa M101	Fyrirtækið, ferli og verkefnaíðun	Stofa V102	Leiðtogar, hlutverk og menning
13:10		The Project Sponsor: Key to success Sjón Kjartansdóttir		Er straumínustjórnun draumur eða veruleiki? - Viðhorf og reynsla stjórnenda hjá fjármálafyrirtæki Jón Smári Einarsson		Keeping Perspective in Academic Leadership Roles: Insights from the Rectors of Icelandic Universities Kolbrún Arnardóttir
13:30		Stefna eða stefnurek - Úttekt á umhverfisstefnu útgerðarfyrirtækja Jón Ásgeir Gestsson		IT projects - who are they really for? Sigurður T. Valgeirsson		The Mindful Project Manager Gunnar Pétur Hauksson
13:50		Hvernig getur stefnumótunarvinna stutt lítil fjölskyldufyrirtæki: Tilfellinggreining á fjölskyldufyrirtæki í framleiðslu Jóna Sigríður Guðmundsdóttir		Verkefnastjórnun á Íslandi seinasta áratuginn Marínó Þórisson		Leiðtogafærni stjórnenda í íþróttafélögum: Eru stjórnendur meðvitaðir um leiðtogafærni sína? Er þörf fyrir markvissa þjálfun? Laufey Guðmundsdóttir
14:10		Key success factors in national IT infrastructure projects: A case study of a nationwide e-business initiative Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir		Project Portfolio Management utilization in Icelandic organizations Kristinn Þorvaldsson		Understanding the impact of culture on international projects Áslaug Ármannsdóttir
14:30		Gæðastjórnun fyrir alla - fyrirtæki, samtök og stofnanir Ágúst Bjarni Garðarsson		ISO 21500 - ættu fyrirtæki í íslenskrri ferðaþjónustu að nýta sér staðalinn? Pétur Ásgeirsson		Sérfræðingur viðfangsefnis eða verkefnastjórnunar - Hversu mikilvæg er fagþekking verkefnastjóra á viðfangssviði verkefnis Helen Símonardóttir
14:50		Er vandinám viðeigandi aðferðafræði við að kenna og læra verkefnastjórnun? Gísli Rúnar Guðmundsson		"You cannot take the heart out of the project": The use of project management and KPIs in social activity projects Björg Jónsdóttir		Leiðtogafærni í neyðarstjórnun - samanburður á færni leiðtoga í íslenskum björgunarsveitum og grunnviðmiðum IPMA Gunnar Magnúsdóttir
15:10	HLÉ	Stofa V101 Frumkvöðlar, nýsköpun og þróun	Stofa M101 Fjármál, áhætta, útboð	Stofa V102 Liðsheild og siðfræði		
15:25		Frumkvöðlakeppnin Gulleggið - Hver eru einkenni teymanna sem ná bestum árangri? Svava Björk Ólafsdóttir		Viðhorf íslenskra verkefnastjóra til fjárhagslegrar áhættu Bára Ragnhildardóttir		Hvað geta verkefnastjórnar lært af þjálfurum íslenska landsliðsins í knattspyrnu, í myndun liðsheildar og verkefnastjórnun? Erna Kristjánsdóttir
15:45		Picturing the MPM degree: Implementing educational value through visual management Íris Hrund Þórarinsdóttir		Project Execution EPC, EPCM or IPT: Which method works best for large scale projects Torfi Dan Sævarsson		Hvað geta verkefnastjórnar lært af þjálfurum íslenska landsliðsins í knattspyrnu, í myndun liðsheildar og verkefnastjórnun? (framhald) Anna S. Vilhelmsdóttir
16:05		Implementation of lean management in an airline cabin, a world first execution? Þórdís V. Þórhallsdóttir		Viðnámsþróttur höfuðborgarsvæðisins - samhæfing og samvinna Birgir Finnsson		The Positive Project Team: The Impact of Positive Affectivity on Project Success Hafðís Huld Björnsdóttir
16:25		Is project management the future approach to clinical nursing? Elin Úlfarsdóttir		Lykilmælikvarðar fyrirtækja; Reynsla af uppbyggingu, stýringu og innleiðingu Kristjana E. Kristjánsdóttir		Sinn er síður í landi hverju: Siðferðileg mál í alþjóðlegri verkefnastjórnun Sigfús Jóhannsson
16:45		Verkefnastjórnun í nýsköpunarfyrirtækjum: Nýtist hefðbundin áætlanagerð í sprotafyrirtæki á byrjunarstigi? Axel Rúnar Eyþórsson		Viðhorf hagsmunaaðila til rafrænna skila hönnunargagna til byggingarfulltrúaembættanna Gunnar Valdimarsson		Notkun aðferðafræði knattspyrnuþjálfara við myndun liðsheilda í fyrirtækjum Sigurður Vilberg Svavarrsson

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.
Nánari upplýsingar á hr.is/mpm. Opið fyrir umsóknir.

Karólína og Laufey ekki meira með Gróttuliðinu

HANDBOLTI Gróttta verður án þeirra Karólínu Bæhrenz Lárudóttur og Laufeyjar Ástu Guðmundsdóttur það sem eftir lifir úrslitaeinvígisins við Stjörnuna um Íslandsmeistaratið.

„Það eru engar líkur á að þær spili meira í vetur. Núll prósent,“ sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu, í samtali við Fréttablaðið í gær. Laufey hefur glímt við kálfa-meisli undanfarnar fimm vikur og þá tagnaði Karólína aftan í læri í upphafi fyrsta leiks Gróttu og Stjörnunnar á þriðjudaginn. Seltirningar unnu leikinn 24-21 og leiða einvígið 1-0.

Það er þó bót í máli fyrir deildar- og bikarmeistarana að Anett Köbli gæti komið við sögu í næstu leikjum en hún hefur verið frá keppni að undanförunu vegna meiðsla í hné.

- ips



HETJA HAUKA Janus Daði Smárason skoraði sigurmarkið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1-0 fyrir Haukana

LOKAÚRSLIT OLÍS-DEILD KARLA AFTURELDING-HAUKAR 22-23 (9-14)

Mörk Aftureldingar (skot): Örn Ingi Bjarkason 9/4 (13/4), Árni Bragi Eyjólfsson 3 (5), Jóhann Jóhannsson 3 (5), Birkir Benediktsson 2 (2), Jóhann Gunnar Einarsson 2 (7), Pétur Júníusson 1 (1), Böðvar Páll Ásgeirsson 1 (3), Elvar Ásgeirsson 1 (4), Varin skot: Pálmar Pétursson 14 (25/1, 56%), Davíð Hlíðdal Svansson 5 (17/1, 29%),

Mörk Hauka (skot): Janus Daði Smárason 6/2 (10/2), Einar Pétur Pétursson 5 (7), Árni Steinn Steinþórsson 5 (13), Adam Haukur Baumruk 3 (10), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (5), Tjörvi Þorgeirsson (4),

Varin skot: Giedrius Morkunas 12 (29/3, 41%), Einar Ólafur Vilmondarson 2 (7/1, 29%).



MEISTARI MESSI Lionel Messi skoraði tvö og lagði upp eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

MEISTARAEILDIN

UNDANÚRSLIT, FYRRI LEIKUR

BARCELONA - BAYERN MÜNCHEN 3-0
1-0 Lionel Messi (77.), 2-0 Lionel Messi (80.), 3-0 Neymar (90.+4).

Mikilvægari en leikur eitt

HANDBOLTI Stjarnan tekur á móti Gróttu í kvöld í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratið.

Stjarnan tapaði fyrsta leiknum en hefur kynnst því best á eigin skinni að það hefur alls ekki boðað slæmt í lokaúrslitunum síðustu árin. Stjarnan komst í 1-0 bæði 2013 (á móti Fram) og 2014 (á móti Val) en tapaði báðum einvígum í oddaleik.

Það lið sem hefur unnið leik eitt hefur ekki unnið Íslandsmeistaratið undanfarnar þrjú ár en í sjö lokaúrslitum kvenna í röð hefur liðið sem vinnur leik tvö farið alla leið og tryggt sér titilinn. Leikurinn í Mýrinni kl. 19.30 í kvöld er því samkvæmt hefðinni mikilvægari en leikur eitt.

- 66j



KOMA ÞÆR TIL BAKA? Esther Viktoría Ragnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki skref til baka fyrir mig

Daninn Jacob Schoop skoraði í sínum fyrsta leik fyrir KR í Pepsi-deildinni. Fékk fá tækifæri hjá OB og var spenntur fyrir að koma til Íslands. Veiktist tveimur dögum fyrir leikinn gegn FH og gat ekki klárað hann.

FÓTBOLTI „Þetta var mikil upplifun og virkilega skemmtilegur leikur að spila þrátt fyrir að við töpuðum og ég væri veikur,“ segir danski miðjumaðurinn Jacob Schoop í viðtali við Fréttablaðið, en hann spilaði sinn fyrsta leik í Pepsi-deildinni á mánudagskvöldið gegn FH.

Schoop skoraði í sínum fyrsta leik laglegt skallamark eftir fyrirgjöf frá samlanda sínum Sören Frederiksen, en það dugði ekki til fyrir KR sem tapaði, 3-1.

„Það var erfitt að spila leikinn vegna veðurs. Rokíð var mikið en mér fannst við standa okkur vel. Við gáfum allt í þetta og áttum skilið stig. Það var ekki mikið í spilunum hjá þeim áður en þeir jafna upp úr engu. Við gerðum mikið af góðum hlutum en því miður fengum við ekkert út úr þessu,“ segir Daninn.

Veiktist fyrir leik

KR var 1-0 yfir með Schoop inni á vellinum en hann þurfti að fara út af eftir klukkustund. Án hans skoraði FH þrjú mörk og sigraði.

„Ég gat bara spilað í klukkutíma og það var meira en ég bjóst við,“ segir Schoop sem fékk mikinn verk í magann á laugardaginn var.

„Það var eitthvað sem ég borðaði á laugardaginn. Mér leið ekkert illa sama kvöld en ældi svo alla nóttina og var því ansi orkulaus. Ég svaf mikið og borðaði mikið á sunnudaginn til að geta verið klár í leikinn á mánudaginn. Þetta var ekki alveg besti undirbúningurinn,“ segir Schoop.

Vildi aðra hluti en þjálfarinn

Danski miðjumaðurinn kom til KR skömmu fyrir mót frá OB í Óðinsvéum þar sem hann hefur spilað undanfarnar fjögur ár. Hann fékk fá tækifæri á leiktíðinni sem stendur enn yfir í dönsku úrvalsdeildinni og var aðeins búinn að spila í 23 mínútur eftir vetrarfríð.

„Ég var búinn að reyna í nokkrar vikur að komast í burtu því ég vil spila og vera hluti af liði þar sem ég fæ stærra hlutverk. Þjálfarinn minn hjá OB vildi ekki nota leikmann eins og mig sem vill spila fótbolta. Hann vill verjast og beita skyndisóknum,“ segir Schoop, sem, eins og fleiri Danir, kemur í gegnum Henrik Bødker, núverandi markvarðþjálfara KR sem var áður hjá Stjörnuni.

„Ég þekki Henrik vel og hann sannfærði mig um að þetta væri rétt skref. Ég sé ekki eftir þessu núna. Þetta er nákvæmlega það sem ég þurfti. Dönskum leikmönnum hefur gengið vel hér, en fyrst og fremst vildi ég bara upplifa ánægjuna af að spila fótbolta á ný.“

Ekki skref afturábak

Schoop er á besta aldri fyrir fótboltamann, 26 ára, og á sín bestu ár fram undan. Hann fagnar því að vera kominn til Íslands í lykilhlutverk hjá stóru liði og telur sig ekki vera að taka niður fyrir sig.

„Þetta er ekki skref afturábak fyrir mig. Það hljómar kannski svolítið klikkað þegar maður er að koma úr dönsku úrvalsdeildinni til Íslands, en þetta er skref fram veginn fyrir mig því hér fæ ég að spila. Svo ef ég stend mig kemst ég kannski lengra. Hér er ég í góðri aðstöðu til að gera góða hluti því félagið er flott, aðstæður góðar og samherjarnir virkilega flottir,“ segir Daninn.

Býr með Sören

Schoop hafði aldrei komið til Íslands áður en hann samdi við KR. Hann hefur nú búið hér í þrjár vikur og nýtur sín vel.

„Mér líkar mjög vel við Ísland. Það er reyndar svolítið mikið rok en fólkið er gott,“ segir Schoop sem deilir íbúð með samlanda sínum og samherja, Sören Frederiksen.



HRAUSTUR Jacob Schoop segist klár í 90 mínútur gegn Blikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leitaði ráða hjá Ara Frey Skúlasyni

Hjá OB í Óðinsvéum spilaði Schoop með tveimur íslenskum landsliðsmönnum; Ara Frey Skúlasyni og Hallgrími Jónassyni. Ari Frey hefur klifið metorðastigann hratt hjá félaginu og var gerður að fyrirliða þess í fyrra.

„Ari er virkilega flottur gaur. Ég leitaði ráða hjá honum varðandi komuna til Íslands. Hann sagði að hér væru möguleikar fyrir mig,“ segir Schoop sem segir Ara Frey mikils virtan hjá danska félaginu.

„Ari er flottur karakter og mjög virtur hjá OB. Hann átti góða fyrstu leiktið og var gerður að fyrirliða. Hann hefur spilað bæði á miðjunni og í vinstri bakverðinum, en hann er meira í bakverðinum núna og stendur sig vel,“ segir Jacob Schoop.



„Úff, nei, djók, hann er hérna við hliðina á mér,“ segir Schoop, spurður hvernig það sé að búa með honum. „Hann er góður gaur sem ég er mikið með. Við skemmtum

okkur vel og nýtum frídagana til að skoða landið. Hér er margt að skoða og gaman að vera,“ segir Jacob Schoop.

tomas@365.is

Frumskýningarkvöld Leiknis í metabækurnar

Tvö mörk á fyrstu þrettán mínúturnum í fyrsta leik Breiðholtsfélagsins í efstu deild og 58 ára met féll.

FÓTBOLTI Leiknismenn áttu algjöra draumabyrjun á frumskýningarkvöldi félagsins í efstu deild en Breiðholtsliðið vann þá 3-0 sigur á Val í 1. umferð Pepsi-deildar karla í sunnudagskvöldið.

Ekkert félag hefur unnið stærri sigur í sínum fyrsta leik meðal þeirra bestu en Fjölnir (2008) og Skallagrímur (1997) unnu líka 3-0 sigra í fyrsta leik sínum í efstu deild. Alls hafa bara 6 af 22 félögum sem þreytt hafa frumraun sína í efstu deild frá 1955 náð að vinna sinn fyrsta leik.

Leiknismenn náðu reyndar ekki meti Þórsara (frá 1977) yfir stystu bið eftir fyrsta marki þrátt fyrir að vera mjög nálægt því en Leiknisliðið bætti hins vegar metin yfir stystu bið eftir marki númer tvö og þrjú.

Þórsara biðu aðeins í sex mínútur eftir að skora sitt fyrsta mark á sínu fyrsta tímabili í efstu deild

1977 en þeir voru líka búnir að fá á sig þrjú mörk eftir 63 mínútna leik í 3-2 tapi í Keflavík. Fyrsta mark Leiknis í leiknum kom eftir átta mínútur.

Leiknisliðið var hins vegar komið í 2-0 eftir aðeins þrettán mínútur á Val og setti með því nýtt met en gamla metið átti lið ÍBH frá því fyrir 58 árum. Albert Guðmundsson var þarna nýkominn heim frá ævintýrum sínum í Frakklandi en hann var spilandi þjálfari Hafnfirðinga í frumraun þeirra meðal þeirra bestu og skoraði sjálfur annað mark liðsins á tímabilinu á 37. mínútu.

Leiknismenn bættu síðan 47 ára met Eyjamanna þegar þeir skoruðu sitt þriðja mark á 71. mínútu. Eyjamenn innsigliðu 3-1 sigur á Val í fyrstu umferðinni 1968 með því að skora þriðja mark sitt á 81. mínútu leiksins sem fór fram í Eyjum.



13 MÍNÚTUR OG NÝTT MET Sindri Björnsson fagnar marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiknismenn hafa ennfremur ekki fengið á sig mark eftir 90 mínútur í efstu deild og eru sjöunda félagið sem heldur hreinu

í fyrsta leik. Nú er að sjá hvort Leiknismenn ná að ógna varnarmetunum í næstu leikjum.

- 66j

→ Stysta bið á fyrsta ári í efstu deild ...

... EFTIR MARKI NÚMER EITT
6 mínútur - Þór 1977

8 mínútur - Leiknir 2015

12 mínútur - ÍBH 1957

21 mínúta - Grindavík 1995

26 mínútur - Fjölnir 2008

30 mínútur - ÍR 1998

... EFTIR MARKI NÚMER TVÖ

13 mínúta - Leiknir 2015

37 mínútur - ÍBH 1957

51 mínúta - KA 1978

53 mínútur - ÍBV 1968

63 mínútur - Fjölnir 2008

77 mínútur - Skallagrímur 1997

... EFTIR MARKI NÚMER ÞRÍU

71 mínúta - Leiknir 2015

81 mínúta - ÍBV 1968

83 mínútur - Skallagrímur 1997

87 mínútur - Fjölnir 2008

135 mínútur - Völsungur 1987

139 mínútur - Stjarnan 1990

HÉR ERU TEKIN MEÐ FÉLÖG SEM HAFU LEIKIÐ SINN FYRSTA LEIK Í EFSTU DEILD FRÁ ÁRINU 1955.

SYNTU INN Í
SUMARIÐ

20%
AFSLÁTTUR*

AF ÖLLUM SUNDFATNAÐI
TIL MÁNUDAGS

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

Völlurinn er viðkvæmur

FÓTBOLTI „Við verðum að spila á vellinum í dag. Það er ekkert annað í boði,“ segir Guðmann Hauksson, vallarstjóri á Fylkisvelli, í samtali við íþróttadeild.

Fylkismenn fengu fyrsta leik liðsins í Pepsi-deildinni gegn Breiðabliki frestað frá sunnudegi til fimmtudags við litla hrfingingu Blika.

„Við sjáum dagamun á vellinum núna. Hann er samt ekki í sínu besta formi. Við verðum bara að bíða og sjá,“ segir Guðmann.

Vallarstjórinn hefur áhyggjur vegna fjögurra heimaleikja sem liðið spilar á sex dögum í Pepsi-deild karla og kvenna um miðjan maí.

Karlaliðið mætir ÍBV og KR 17. og 20. maí og kvennaliðið Fylkis á heimaleiki gegn Selfossi og Stjörnunni 14. og 19. maí.

„Þessi heimaleikjatorn er hluti ástæðunnar fyrir því að við báðum um frestun. Við vildum ekki fara í þessa leiki með völlinn lélegan. Við vorum ekkert að fresta bara til þess að fresta,“ segir Guðmann.

Guðmann og starfslið hans hafa sandað, vökvað og slóðað völlinn undanfarna daga en ekki notað yfirbreiðslu þó það hafi verið rætt.

„Það er ágætis hiti hérna á daginn en hann fer niður í mínus fjórar til fimm á nóttunni. Hér er 2-3 gráðum kaldara en vestur í bæ til dæmis. Völlurinn er rosa viðkvæmur,“ segir Guðmann.

„Við tökum bara því sem kemur úr þessu og reynum að gera gott úr því. Það er búið að gera það sem hægt er og nú verður bara spilað. Umtalið um leikinn hefur verið svo mikið að ég vonast nú bara eftir fullri stúku,“ segir Guðmann Hauksson. - tom



LÉTT YFIR LAUTARFERÐ? Fylkismenn eru ekkert of kátir með álagið á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



TILBÚINN Kolli er búinn að æfa gríðarlega vel og ætlar sér heim frá Finnlandi með annan vinning í töskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólýsanleg upplifun að berjast

Eini íslenski atvinnumaðurinn í hnefaleikum, Gunnar Kolbeinn Kristinsson, stígur inn í hringinn í Finnlandi um næstu helgi. Kolli er búinn að vinna fyrstu tvo bardaga sína og ætlar að klára Hvít-Rússa um helgina.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

HNEFALEIKAR „Ég er búinn að æfa á fullu núna í sjö vikur fyrir þennan bardaga og er eins tilbúinn og hægt er,“ segir eini íslenski atvinnumaðurinn í hnefaleikum, Gunnar Kolbeinn Kristinsson, sem er iðulega kallaður Kolli.

Á laugardaginn kemur mun Kolli stíga inn í hringinn í Lapua í Finnlandi og mæta Hvít-Rússum Artsiom Charniakovich. Þetta verður þriðji atvinnumannabardagi Garðbæingsins en hann hefur áður unnið Lettana Janis Ginters og Edgar Kalnas.

Æft gríðarlega vel

„Ég æfi tvisvar á dag alla virka daga og svo einu sinni á laugardögum. Æfingarnar eru venjulega í kringum tvo tíma þannig að ég æfi kannski fjóra tíma á dag. Ég er búinn að æfa svo vel að ég er miklu meira tilbúinn núna en fyrir síðasta bardaga. Ég er líka búinn að venjast því betur að æfa svona stíft og líkaminn er að aðlagast. Ég hef fundið að ég er að bæta mig mikið á öllum

sviðum. Í styrk, fótavinnu, tækni og þreki.“

Gunnar Kolbeinn hefur notið þess að geta æft aðeins með Skúla Ármannssyni sem keppti í atvinnumannabardaga í Bandaríkjunum árið 2008 og vann. Gunnar er 198 sentimetrar að hæð og 111 kíló og hefur vantað æfingafélaga í sama þyngdarflokki. Það hefur hann fengið með Skúla.

„Það var mjög gott að fá Skúla á æfingar en ég steig þrisvar í hringinn með honum. Það gerði gæfumuninn að fá Skúla en það hafa fáir boxað jafn margar lotur á æfingum á Íslandi og Skúli.“

Kolli er orðinn 27 ára gamall en hann keppti 37 sinnum í áhugamannahnefaleikum áður en hann fór í atvinnumannahnefaleikana. Aldurinn er ekki að vinna með honum og hann ætlar að reyna að komast eins langt og hann getur á sem skemmstum tíma. Það kallar á reglulega bardaga.

„Ég er að reyna að hafa átta vikur á milli bardaga á þessu ári. Sjálfs-traustið er í botni hjá mér eftir góða bardaga og fínar æfingar. Í fyrsta bardaganum var ég að sanna fyrir mér að ég gæti verið atvinnumaður

og í seinni bardaganum þurfti ég að sanna að fyrri bardaginn hefði ekki verið heppni. Nú þarf ég að halda áfram á sömu braut og ég ætla helst að keppa svo aftur í júní,“ segir Kolli ákveðinn.

Andstæðingur Kolla frá Hvíta-Rússlandi er talsvert minni en hann og um tíu kílóum léttari. Hann hefur barist tíu sinnum og aðeins unnið einu sinni. Er þetta ekkert of léttur andstæðingur?

„Nei, ég held nú ekki. Hann hefur tapað fyrir góðum strákum sem eru enn ósigráðir. Svo er þetta ekki upphaflegur andstæðingur heldur þriðja val. Við vorum með tvo aðra í sigtinu sem gátu ekki barist og þessi kemur því inn í staðinn. Hann er ekkert lamb að leika við. Óhræddur við að fara í tveggja metra einstakling með tveggja mánaða fyrirvara. Ég má ekkert við því að vanmeta þennan gaur. Ef allt er eðlilegt þá ætti ég samt að vinna hann,“ segir Kolli borubrattur en er stefnan að rota andstæðinginn?

„Ef það býðst að rota hann þá mun ég gera það. Það er alltaf best að enda bardaga á rothöggi en ef það gerist ekki þá er það í lagi svo lengi sem ég vinn.“

KOLLI
27 ára gamall

198 SENTIMETRAR AÐ HÆÐ

111 KÍLÓ

keppti 37 sinnum
Í ÁHUGAMANNNAHNEFALEIKUM

Prír bardagar
SEM ATVINNUMAÐUR

Næsti bardagi
laugardaginn 9. maí
gegn Hvít-Rússum
Artsiom Charniakovich

Getur ekki beðið

Gunnar Kolbeinn og hans teymi fljúga út til Finnlands á föstudag. Koma nánast beint í vigtunina og svo er bardaginn daginn eftir. Okkar maður er spenntur og segir að þetta verði bara skemmtilegra með hverjum bardaganum.

„Það er erfitt að útskýra tilfinninguna. Þetta er bæði skemmtilegt og gaman. Það er í raun og veru ólýsanleg upplifun að berjast og vinna. Ég get ekki beðið eftir þessu.“

Nýr og endurbættur vefur



fasteignir.is á **vísir.is**

Í DAG RENNA 
5 KRÓNUR

AF HVERJUM SELDUM LÍTRA TIL

ÍSÁÁ

LYKILLINN
AÐ LÆGRA
VERÐI



Álfurinn verður seldur milli 12 og 18 á stöðvum okkar í Skeifunni, á Bíldshöfða, Sprengisandi, Kaplakrika, Glerártorgi Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Sæktu um dælulykil á www.saa.is



DAGSKRÁ



20:30

MATARGLEÐI EVU

Í þessum þætti eldar Eva Laufey rétti sem vekja upp gamlar og góðar minningar hjá henni frá því í bernsku: Fiskrétturinn hennar mömmu, unaðslegur Mömmudraumur og svo fer hún í heimsókn upp á Akranes.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:55

BATTLE CREEK

Glæpaþættir með gaman-sömu ívafi sem fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalöglegu-menn en þeir hafa mismunandi skoðun á öllum hlutum!



21:40

THE BLACKLIST

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



22:25

THE FOLLOWING

Þriðja þáttaröðin um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.



21:00

THE NEWSROOM

Dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



22:00

NON-STOP


Spennynd með Liam Neeson og Julianne Moore í aðalhlutverkum og fjallar um fluglöglegu sem lendir í kröppum leik.



07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurnar alla daga á Krakkastöðinni.



STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
07.45 iCarly
08.05 The Middle
08.30 Masterchef USA
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 60 mínútur
11.00 It's Love, Actually
11.25 Jamie's 30 Minute Meals
11.50 Dads
12.10 Enlightened
12.35 Nágrannar Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
13.00 The Devil Wears Prada
14.50 Planet Hulk
16.10 The O.C.
16.55 Up All Night
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.40 Fóstbræður
20.05 Anger Management
20.30 Matargleði Evu Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunnni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni. Ferskt pasta, franskar makkaronur, humarsúpa, ítalskar kjöbollur, skyrkaka, brunch, barnamauk og matur fyrir þau yngstu, súkkuladökör, pestó, kjúklingasalöt eru dæmi um rétti sem Eva matreiðir í þáttunum. Eva leggur einnig ríka áherslu á matargerð frá grunnni og kennir áhorfendum að töfra þá fram á skemmtilegan hátt.
20.55 Battle Creek
21.40 The Blacklist Önnur spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna með því skilyrði að hann fengi að vinna með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen.
22.25 The Following
23.10 Person of Interest
23.55 Mad Men
00.40 Better Call Saul
01.25 Interview with the Vampire
03.25 The Devil Wears Prada
05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07:00** Barcelona - Bayern München
08:40 Meistarad. - Meistaramörk
08:55 Meistarad. - Meistaramörk
11:10 Sevilla - Real Madrid
12:55 Cordoba - Barcelona
14:35 Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
15:10 KR - FH
17:05 Barcelona - Bayern München
18:45 Meistarad. - Meistaramörk
19:00 Sevilla - Fiorentina
21:00 MotoGP 2015 - Spánn
22:05 UFC Now 2015
22:55 Napoli - Dnipro
00:35 Sevilla - Fiorentina

SPORT 2 enski boltinn

- 10:30** Leicester - Newcastle
12:10 Liverpool - QPR
13:50 West Ham - Burnley
15:35 Messan
16:30 Chelsea - Crystal Palace
18:20 Tottenham - Man. City
20:00 Premier League World
20:30 Aston Villa - Everton
22:15 Man. Utd. - WBA
23:55 Football League Show
00:25 Premier League Review

STÖÐ 3

- 18.50** Community
19.10 Last Man Standing
19.35 Hot in Cleveland
20.00 American Idol
21.25 Supernatural
22.10 The Lottery Spennuþættir sem gerast í heimi sem er í bráðri útrýmingarhættu vegna þess að konur geta ekki átt börn lengur vegna ófrjósemi. Þegar 100 fósturvísar verða frjóvgaðir fyrir ótrúlega heppni er ákveðið að stofna til þjóðhappadrættis sem á að skera úr hvaða konur fá að ganga með börnin. Þetta vekur misjöfn viðbrögð hjá þjóðinni og ýmsar siðferðislegar spurningar sem erfitt er að svara.
22.55 True Blood
23.55 Community
00.20 Last Man Standing
00.45 Hot in Cleveland
01.05 American Idol
02.30 Supernatural
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna
07.47 Latibær **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsinnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan
09.00 Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.22** Ljótí andarunginn og ég **10.47** Stóri og Litli **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.50** Latibær **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsinnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Lína Langsokkur **14.47** Stóri og Litli **15.00** Strumparnir **15.25** Ævintýri Tinna **15.50** Latibær **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsinnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.45** Tommi og Jenni **18.22** Ljótí andarunginn og ég **19.00** Hvítí kóalabjörninn

GULLSTÖÐIN

- 18.15** Friends
18.40 Modern Family
19.00 New Girl
19.25 The Big Bang Theory
19.50 1600 Penn
20.15 H8R
21.00 The Newsroom
22.00 Ally McBeal
22.45 Arrested Development
23.15 1600 Penn
23.40 H8R
00.20 The Newsroom
01.20 Ally McBeal
02.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 11.30** Mary and Martha
13.05 Spy Kids 4
14.35 Something's Gotta Give
16.45 Mary and Martha
18.20 Spy Kids 4
19.50 Something's Gotta Give Rómantísk gamanmynd með Jack Nicholson og Diane Keaton í aðalhlutverkum. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallgum, ungum konum. Hann er kominn af léttasta skeiði en lætur það ekki stoppa sig. Nýjasta kærastan er minnst helmingi yngri en hann og því er það heldur neyðarlegt þegar Harry fær hjartaáfall á heimili for-eldra stúlunnar. Móðir hennar kemur gamla kvennabósanum til aðstoðar í veikindunum og þá fer Harry að sýna á sér áður óþekktu hlið.
22.00 Non-Stop
23.50 Parkland
01.25 The Company You Keep
03.25 Non-Stop

INN

- 20.00** Hrafnabing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan Umsjón Páll Jóhann Pálsson **21.30** Suðurnesjamagasín - Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

RÚV

- 16.05** Matador
17.20 Stundin okkar
17.45 Kung Fu Panda
18.07 Nína Pataló
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Íþróttageinin mín - Vatnsrugby
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
19.55 Konunglegar kræsingar Danskur matreiðsluþáttur með konunglegu ívafi. Hinrik Danaprins opnar eldhúsið og leyfir áhorfendum að fylgjast með matarundirbúningi að konunglegum sið.
20.25 Ættartréð
20.50 Frú Biggs Bresk sjónvarpsþáttaröð byggð á sannsögulegum heimildum. Árið 1963 var eitt stærsta lestarrán sögunnar framið. Þættirnir segja sögu eigin konu eins þekktasta ræningjans, Ronnie Biggs. Tilhugalfífið, glæpurinn og afleiðingarnar sem hann hafði fyrir þau bæði. Aðalhlutverk: Sheridan Smith, Daniel Mays og Caroline Goodall.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Glæpahneigð
23.05 Camilla Läckberg: Hafíð gefur, hafíð tekur
00.35 Kastljós
00.55 Fréttir
01.10 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06:00** Pepsi MAX tónlist
08:00 Everybody Loves Raymond
08:23 Dr. Phil
09:06 The Talk
09:50 Pepsi MAX tónlist
13:20 Cheers
13:46 The Voice
15:21 The Voice
16:11 Black-ish
16:33 The Odd Couple
16:56 Survivor
17:39 Dr. Phil
18:21 The Talk
19:00 Minute to Win It Ísland
19:50 America's Funniest Home Videos
20:15 Royal Pains
21:00 Scandal
21:45 American Crime
22:30 Sex & the City Bráðskemmtileg þáttaröð um Carrie Bradshaw og vin-konur hennar í New York. Carrie, Samantha, Charlotte og Miranda eru ólíkar en tengjast órjúfanlegum böndum. Karlmennt og kynlíf eru þeim ofarlega í huga í þessum frábæru þáttum.
22:55 Californication
23:25 Law & Order
00:10 Allegiance
00:55 Penny Dreadful
01:40 Scandal
02:25 American Crime
03:10 Sex & the City
03:35 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00** World Golf Championship
15.35 PGA Tour 2015 - Highlights
16.30 Inside the PGA Tour
17.00 PGA Tour
23.00 Golfing World
23.50 Inside the PGA Tour
00.20 Dagskrárlök.

HRINGBRAUT

- 10.00** Mannamál (e) **10.45** Heimsljós (e) **11.15** 433.is (e) **11.45** Eðaltónar (e) **12.00** Mannamál (e) **12.45** Heimsljós (e) **13.15** 433.is (e) **13.45** Eðaltónar (e) **14.00** Mannamál (e) **14.45** Heimsljós (e) **15.15** 433.is (e) **15.45** Eðaltónar (e) **16.00** Mannamál (e) **16.45** Heimsljós (e) **17.15** 433.is (e) **17.45** Eðaltónar (e) **18.00** Mannamál (e) **18.45** Heimsljós (e) **19.15** 433.is (e) **19.45** Eðaltónar (e) **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins List **22.00** Þjóðbraut (e) **23.00** Sjónarhorn (e) **23.30** Lífsins list (e)

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

Nánari upplýsingar á 365.is

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

70% karla á aldrinum 35 - 44 ára
eru jákvæðir gagnvart Nýdönsk *

GALLUP

SKEMMTILEGUSTU LÖGIN

HARPA, ELDBORG 12. SEPTEMBER KL. 22
VALASKJÁL F 18. SEPTEMBER KL. 21
HOF 19. SEPTEMBER KL. 21

MD

LEIÐINLEGUSTU LÖGIN

HARPA, KALDALÓN 13. SEPTEMBER KL. 21
VALASKJÁL F 18. SEPTEMBER KL. 21
HOF 19. SEPTEMBER KL. 17

MIÐASALA HEFST Á HÁDEGI Í DAG · NÁNAR Á WWW.NYDONSK.IS

71% háskólamenntaðra treysta Nýdönsk
vel til að halda góða tónleika.

GALLUP

BESTI DRYKKURINN



Ef maður er þreyttur; kaffi, ef maður er þunnur; Aquarius, ef maður er í stuði; rauðvín. Vatn drekk ég svo af illri nauðsyn.

Alexandra Baldursdóttir, gítarleikari hljómsveitarinnar Mammút

Sveitin er sérvalin af meðlimum Queen

Flottasta Queen tribute-band heims, Queen Extravaganza, heldur tónleika í Eldborg 15. ágúst.

„Þeir segja um söngvarann að hann hljóti að vera afkvæmi Freddie Mercury, röddin hans er alveg fáránleg og þú heyrir næstum engan mun á þeim,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. Hingað til lands er á leiðinni stærsta Queen tribute-hljómsveit allra tíma, Queen Extravaganza, sem er samsett af Queen-meðlimunum þeim Roger Taylor og Brian May. Hljómsveitin er afrakstur netkeppni sem efnt var til fyrir rúmu ári. Guðbjartur segir þá Taylor og May hafa spilað með bandinu nokkrum sinn-

um, meðal annars í American Idol, og útilokar því ekki að þeir félagar gætu komið með. „Ég mun reyna að fá þá hingað, og hver veit nema þeir hugsi með sér að það væri upplagt að kíkja til Íslands og spila í ágúst. En ég ætla ekki að lofa neinu,“ segir Guðbjartur. Hann segir miklar kröfur hafa verið gerðar varðandi hljóðkerfi fyrir tónleikana og þurfti að fara vel yfir slík atriði áður en samningar gengu í gegn. Á hljómlaikunum verða líka sýndar sjaldgæfar kvikmyndir úr safni Queen.

- asi



ROSALEGIR Hljómsveitin gefur þeirri alvöru ekkert eftir.

54

FYRIR

Þú færð alltaf fimm pizzur á verði fjögurra í Iceland



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA

Iceland



GEFUR ÚT PLÖTU Birgir Örn gefur út sína fyrstu plötu í átta ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta platan í átta ár

Birgir Örn Steinarsson, sem flestir kannast við sem Bigga í Maus, gefur út sína fyrstu plötu í átta ár, fyrsta smáskífan er rapplag, flutt af uppáhaldsrappara Bigga.

Birgir Örn Steinarsson, sem er sjálf-sagt flestum kunnugur sem Biggi í Maus, gefur út sína fyrstu plötu í átta ár í sumar undir listamannsnafninu Bigital.

„Ég er bara nýbúinn að klára hana en er búinn að vera að vinna hana með hléum í átta ár, stundum tekið syrpu og stundum ekki. Stundum missir maður kjarkinn og stundum ekki og ég ákvað bara að klára þetta helvíti,“ segir Biggi hress.

Biggi er búsettur í Kaupmannahöfn og hafði samband við útgáfufyrirtækið Believe Digital. „Ég sendi á útgáfufyrirtæki hér og þeir hoppuðu á þetta og þá fékk ég nýjan byr undir báða vængi,“ segir hann alsæll en plötunni verður dreift á Spotify, Googleplay og Deezer um allan heim og kemur líka út á vönd.

Platan ber nafnið Ten Short Stories og er nafngiftin tengd efni plötunnar. „Það er tilvísun í það að hvert einasta lag hefur sína eigin sögu að segja og hver einasti texti er sér

saga. Tilfinningin í hverju lagi er ólík laginu á undan og laginu á eftir,“ segir hann um lög plötunnar en á plötunni syngja nokkrir söngvarar.

„Ég held að ég sé sögumaður í eðli mínu og ég hef alltaf verið að segja sögur,“ segir Birgir en hann hefur einnig reynt fyrir sér í handritagerð og skrifaði meðal annars handritið að kvikmyndinni Vonarstræti ásamt Baldvini Z sem hlaut góðar viðtökur og 12 Edduverðlaun í febrúar, meðal annars fyrir besta handritið. Hann er að auki búinn að skrifa tvö önnur handrit.

Tónlistina á plötunni segir hann talsvert ólíka Maus en fyrsta lagið sem kemur út af plötunni heitir Abstrakt! og er frumflutt á Vísi í dag.

Flytjandi lagsins og höfundur textans er rapparinn Heimir Björnsson úr sveitinni Skyttunum en Biggi segir hann tvímælalaust vera einn uppáhaldsrapparan sinn.

„Ég var búinn að vera að vand-

“Ég er bara nýbúinn að klára hana en er búinn að vera að vinna hana með hléum í átta ár, stundum tekið syrpu og stundum ekki.

ræðast með þetta lag lengi og búinn að reyna að syngja melódíur yfir það. Svo hugsaði ég með mér að þetta væri bara rapplag og ég er ekki að fara að rappa,“ segir hann og bætir við: „Maður gerir það ekki, það er alveg sér listgrein að rappa. Og maður hringir heldur ekki í rappara og biður hann um að rappa texta sem maður hefur samið sjálfur.“ Biggi gaf því Heimi frjálsar hendur með textann og er mjög ánægður með afraksturinn. „Ég hringdi strax í hann og hann hoppaði á þetta og sendi mér tveimur vikum seinna,“ segir Biggi ánægður að lokum.

gydaloa@frettabladid.is

Erpur treður upp á undan Snoop

Tíu ár eru síðan Blaz Roca hitaði upp fyrir Snoop. Býst við heljarinnar veislu.

„Þetta verður rosalegt,“ segir Erpur Eyvindarson rappari, einnig þekktur sem Blaz Roca, um partí sem bandaríski rapparinn Snoop Dogg mun halda hér á landi í júlí. Erpur hitaði einnig upp fyrir Snoop þegar hann kom hingað síðast, en það verða einmitt nákvæmlega tíu ár síðan Snoop tróð hér upp síðast. Uppákomann nú verður öðruvísi en tónleikarnir sem Snoop hélt síðast. „Þetta verður eiginlega eins og Palla-ball,“ segir Erpur og

vísar þar til balla sem Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari heldur. Erpur heldur áfram: „Snoop spilar þarna uppáhaldslögin sín og tekur lögin sín inni á milli. Ég er mjög spenntur að sjá hvaða lög hann mun spila og hvað hann er að pæla í tónlist. Þetta verður algjör veisla auðvitað. Þarna verða aðrir góðir gestir og fullt af dönsurum.“ Partíið með Snoop fer fram í Laugardalshöll þann 17. júlí. Miðasala er á midi.is.

- kak



HITAR UPP Erpur mun hita upp fyrir Snoop aftur en áratugur er síðan hann gerði það síðast.

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigríður Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólóf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jonatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

HANNYRÐADAGAR

PRJÓNAR ÞÚ ÞÉR
UTANLANDSFERÐ?

20%

**AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM HANNYRÐUM***

7. - 13. maí

Ístex kynnir nýja
prjónablaðið **LOPI 34**
(sýnishorn á staðnum)


A4 Smáralind
Fimmtudaginn 7. maí
Kl. 18:00-21:00

A4 Skeifunni
Föstudaginn 8. maí
Kl. 16:00-19:00

A4 Kringlunni
Laugardaginn 9. maí
Kl. 14:00-18:00

30%

**AFSLÁTTUR AF
Prjónablaðinu
LOPI 34**



Heppinn
viðskiptavinur sem
skilar inn kvittun fyrir
keyptu garni fær gjafabréf sem
gildir fyrir tvo fram og til baka
á heilsársáfangastaði
WOW air.

WOW
air

*Gildir á meðan birgðir endast, í öllum verslunum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum


www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á  Facebook og  Pinterest.com/A4fondur

A4

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hildur mikill aðdáandi Beyoncé

Hildur Lilliendahl opinberaði aðdán sína á söngkonunni Beyoncé á Facebook í gær. Birtu hún mynd af söngkonunni frá því á Met Gala á mánudag, þar sem hún skartaði hálfgegnsæjum kjól, og velti því fyrir sér hvers konar undur söngkonan væri og það ætti eiginlega ekki að vera hægt að vera svona glæsileg. Ekki voru allir sammála Hildi um þokka og hæfileika söngkonunnar og fannst einhverjum kjóllinn hennar óviðeigandi og öðrum fannst lítið til tónlistar hennar koma.



- asi

Vill í Vesturport

Leikarinn góðkunnur Jonathan Pryce er á tímamótum á ferli sínum. Þessi fjölhæfi leikari er sextíu og sjö ára gamall og hefur ákveðið að helga sig leikhúsinu á efri árum. Íslendingum er hann góðkunnur, hann fór með hlutverk í myndinni Borgríki. Hann segir frá því í viðtali við The Guardian að hann hugleiði að leika hlutverk Prospero í Shakespeare-verkinu Tempest, eða Ofviðrinu, með Vesturporti. „Allir aðrir myndu tala íslensku,



- kbg

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Æfði sig áður en hann grandaði vélinni
- 2 Verfallsaðgerðir sem eru í gangi
- 3 VR sýknað af kröfum Söru Lindar
- 4 Sendi bankanum bréf vegna fjárhagsvandamála foreldra sinna
- 5 Bandaríkin leggja fé til höfuðs leiðtogum ISIS
- 6 Ísland í dag: Ráðlagt að fara í fóstureyðingu en barnið fæddist heilbriggt

Barcelona er komin í

Heita potinn

49.000 kr.
báðar leiðir með tösku

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opíð virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177



Troðfull verzlun af
merkjavörum!

50%
70%

afsláttur
af öllum
vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...